

Umsögn um 683. mál, frumvarp til laga um efnahagsleg áhrif í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru.

Efnahags- og viðskiptanefnd

nefnadasvið@althingi.is

Almannaheill, samtök þriðja geirans, hafa haft takmarkað ráðrúm til að rýna umrætt frumvarp ríkisstjórnarinnar vegna heimsfaraldursins. Samtökin taka undir að verulegs átaks er þörf til að minnka áfallið fyrir fólk og félög í landinu. Efnahagslegu áhrifin verða eflaust mikil og margvísleg, eins og aðrar þjóðir hafa þegar upplifað.

Nokkur ákvæði umrædds frumvarps snerta starfsemi margra almannaheillasamtaka. Á einum stað er þeirra sérstaklega getið; þau eiga að njóta endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað, hönnun og eftirlits, líkt að margir aðrir aðila eins og segir í frumvarpinu:

"Endurgreiða skal mannúðar- og líknarfélögum, íþróttafélögum, björgunarsveitum, landssamtökum björgunarsveita og slysavarnadeildum og einstökum félagseiningum sem starfa undir merkjum samtakanna 100% þess virðisaukaskatts sem þessir aðilar hafa greitt vegna vinnu manna sem innt er af hendi á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu þeirra. Á sama hátt skal endurgreiða þeim aðilum sem falla undir 1. másl. virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu á slíku mannvirki."

Almannaheill telja að þessi endurgreiðsla til almannaheillasamtaka ætti að vera víðtækari en hér er gert ráð fyrir--almennt af aðföngum--eins og samtökin hafa oft áður lagt til, m.a. í bréfi til starfshóps fjármálaráðherra um skattamál félaga í þriðja geiranum fyrir nokkrum mánuðum síðan.

Í frumvarpinu hefði ennfremur mátt taka upp einhverjar af þeim tillögum sem starfshópurinn hefur gert til að laga skattaumhverfi almannaheillasamtaka betra og sambærilegra við það sem gerist í helstu samanburðarlöndum okkar. Eins og fram kemur í skýrslu hópsins eru skattfríðindi íslenskra almannaheillasamtaka almennt mun minni en hliðstæðra samtaka í nágrannalöndunum.

Ljóst er að yfirstandi faraldur mun hafa gríðarleg áhrif á starfsemi fjölmargra íslenskra almannaheillasamtaka. Almannaheill hafa fengið fjölmargar ábendingar um að fjáröflum margra þessara samtaka hafi hreinlega hrunið í faraldrinum. Venjulegar tekjuöflunarleiðir félaganna hafa margar hverjar lokast. Um leið hefur súrefni félaganna til nauðsynlegs starfs minnkað.

Í ástandi eins og nú ríkir er starf margar almannaheillasamtaka mun mikilvægara en áður. Þeirra hlutverk er að styðja við ýmsa hópa sem greinilega verða fyrir barðinu á veirufárinu. Þau eru öll að vilja gerð--t.d. við að styðja við aldraða, sjúka, fatlaða og fátæka--en hafa takmarkaða möguleika til öflugra verka vegna breyttra aðstæðna.

Reynsla almannaheillasamtaka í öðrum löndum eins og hér á landi hefur verið sú að fjármagn og framboð af sjálfbóðaliðum hefur stórlega minnkað á undanförunum vikum. Ef félagasamtökin veikjast vegna minnkandi tekna, og geta t.d. ekki haldið starfsmönnum, munu þau ekki geta sinnt þeim hlutverkum sem mikil nauðsyn er á að þau sinni við þessar erfiðu aðstæður í samfélaginu.

Almannaheill beina því til efnahags- og viðskiptanefndar að nefndin skoði vandlega möguleika á að breyta fyrirbyggjandi frumvarpi í því skyni að efla möguleika almannaheillasamtaka til að glíma við afleiðingar þess erfiða ástands sem ríkir í samfélaginu.

Virðingarfyllt,

F.h. Almannaheilla, samtaka þriðja geirans.

Jónas Guðmundsson



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. mars 2020
Tilvísun: 202003-28/29

Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru og frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020, 683. og 695. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru og frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020, 683. og 695. mál.

Almennar athugasemdir:

Afleiðingar heimsfaraldurs kórónaveiru munu á næstu vikum og mánuðum hafa veruleg áhrif á allar stoðir samfélagsins og reyna mun með áður óþekktum hætti á heilbrigðisþjónustu, heimili, efnahags- og atvinnulíf. Við þessar aðstæður leggur Alþýðusamband Íslands megin áherslu á að stjórnvöld skapi þær aðstæður sem tryggja að fólki og fyrirtækjum sé ávallt kleift að forgangsraða í þágu heilsu og öryggis sjálfs síns og samborgara sinna án þess að fjárhagslegri afkomu sé ógnað. Þá er við þessar aðstæður mikilvægt sem aldrei fyrr að standa vörð um grunninnviði hins opinbera í heilbrigðis- mennta- og velferðarkerfinu. Hinir félagslegu innviðir eru og verða einn af styrkleikum okkar og samkeppnisforskot í að takast á við félagslegar- og efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldursins og þau stóru verkefni sem þrátt fyrir allt bíða okkar að honum yfirstöðnum við umbreytingar á vinnumarkaði og við að ná tökum á loftslagsbreytingum.

Mikilsvert var að Alþingi samþykkti í liðinni viku lög sem tryggja afkomuöryggi fyrir fólk sem taka þarf á sig skert starfshlutfall eða fara í sóttkví vegna veirunnar. Enn eru þó hópar sem ekki hefur verið tryggt afkomuöryggi þ.m.t. launafólk sem ekki getur sótt vinnu vegna skerts skólustarfs í grunn- og leikskólum og launafólk í sérstakri áhættu vegna alvarlega undirliggjandi sjúkdóma sem fer í sóttkví að tilmælum læknis þótt það hafi ekki verið skyldað í sóttkví af heilbrigðisyfirvöldum. ASÍ ítrekar afstöðu sína varðandi mikilvægi þess að eyða óvissu um afkomu þessara hópa. [Sjá nánar umsögn ASÍ um mál nr. 667](#) – tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví.

Í ljósi þess mikla atvinnuleysis sem vænta má á næstu mánuðum sem mun hafa veruleg áhrif á afkomu fjölmargra heimila er nauðsynlegt að stjórnvöld horfi til þess að hækka nú þegar



fjárhæðir atvinnuleysisbóta, en grunnbætur eru í dag kr. 289.510 á mánuði sem er umtalsvert lægra en lægstu laun sem nema 335.000 krónum frá 1. apríl n.k. og tekjutengdar atvinnuleysibætur fyrstu 3 mánuði í atvinnuleit sem eru að hámarki kr. 456.404. Það þýðir að einstaklingur á meðallaunum á vinnumarkaði nær ekki 70% af tekjum sínum á tímabili tekjutengingar líkt og lagt er upp með. Hækkun bótafjárhæða nú drægi verulega úr líkum á að einstaklingar og fjölskyldur sem verða fyrir atvinnumissi vegna aðstæðna lendi í íþyngjandi fjárhagserfiðleikum til lengri tíma og styður á sama tíma við kaupmátt heimilanna sem skiptir sköpum til að ná viðspyrnu í efnahagslífinu á ný sem fyrst.

Þá telur ASÍ mikilvægt að skattayfirvöldum verði tryggð þau úrræði sem til þarf til að fylgja því eftir að fyrirtæki uppfylli skilyrði greiðslufrests opinberra gjalda og tryggingagjalds sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Sömuleiðis verð tryggt að eftirlit verði haft með framkvæmd á veitingu ríkisábyrgðar til fyrirtækja og jafnræði tryggt varðandi útfærslu þeirra skilyrða sem sett verða fyrir slíku. Þá verði opinber fjárstuðningur háður þeim skilyrðum að ekki sé greiddur arður úr viðkomandi fyrirtækjunum næstu tvö árin. ASÍ leggur jafnframt áherslu á að ekki verði stutt með opinberri fyrirgreiðslu við fyrirtæki sem stunda skipulögð kjarasamningsbrot og launabjófnað.

Ljóst er að aðstæður og mat á nauðsynlegum inngripum og aðgerðum stjórnvalda breytist ört þessa dagana. Mikilvægt er að stjórnvöld endurmeti, aðlagi og bæti í ráðstafanir sínar til samræmis við það svo takmarka megi eins og kostur er afleiðingar heimsfaraldursins á heilsu, velferð og afkomu almennings. ASÍ ítrekar einnig mikilvægi þess að víðtækt samráð sé haft við fulltrúa launafólks í þeim verkefnum sem framundan eru við að takmarka afleiðingar og í framhaldinu endurreisa og byggja upp til framtíðar.

Athugasemdir vegna einstakra ákvæða frumvarps til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru, 683. mál.:

3. gr. b - Barnabótaauki

Frumvarpið gerir ráð fyrir greiðslu sértaks barnabótaauka sem greiddur verði út við álagningu opinberra gjalda á árinu 2020 þ.e. þann 1.júní n.k. Barnabótaaukinn skal vera kr. 40.000 á hvert barn undir 18 ára aldri til einstæðra foreldra og hjóna/sambúðaraðila þar sem tekjuhærri maki hefur undir 927.087 kr. í tekjur á mánuði við álagningu 2020 en kr. 20.000 séu tekjur yfir þeim mörkum. Sú leið sem hér er farin veldur í fyrsta lagi miklum jaðaráhrifum þar sem barnabótaauki helmingast fari tekjur yfir ákveðna krónutölu. Í öðru lagi hefur sú regla að horfa einungis til tekjuskattsstofns tekjuhærri sambúðaraðila, en ekki á samanlagðan skattstofn samskattaðra líkt og almennt gildir við ákvörðun barnabóta, það í för með sér að samsetning tekna sambúðaraðila hefur veruleg áhrif á ákvarðaðan barnabótaauka. Þannig fengju t.a.m. hjón þar sem báðir aðilar hafa kr. 900.000 í tekjur á mánuði þ.e. samanlagður tekjuskattsstofn kr. 1.800.000 – kr. 40.000 í barnabótaauka á hvert barn en hjón þar sem annað hefur 930.000 í tekjuskattsstofn og hitt 300.000 eða samtals



1.230.000 fengju einungis 20.000 kr. Í þriðja lagi miðast barnabótaaukinn við tekjur ársins 2019 en vegna breyttra aðstæðna munu tekjur margra heimila lækka verulega á komandi mánuðum. Því hefði verið æskilegra að miða barnabótaaukann við tekjur sem eru nær í tíma.

Í ljósi þess aukna álags og afkomuóvissu sem við barnafjölskyldum blasir telur ASÍ nauðsynlegt að stjórnvöld horfi til þess að styrkja almenna barnabótakerfið með auknum fjárframlögum. ASÍ leggur áherslu á að barnabótakerfið verði eftt til að jafna framfærslubyrði lág- og millitekjufjölskyldna með börn. Til að svo megi verða þarf að draga frekar úr tekjuskerðingum og tryggja að bótafjárhæðir og skerðingarmörk fylgi verðlags- og launaþróun yfir tíma.

5. gr. – Virðisaukaskattur af vinnu

Með ákvæðinu er húsbyggjendum og eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsa tryggð 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við nýframkvæmdir og viðhald auk vinnu vegna hönnunar og eftirlit slíks húsnæðis. Þá nær heimildin einnig til framkvæmda og viðhalds á vegum félaga og félagasamtaka sem starfa að almannaheill (þriðji geirinn). Að auki geta eigendur og leigjendur íbúðarhúsnæðis fengið endurgreiðslu 100% virðisaukaskatts sem greiddur er af vinnu vegna heimilisprifa og reglulegrar umhirðu íbúðarhúsnæðis. Ákvæði þessi gildi til ársloka 2020. ASÍ styður umrædda heimild með vísan til reynslu af sambærilegu verkefni undir yfirskriftinni Allir vinna – í kjölfar efnahagshrunsins. ASÍ bendir á að ákvæðið nær að því er virðist ekki til stéttarféлага sem rekin eru með almannahag að leiðarljósi og án hagnaðarsjónarmiða en slíkt væri æskilegt og myndi örva framkvæmdir við orlofshús félaganna í sumar.

7.gr. - Heimild til úttektar á séreignarsparnaði

Samkvæmt ákvæðinu verður heimilt að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar á tímabilinu 1. apríl 2020- 1. janúar 2021. Heimilt er að greiða út allt að 800.000 kr. á mánuði í 15 mánuði eða samtals 12 milljónir króna án sérstakra skilyrða. Hér er því um nokkuð rúma heimild til nýtingar á séreignarlífeyrissparnaði að ræða en í þessu samhengi má benda á að nú þegar hafa heimildir til að nýta séreignarsparnað til annars en lífeyrisgreiðslna gengið verulega á þriðju stoð lífeyriskerfisins. Þá liggur fyrir að tekjulægsti hópurinn á vinnumarkaði er sá sem síst hefur tök á að leggja fyrir séreignarsparnað og því mun þessi heimild síst nýtast þeim sem kunna að lenda í hvað mestum afkomuvanda á næstu mánuðum.

9. gr. – Lækkun á bankaskatti flýtt

Lagt er til að áður lögfestri lækkun bankaskatts í þrepum á árunum 2021-2024 verði flýtt þannig að skatturinn lækki í 0,145% þegar á árinu 2021. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (4. mál) sem samþykkt var á Alþingi í desember sl. var breytingin talin auka líkur á lækkun á kostnaði fyrir viðskipavini bankanna í formi lægri vaxta á útlánum og hærri vaxta af innlánum. ASÍ telur óljóst með hvaða hætti tryggja eigi að þau markmið skili sér til neytenda og bendir í því samhengi m.a. á umfjöllun í



skýrslu Gylfa Zoega um stöðu efnahagsmála sem unnin var að beiðni stjórnvalda í aðdraganda kjarasamninga haustið 2018. Í skýrslunni er bent á að bankar sem njóti fákeppnisstöðu geta í skjóli hennar haft meiri vaxtamun og hærri þjónustugjöld en bankar sem búa við meiri samkeppni. Þá er í skýrslunni bent á að íslenskt bankakerfi virðist dýrara í rekstri en sambærilegir bankar annars staðar á Norðurlöndunum og að fyllsta ástæða sé til þess að samkeppnisyfirvöld rannsaki þau kjör sem almenningi býðst hjá viðskiptabönkunum hér á landi og grípi til aðgerða ef í ljós komi að samkeppni sé áfátt. ASÍ áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld tryggi að áformuð lækkun bankaskatts skili sér í bættum viðskiptakjörum heimila og fyrirtækja hjá fjármálastofnunum og brýnir stjórnvöld í að taka mið af þessum ábendingum og láta framkvæma slíka rannsókn hið fyrsta.

11. gr. – Frestun á fasteignaskatti

Samkvæmt ákvæðinu er sveitarfélögum gert að fresta allt að þremur greiðslum fasteignaskatts á tímabilinu frá 1. apríl – 1. desember 2020 hjá fyrirtækjum í tímabundnum rekstrarerfiðleikum sem þess óska. ASÍ bendir í þessu samhengi á mikilvægi þess að sveitarfélögum verði einnig gert að sýna sanngirni og sveigjanleika gagnvart heimilum sem lenda í greiðsluferfiðleikum vegna stöðunnar sem nú er uppi, bæði hvað varðar innheimtu fasteignaskatta sem og önnur þjónustugjöld ss. vegna skóla, leikskóla eða frístundastarfs. Þá er mikilvægt að beina því til sveitarfélaga að ekki verði innheimt gjöld fyrir þjónustu sem skert er vegna yfirstandandi aðstæðna.

Athugasemdir vegna frumvarps til fjárukalaga fyrir árið 2020, 695. mál.:

Fjölskyldumál

Sjá umfjöllun um 3 gr. b – Barnabótaauka og barnabætur hér að ofan

Sérstakar fjárráðstafanir

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að flýta eins og kostur er opinberum fjárfestingum og undirbúningi þeirra sem hægt er að hefja þegar á þessu ári. Þá leggur ASÍ áherslu á að í því fjárfestingarátaki sem boðað er á árunum 2021-2023 horfi stjórnvöld til þess að nýjar stoðir tækni, nýsköpunar og grænna lausna verði byggðar undir atvinnulífið. Horft verði til fjölbreyttra fjárfestingaverkefna með áherslu á uppbyggingu og viðhald bæði efnahags- og félagslegra innviða og ekki síður verkefni sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda ss. hraðari uppbyggingu almenningsgangna og borgarlínu og öðrum aðgerðum sem stuðla að orkuskiptum. Þá er mikilvægt að opinber fjárfesting verði nýtt með markvissum hætti til að auka fjölbreytileika atvinnulífs með áherslu á uppbyggingu grænna starfa, nýsköpun, tækniþekkingu og rannsóknir og þróun t.d. á sviði heilbrigðisvísinda. Við fjárfestingaáætlanir verði tekið tillit til kynja- og byggðasjónarmiða og sjálfbærni höfð að leiðarljósi.



Heilbrigðisþjónusta

Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir auknum útgjöldum til heilbrigðismála þrátt fyrir verulega aukið álag og á heilbrigðisþjónustuna vegna heimsfaraldurs. ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld sendi nú þegar skýr skilaboð um að heilbrigðisþjónustunni verði tryggð nauðsynleg fjárframlög og önnur úrræði til að mæta auknu álagi og verkefnum vegna faraldursins. Ekki má koma til þess að skera þurfi niður í hefðbundinni starfsemi heilbrigðiskerfisins og draga úr annarri nauðsynlegri þjónustu vegna fjárskorts af völdum aukinna verkefna sem fylgja heimsfaraldri kórónuveirunnar. Verði það raunin munu afleiðingar faraldursins dragast á langinn og valda uppsöfnuðum vanda innan heilbrigðiskerfisins og samfélagsins alls sem erfitt getur reynst að vinna á.

Vinumarkaður og atvinnuleysi

Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir aukinni fjárheimild vegna vaxandi atvinnuleysis og nýsamþykktra laga um hlutabætur atvinnuleysistrygginga á móti skertu starfshlutfalli sem munu auka útgjöld vegna málaflokksins verulega umfram fjárlög. ASÍ leggur að auki ríka áherslu á mikilvægi þess að fjármagna markvissar vinnumarkaðsaðgerðir hið fyrsta til að koma í veg fyrir langtímaafleiðingar af fyrirséðri fjölgun atvinnuleitenda, m.a. með því að auka námstækifæri atvinnuleitenda.

Meðfylgjandi að neðan er ályktun miðstjórnar ASÍ frá 21. mars síðastliðnum um aðgerðir til að bregðast við afleiðingum COVID 19 faraldursins.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ



Ályktun miðstjórnar ASÍ um aðgerðir til að bregðast við afleiðingum COVID 19 faraldursins

Reykjavík 21. mars 2020

Fyrstu efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bregðast við afleiðingum COVID 19 faraldursins miða að því að tryggja lágmarkslaun fyrir fólk sem taka þarf á sig skert starfshlutfalli eða fara í sóttkví vegna veirunnar. Niðurstaða lagasetningarinnar er betri en frumvörpin gáfu til kynna í upphafi og að töluverðu leyti var komið til móts við athugasemdir vinnandi fólks. Ljóst er þó að frekari aðgerða er þörf ef koma á í veg fyrir fjöldauppsagnir og fjárhagserfiðleika heimila í landinu. Lykillinn að farsælli endurreisn samfélagsins liggur í stuðningi við almenning og kaupmátt hans og uppbyggingu atvinnulífs sem er grundvallað á jöfnuði, sjálfbærni, nýsköpun og samfélagslega ábyrgum gildum. Sú mikla óvissa og óöryggi sem skapast hefur um afkomu launafólks afhjúpar með skýrum hætti mikilvægi formlegra ráðningarsambanda sem ramma inn skyldur atvinnurekenda og yfirvalda þegar hriktir í stoðum efnahagslífsins. Kjarasamningar og þau afkomutryggingakerfi sem launafólk hefur barist fyrir reynast við þessar aðstæður vera sú vörn sem mestu máli skiptir. Miðstjórn ASÍ telur eftirfarandi aðgerðir nauðsynlegar til skemmri og lengri tíma:

Tryggjum afkomu- og búsetuöryggi

Að þegar í stað verði úrræði tryggt fyrir **launafólk sem ekki getur sótt vinnu vegna skerts skólastarfs** barna sinna. Jafnframt verði tryggt að launafólk í sérstakri áhættu vegna alvarlega undirliggjandi sjúkdóma geti átt rétt á bótum fari það í sóttkví að tilmælum læknis þó það hafi ekki verið skyldað í sóttkví af heilbrigðisfyrvöldum. ASÍ gerði kröfu til þess að til þessara hópa yrði tekið tillit við afgreiðslu laga um laun í sóttkví en ekki var við því orðið.

Að grunnatvinnuleysisbætur og tekjutengdar **atvinnuleysisbætur verði hækkaðar** til að mæta þeim sem verða án atvinnu í lengri tíma.

Að **barnabótakerfið verði styrkt til framtíðar** með auknum framlögum.

Að gefin verði út tilmæli til opinberra aðila, sveitarfélaga, leigufélaga og fjármálastofnanna að sýna **sanngirni og sveigjanleika varðandi greiðslufresti** á meðan mesta óvissan stendur yfir, innheimtukostnaður og dráttarvextir verði ekki lagðir á vanskil og fólki gefist tækifæri til að dreifa greiðslum.



Að ef ákveðið verði að veita fyrirtækjum ríkisábyrgð á skuldum sínum gerir ASÍ kröfu um að ríkisstjórn Íslands veiti **heimilum sem lenda í greiðsluerfiðleikum ríkisábyrgð** með sama hætti hvort sem er vegna húsnæðislána, bílalána eða annarra íþyngjandi skuldbindinga.

Að heimilum **gefist kostur á að fresta greiðslu opinberra gjalda** vegna greiðsluerfiðleika með sama hætti og fyrirtækjum. Sveitarfélög skoði að mæta íbúum með frestun á greiðslu fasteignagjalda tímabundið.

Að **komið verði í veg fyrir að heimili landsins greiði kostnað við verðbólgu** í gegnum lánin sín vegna gengisfalls krónunnar. Verðtrygging lána verði fryst tímabundið þannig að möguleg aukin verðbólga birtist ekki í hækkun á verðtryggðum höfuðstóli húsnæðislána og aukinni greiðslubyrðu. ASÍ vill vekja athygli á að hefðbundið neyslumynstur er ekki í neinu samræmi við það neyslumynstur sem fólk hefur þurft að temja sér við þær óvenjulegu aðstæður sem skapast hafa vegna COVID 19.

Að framkvæmd **hlutdeildarlána og fjölgun almennra íbúða** verði hraðað. Til að örva húsnæðismarkaðinn og stuðla að húsnæðisöryggi allra hópa verði lagasetningu og framkvæmd fyrirhugaðra hlutdeildarlána fyrir fyrstu kaupendur og þá sem ekki hafa átt húsnæði síðastliðin fimm ár hraðað eins og nokkur kostur er. Þá verði framlög til almenna íbúðakerfisins aukin umfram núverandi áætlanir til að flýta uppbyggingu kerfisins og útvíkka markhóp þess.

Verjum grunnstoðirnar

Að opinber **fjárstuðningur til fyrirtækja verði þeim skilyrðum háður að ekki sé greiddur arður** úr þeim fyrirtækjum næstu tvö árin. Grunnstoðir verði tryggðar, heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi sem rekin eru með skattgreiðslum séu ávallt rekin með velferð allra í huga og án hagnaðarsjónarmiða.

Að **ríkissjóður afsali sér ekki tekjum að nauðsynjalausu** svo sem með því að flýta afnámi bankaskatts.

Að tryggt sé **að grunnþjónusta sveitarfélaga séu í stakk búnar** til þess að mæta auknu álagi og takast á við aðstæður á hverjum stað. Ekki verði innheimt gjöld fyrir þjónustu sem skert er vegna tímabundinna aðstæðna vegna COVID 19.

Að **heilbrigðiskerfinu verði tryggt nauðsynleg fjárframlög** og önnur úrræði til að mæta auknu álagi og verkefnum vegna faraldursins. Ekki má koma til þess að skera þurfi niður í hefðbundinni starfsemi heilbrigðiskerfisins og draga úr annarri nauðsynlegri þjónustu vegna fjárskortis af völdum aukinna verkefna sem fylgja COVID 19. Verði það raunin munu afleiðingar faraldursins dragast á langinn og valda uppsöfnuðum vanda innan heilbrigðiskerfisins og samfélagsins alls sem erfitt getur reynst að vinna á.

Endurreisum og byggjum til framtíðar

Að komið verði á **átaki í vinnumarkaðsaðgerðum með skjóttum og markvissum aðgerðum** til að tryggja afkomuöryggi og þjónustu við þann hóp sem missir störf sín við vegna aðstæðna. Að settur verði á fót sérstakur starfshópur nú þegar með stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnun, skólakerfinu og öðrum fræðsluaðilum til að koma með tillögur að árangursríkum verkefnum sem hægt er að koma á fót með skömmum fyrirvara til að styðja við aukinn fjölda atvinnulausra. Í því samhengi verði sérstaklega horft til þess hvaða lærdóm megi draga af verkefnum



eins og „Vinnandi vegur“ sem sett var á í kjölfar efnahagshrunsins. Við skipulag og fjármögnun verkefna verði sérstaklega gætt að því að þau nýtist viðkvæmum hópum á vinnumarkaði og tekið verði mið af kynja- uppruna- og byggðasjónarmiðum. Einnig verði hugað að afkomu og úrræðum fyrir þann vaxandi hóp launafólks sem hefur ótryggt ráðningarsamband eða hefur afkomu sína af verkefnatengdri vinnu án afkomutryggingar.

Að lífeyrissjóðirnir taki þátt í uppbyggingunni með fjárfestingum í nýsköpun og öðrum samfélagslega ábyrgum fjárfestingakostum

Að 100% endurgreiðsla af virðisaukaskatti vegna vinnu verði útvíkkaður enn frekar með tilliti til þeirra starfsgreina og starfsstétta sem verða harðast úti í samdrættinum, hvort sem vinnan er innt af hendi innan heimila eða utan.

Að við endurskoðun fjármálastefnu og framlagningu fjármálaáætlunar tryggi stjórnvöld að **jafnvægi sé milli efnahagslegs- og félagslegs stöðugleika**. Ekki verði farin sú leið að draga úr styrk og uppbyggingu félagslegra innviða- og stuðningskerfa og veikja þau við núverandi aðstæður. Slíkt er dýrkeypt til lengri tíma. Hinir félagslegu innviðir eru og verða einn af styrkleikum okkar og samkeppnisforskot í þeim stóru verkefnum sem þrátt fyrir allt bíða okkar við umbreytingar á vinnumarkaði og við að ná tökum á loftslagsbreytingum. Aukning í opinberum fjárfestingum er mikilvægt innlegg til að örva efnahagslífið og undirbyggja velferð til framtíðar. Nauðsynlegt er að horft verði til fjölbreyttra verkefna og sviða í þeim efnunum sem stuðli að nýsköpun í atvinnulífi og grænum lausnum.

Að skattkerfið verði nýtt með markvissum hætti til frekari tekjujöfnunar. Gerðar verði frekari breytingar á skattkerfinu sem miða að því að styrkja tekjuöflunar- og tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins. Þá verði horft sérstaklega til þess hvernig beita megi grænum sköttum og efnahagslegum mótvægisáðgerðum til að draga úr loftslagsáhrifum og samhliða auka jöfnuð og koma í veg fyrir neikvæð íþyngjandi áhrif á útsetta hópa.

Að nýjar **stoðir tækni, nýsköpunar og grænna lausna verði byggðar** undir atvinnulífið með fjárfestingaráætlun stjórnvalda. Horft verði til fjölbreyttra fjárfestingaverkefna í nýrri fjárfestingaráætlun stjórnvalda sem boðuð hefur verið. Áhersla verði á uppbyggingu og viðhald bæði efnahags- og félagslegra innviða og ekki síður verkefni sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda ss. hraðari uppbyggingu almenningsgangna og borgarlínu og öðrum aðgerðum sem stuðla að orkuskiptum. Þá er mikilvægt að opinber fjárfesting verði nýtt með markvissum hætti til að auka fjölbreytileika atvinnulífs með áherslu á uppbyggingu grænna starfa, nýsköpun, tækniþekkingu og rannsóknir og þróun t.d. á sviði heilbrigðisvísinda. Við fjárfestingaráætlunir verði tekið tillit til kynja- og byggðasjónarmiða auk sjálfbærni.



BÍLGREINASAMBANDIÐ

Fjármála- og efnahagsráðunetið

Bt: Bjarna Benediktssonar

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

23.03.2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Þingskjal 1157, mál nr. 683.



Lagt hefur verið fyrir frumvarp til laga með margvíslegum aðgerðum til að aðstoða þjóðina, bæði fyrirtæki og einstaklinga, í gegnum þann heimsfaraldur sem kórónuveiran COVID-19 er að hafa. Bílgreinasambandið vill byrja á því að þakka fyrir skjót viðbrögð ríkisstjórnarinnar og þann vilja að vilja grípa strax til aðgerða og skilning á því að betra er að gera meira enn minna til að við sem þjóð verðum fyrir sem minnstu efnahagslegu áfalli.

„Allir vinna“ bílgreinar þátttakandi

Bílgreinasambandið vill samt sem áður koma til skila ábendingu er varðar **V. kafla frumvarpsins, breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988**. Mikilvægt er að útvíkka verkefnið „Allir vinna“ til eigenda ökutækja og að þeir geti á sama hátt og með íbúðarhúsnæði sitt sótt endurgreiðslu af virðisaukaskatti vegna vinnu viðgerða á ökutæki sínu. Þeir sem fara með ökutæki sín á bílaverkstæði, hvort sem er í bílaviðgerð, bílamálningu og/eða bílaréttingu geti sótt í kjölfarið um endurgreiðslu á virðisaukaskatti á þeirri vinnu sem framkvæmd er. Endurgreiðsla væri að sjálfsögðu háð framlagningu fullgildra reikninga frá seljanda þjónustunnar, þar sem verður seljandi þjónustunnar að vera skráður á virðisaukaskattskrá á þeim tíma sem vinnan er innt af hendi.

Árið 2010 hleyptu stjórnvöld af stokkunum áttakinu Allir vinna til að vekja athygli á endurgreiðslu virðisaukaskatts og skattafrádrætti vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði og frístundahús. Átakið þótti gefast vel því verulega dró úr atvinnuleysi. Það var einnig markmiðið með verkefninu árið 2010 og nú að draga úr svartri atvinnustarfsemi. Með verkefninu var ekki tekið tillit til ökutækja og viðhalds þeirra sem leiddi til þess að fjöldi fólks í bílgreinum misstu vinnuna og á sama tíma færðust verkin inn í svart hagkerfi. Það er mikilvægt fyrir ríkið að fá tekjuskatt vegna launa og virðisaukaskatt af varahlutasölu sem er samofin viðgerðum ökutækja. Varahlutasala er oft stór hluti af hverjum reikningi og má gera ráð fyrir að af jafnaði sé 50% af reikningum vegna bílaviðgerða varahlutir.

Í dag eru yfir 4.000 einstaklingar starfandi í bílgreinum á Íslandi. Það má glöggst sjá að ef við berum saman þessi tvö gröf hér neðar að bæði byggingariðngreinar og bifreiðaiðngreinar urðu fyrir höggi árið 2009. En á sama tíma að þá virðist sem hlutfall atvinnulausra með menntun í byggingariðngreinum hafa náð sama jafnvægi og fyrir árið 2009 en ekki er sama hægt að segja um þá sem eru menntaðir í bifreiðaiðngreinum. Ekki hefur atvinnuleysi þeirra sem hafa þá menntun náð sér á jafnvægi miðað við tölur fyrir árið 2009 heldur erum við einnig farin að sjá það rísa síðastliðin 3-4 ár aftur. Því er enn mikilvægara að grípa til aðgerða strax.



Ef við horfum á tölurnar frá atvinnugreinasjónarhorni þá sjáum við það sama. Atvinnugreinar innan byggingu húsnæðis og þróun byggingaverkefna hefur meira að segja lækkað frá þeim tölum sem voru fyrir árið 2009 en ekki getum við sagt það sama varðandi atvinnugreinina sölu, viðgerðir og viðhald vélknúna ökutækja og tengivögnum. Þar er hlutfall atvinnulausra enn hærra en fyrir árið 2009 og fer hækkandi.



Með þessum tölum getum við dregið þá ályktun að verkefnið Allir vinna hafi skilað þar til gerðum árangri fyrir byggingagreinar og þá sem eru menntaðir innan hennar og mikilvægt er að yfirfæra það á viðgerðir ökutækja og hjálpa þar með atvinnurekendum í bílaviðgerðum að halda sem flestum í vinnu þrátt fyrir minni eftirspurn.

Í aðgerðaráætlun stjórnvalda sem kynnt var í Hörpu laugardaginn 21. mars var komið fram með lið sjö sem felur í sér að allir íbúar á Íslandi eldri en 18 ára fái stafrænt gjafabréf til að ferðast innanlands. Markmiðið er að auka ferðalög um landið og styðja þannig við innlenda eftirspurn. Það er Bílgreinasambandinu mikið hjartans mál að einstaklingar ferðist um á öruggum ökutækjum um landið okkar. Höfum við verið að berjast fyrir því að stjórnvöld yti undir förgun eldri ökutækja vegna þess hve nýrri ökutæki eru öruggari á vegum landsins. Í þessu samhengi teljum við það gríðarlega mikilvægt að áður en þjóðin ferðast um landið í sumar að þeir aðilar sem munu yfirfara ökutækin fyrir ferðalagið séu með réttan búnað, menntun og varahluti til að tryggja öryggi okkar allra. Með því að bílgreinar taki þátt í verkefninu Allir vinna erum við að sporna við því að þessar viðgerðir og yfirhaling ökutækja fari fram í svörtu hagkerfi í bílskúrum landsins. Einnig væri verið að tryggja vinnu á bílaverkstæðum næstu mánuðina.

Samandreginir áherslupunktur:

- Ef bílafyrirtæki setja marga bifvélavirkja í hlutastörf er hætt við að þeir fari í „svarta vinnu“ sem alls ekki má gerast.
- Allir vinna mun skila tekjuskatti og skila virðisaukaskatti af varahlutasölu. Varahlutasala er oft stór hluti af reikningi.
- Fækkar mjög uppsögn, bílgreinin er mjög mannaflafrek. Sem dæmi eru um allt að 75% starfsmanna innan bílaumboða að vinna við þjónustu, varahluti og viðgerðir ökutækja.
- Starfsmenn bílgreinarinnar eru yfir 4.000 manns.
- Við viljum ekki sjá bílaviðgerðir fara út í svarta hagkerfið eins og gerðist 2008-2010 þegar spruttu upp bílskúrar og heimaviðgerðir.
- Til að tryggja að sem mest verði að gera á bílaverkstæðum næstu mánuðina.

Greiðslufrestur aðflutningsgjalda

Verið er að bjóða upp á svigrúm með **breytingu á tollalögum, nr. 88/2005** en því miður er ljóst að það er helst til stuttur greiðslufrestur sem þar er verið að bjóða. Það mun ekki aðstoða fyrirtæki að komast í gegnum tímabilið sem við erum að sjá fram á næstu mánuðina nema lengja þennan greiðslufrest frekar. Það verður að tryggja að fyrirtæki muni ekki setja það fyrir sig að panta vörur á þessu tímabili því þegar við förum aftur af stað þá verða hjólin lengur að komast af stað eða jafnvel verða fyrir meira tekjutapi vegna hættu á að fjárfesta í birgðum. Í því dæmi sem kemur fram í frumvarpinu er verið er að benda á að matvöruverslanir og lyfjafyrirtæki þurfi vegna stöðunnar að panta auknar birgðir til að eiga í landinu vegna nauðsynja. Hins vegar eru önnur fyrirtæki ekki að glíma við þá stöðu heldur þann lausafjórðing sem er kominn upp hjá þeim. Lítið af vörum munu seljast næstu vikurnar en mikilvægt er þó fyrir þau að geta boðið upp á þær vörur sem seljast til að ná að hámarka sitt tekjuflæði næstu mánuði.



Það er ljóst að það verður að lengja í greiðslufrestinum en 20 daga greiðslufrestur fyrir fyrirtæki sem eru með viðskiptavinum í reikning eða hæga birgðaveltu er ekki búin að fá fjármagn fyrir vörunni á þeim tíma sem kemur að gjalddaga. Leggjum við eftirfarandi til: 1. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. 2. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en 1. degi mánaðarins á eftir (45 daga greiðslufrestur á helmingi aðflutningsgjalda).

Festa gengi tollafgreiddra vara, tollgengi

Nú erum við að horfa á stöðu krónunnar og skipar hún að sjálfsögðu stóran sess vegna innkaupa ökutækja. Bílaleigur og bílaumboð eru búin að skuldbinda sig við framleiðendur á kaupum á ökutækjum sem eru komin af færriböndunum en einnig hefur fjöldinn allur af einstaklingum skuldbundið sig við kaup á bílum sem eru að koma til landsins næstu mánuðina.

Við tollafgreiðslu sendinga er ákvörðun tollverðs í tollskýrslum byggð á tollafgreiðslugengi eins og opinbert viðmiðunargengi, miðgengi, er skráð af Seðlabanka Íslands síðasta virkan dag á undan. Þetta merkir að gengið sem Seðlabanki skráir rétt fyrir hádegi á hverjum virkum degi gildir frá og með deginum eftir og út næsta virka dag. Frá því 20. febrúar þá hefur orðið mikil breyting á bæði USD og EUR. Hefur USD hækkað um 13,13 og Evra hækkað um 13,75 á móti krónunni. Gefur þetta auga leið að verð á ökutækjum sem voru pöntuð til landsins og nú komin til afgreiðslu hafa hækkað mikið í verði.

Á meðan á þessum óvissu tíma stendur og koma í veg fyrir verðbólguáhrif óskum við eftir að þessu ákvæði verði breytt um stundarsakir og tollgengi verði fest bið meðalgengi. Hægt væri að horfa til meðalgengis síðasta árs sem gæfi okkur USD 123 og EUR 137, eða þá að horfa til skemmri tíma og meðalgengi síðustu þrjá mánaða sem væri USD 124 og EUR 137.



Stjórnvöld munu verja störf og starfsemi með brúarlánum til fyrirtækja í rekstrarvanda

Stjórnvöld munu ábyrgjast helming brúarlána til fyrirtækja í rekstrarvanda og þannig styðja þau til að greiða laun og fastan rekstrarkostnað. Ábyrgðin nær til nýrra útlána til fyrirtækja sem hafa orðið fyrir a.m.k. 40% tekjumissi. Hámarksfjárhæð nemur tvöföldum árslaunakostnaði og launakostnaður þarf að vera a.m.k. 25% af útgjöldum.

Við teljum það fyrirséð að bílasala verði lítil á komandi vikum/mánuðum. Flest bílaumboð verða fyrir verulegum tekjumissi og uppfylla því hlutfall tekjumissis. Það sem vekur athygli okkar er lán takmarkast við fyrirtæki þar sem launakostnaður var a.m.k. 25% af heildarútgjöldum undangengins árs. Bílaumboð eru afar mannaflafrek og launakostnaður er frá 50-75% af rekstrarkostnaði en hins vegar er það lítil hluti með tillit til veltu bílaumboða, þar sem framlegð er tiltölulega lítil í hlutfalli af veltu. Erum við að horfa á að launakostnaður er nær því að vera 10-15% af veltu. Kostnaðarverð seldra vara má ekki verið tekið inn sem hluti af heildarútgjöldum ársins það er gríðarlega mikilvægt ef það er í hyggju að tryggja fyrirtækjum s.s. bílaumboðum aðgengi að þessari mikilvægu aðstoð.

Fyrir hönd Bílgreinasambandsins,



BÍLGREINASAMBANDIÐ

María Jóna Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri

Hús Atvinnulífsins, Borgartúni 35

105 Reykjavík

Sími: 568 1550 / Farsími: 825 5525

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

BSRB fagnar því að verið sé að grípa til fjölmargra aðgerða til að létta fyrirtækjum og heimilum róðurinn vegna skyndilegs efnahagsáfalls af völdum þess heimsfaraldurs sem nú geisar vegna kórónuveirunnar (SARS-CoV-2) sem veldur COVID-19-sjúkdómnum. Mikilvægt er að styðja við þau fyrirtæki sem voru með gott rekstrarhæfi áður en efnahagsáhrifa faraldursins fór að gæta enda tryggir það minna atvinnuleysi meðal launafólks og auðveldar efnahagslífinu að rétta úr kútnum þegar váin er liðin hjá. BSRB telur hins vegar nauðsynlegt að ganga lengra í stuðningi við heimilin en gert er í frumvarpinu og nánar er fjallað um það í þessari umsögn.

BSRB treystir því að von sé á fleiri aðgerðum til að tryggja afkomu heimila landsins. Staðan í samfélaginu breytist dag frá degi og ný álítaefni koma sífellt upp og munu halda áfram að koma upp. Til þess að tryggja öryggi samfélagsins, og sérstaklega viðkvæmra hópa, er mikilvægt að afkoma launafólks sé tryggð, svo fólk veigri sér ekki við að fylgja tilmælum yfirvalda.

BSRB tekur ekki afstöðu til 1. og 2. greinar, a. liðar 3. greinar, 4. greinar, c. liðar 5. greinar, 6., 9., 10., 12. og 13. greinar frumvarpsins.

Sérstakur barnabótaauki og stuðningur við barnafjölskyldur

Í b. lið 3. greinar er lagður til sérstakur barnabótaauki sem greiðist út einu sinni. Skal hann nema 40.000 kr. vegna hvers barns undir 18 ára aldri ef tekjuhærrí aðilinn í hjónabandi eða sambúð er með tekjur undir 11.125.045 kr. á ári og einstætt foreldri er með tekjur undir 11.125.045 kr. við álagningu ársins 2020. Ef tekjur fara yfir þær viðmiðunar fjárhæðir greiðast 20.000 kr. með hverju barni að 18 ára aldri.

BSRB styður almennan stuðning til barnafjölskyldna og hefur ítrekað óskað eftir endurskoðun barnabótakerfisins í þá veru. Á þessari stundu, þegar fjöldi heimila verður fyrir miklu falli í ráðstöfunartekjum sínum vegna atvinnumissis að hluta eða öllu leyti er aðgerðin hins vegar ómarkviss. Ástæðan er sú að gert er ráð fyrir að einstaklingar eða pör með tekjur frá 0 og upp í 926 þús kr. mánaðarlega fái sama barnabótaaukann, 40 þús kr. með hverju barni. Foreldri eða foreldrar með tekjur yfir 927 þús. kr. mánaðarlega fái 20 þús. kr. barnabótaauka. BSRB telur eðlilegt að nýta þá fjármuni sem ætlaðir eru í úrræðið þannig að fólk á atvinnuleysissskrá sem er með börn á framfæri og tekjulægri fjölskyldur fái hlutfallslega mest. Eftir því sem næst

verður komist er eingöngu hægt að nálgast upplýsingar um tekjur fólks frá síðasta ári og miðast því eftirfarandi tillögur BSRB við álagningarárið 2020.

Í ljósi aðstæðna leggur BSRB til að ákveðin verði tiltekin fjárhæð í fyrirhugaðan barnabótaauka fyrir hvert barn einstaklings eða pars með tekjur á bilinu 0-400 þús. kr. mánaðarlega (4.800.000kr. á ári), lægri barnabótaauki fyrir einstakling eða par m.v. hvert barn á bilinu 401-650 þús kr. mánaðarlega (4.812.000 kr. -7.800.000 kr. á ári) og enn lægri fyrir tekjur á bilinu 651-900 þús kr. mánaðarlega (7.812.000 – 10.800.000 á ári). Fjárhæðirnar gætu verið t.d. 80 þúsund krónur á hvert barn m.v. lægsta tekjustig, 60 þús kr. miðað við miðstig og 40 þús kr. fyrir efsta tekjustigið.

Úrræði fyrir foreldra sem geta ekki sinnt störfum sínum vegna umönnunar barna

Önnur veruleg áskorun sem fjölmargar barnafjölskyldur standa frammi fyrir nú er tekjuskerðing eða óvissa með tekjur sínar vegna lokana eða verulegra skerðinga á starfsemi leik- og grunnskóla ásamt frístundaheimila vegna samkomubanns. Markmið með aðgerðum stjórnvalda í heild er að tryggja afkomu fólks vegna tímabundinnar óvissu og efnahagsþrenginga en taka ekki til þessa hóps.

Fjölmargir foreldrar búa ekki við þann sveigjanleika að geta unnið að heiman enda eingöngu hægt að sinna störfunum á vinnustaðnum. Unnið er að því að tryggja forgang starfsfólks í framlínustörfum að grunn- og leikskólajónustu, frístundastarfi og þjónustu dagforeldra vegna Covid-19. BSRB tekur undir mikilvægi þess en að sama skapi þarf að tryggja stuðning við foreldra sem geta ekki sinnt störfum sínum og þurfa að vera að heima til að annast börn sín.

BSRB leggur til að komið verði á fót nýju úrræði sem tryggir foreldrum í þessum aðstæðum laun vegna forfalla frá störfum. Foreldrar eigi þá rétt á greiðslu launa frá atvinnurekanda vegna þess að börn þeirra geti ekki sótt leikskóla, grunnskóla eða frístundastarf að hluta til eða öllu leyti. Atvinnurekendur geti á móti sótt um endurgreiðslu til Vinnumálastofnunar með sama hætti og vegna launagreiðslna til starfsfólks í sóttkví og aldursviðmið barna verði þau sömu, þ.e. börn yngri en 13 ára eða yngri en 18 ára sem þarfnast aukins stuðnings. Úrræðið verði tímabundið til 30. apríl 2020 og endurskoðað samhliða lögum um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir. Slíkur stuðningur væri veittur að þeim skilyrðum uppfylltum að viðkomandi vinnustaðir hefði leitað allra leiða til að mæta starfsfólki sínu í þessum kringumstæðum, með þeim sveigjanleika sem bjóða má upp á með hliðsjón af þeirri starfsemi sem fer fram á vinnustaðnum.

Fyrirmyndina má að hluta rekja til Noregs. Þar eru greiðslur vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna greiddar af stjórnvöldum (NAV) og hefur verið um lengra skeið. Vegna kórónufaraldursins voru greiðslurnar auknar og útvíkkaðar þannig að foreldrar geti nýtt réttinn vegna lokunar í leik- og grunnskólum. Fjöldi daga var áður 10 dagar á hvert foreldri en er nú 20 fyrir 1 til 2 börn og 30 dagar ef börnin eru þrjú eða fleiri. Ef um einstæða foreldra er að ræða eiga þau rétt á 40 dögum fyrir 1-2 börn og 60 dögum ef börnin eru þrjú eða fleiri. Í Svíþjóð er verið að undirbúa svipað úrræði innan VAB (Vård av barn) þannig að réttur foreldra til greiðslna vegna umönnunar barna vegna lokunar leik- og grunnskóla verði tryggður með því að fella tímabundið burt kröfuna um að barn sé veikt.

Sveitarfélög rukki ekki fyrir þjónustu sem ekki er veitt

Benda verður á að útgjöld heimila taka stakkaskiptum í þessum aðstæðum. Sem dæmi má nefna að matarkostnaður hækkar verulega þegar allir heimilismeðlimir eru að nær öllu leyti heima fyrir. Þess vegna leggur BSRB einnig áherslu á að foreldrum verði endurgreidd gjöld vegna skólamáltíða, frístundaheimilis, leikskólagjalds o.fl. eða þau hlutfallslega lækkuð í samræmi við skerðingu á þjónustu og ef foreldrar kjósa að nýta hana ekki vegna ástandsins. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa tilkynnt um að þau leggi til við aðildarsveitarfélögin slíka niðurfelling á gjöldum og hvetur BSRB önnur sveitarfélög til að gera hið sama.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Í a. lið 5. greinar frumvarpsins er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu við byggingu, endurbætur, viðhald og hönnun eða eftirlit á íbúðar- og frístundahúsnæði verði hækkuð úr 60% í 100% tímabundið. Þessu úrræði var beitt í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008.

BSRB varar við því að verið sé að veita undanþágur frá virðisaukaskatti með þessum hætti. Í greinagerð með frumvarpinu er bent á að ákvæðin um framkvæmdir og þjónustu á heimilum eigi sér fyrirmynd í sænskum lögum. BSRB bendir á að stærstu samtök launafólks í Svíþjóð, LO, hafa um árábil gagnrýnt úrræði af þessu tagi sem voru fyrst innleidd þar í landi 2007. Rök þeirra gegn henni eru að skattlagning eigi að vera almenn með svo fáum undanþágum og unnt er, að niðurgreiðslan gagnist fyrst og fremst þeim tekjuhæstu, aðgerðirnar hafa ekki dregið úr svartri atvinnustarfsemi sem neinu nemi, ekki verði séð að skapast hafi fleiri störf og að ríkið verði af umtalsverðum tekjum vegna undanþáganna. Í kostnaðarmati með frumvarpinu er áætlaður kostnaður úrræðanna um 8 milljarðar króna á tveimur árum og telur BSRB að nær væri að nýta þá fjármuni til að auka umfang fjárfestingaráætlunar stjórnvalda sem lögð verður fyrir með þingsályktunartillögu á næstu dögum eða vikum. Þá bendir BSRB á að hvatt hefur verið til þess að fólk haldi sig heimavið og því er rétt að bera tillöguna undir almannavarnir ef til stendur að samþykkja hana.

Í 3. málslíð a. liðar 5. greinar er lögð til tímabundin heimild til að endurgreiða eigendum og leigjendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið vegna heimilisaðstoðar eða reglulegrar umhirðu íbúðarhúsnæðis. Í greiningerð með frumvarpinu segir um þetta ákvæði: „Markmið endurgreiðslunnar er að koma enn frekar til móts við heimilin í landinu og verktaka vegna kórónuveirunnar með sértækum aðgerðum í þágu þeirra. Samkvæmt embætti landlæknis liggur jafnframt fyrir að almenn tveir hreinlæti er ein mikilvægasta vörn gegn smiti af kórónuveirunni. Stuðningur í formi endurgreiðslu virðisaukaskatts til einstaklinga og húsfélaga vegna kaupa á þjónustu í formi heimilisaðstoðar, ræstinga o.fl. getur þannig skipt máli í baráttunni við faraldurinn. Þá hefur ívilnunin einnig þau hliðaráhrif að draga svarta atvinnustarfsemi vegna veitingar þeirrar þjónustu sem um ræðir upp á yfirborðið og styðja enn frekar við atvinnuþátttöku, sérstaklega hjá tekjulægri hópum.“ Í nánari skýringum um ákvæðið kemur fram að slík þjónusta sem veitt er vegna öldrunar, veikinda eða fötlunar er undanþegin skyldu til greiðslu á virðisaukaskatti.

BSRB styður þessa tillögu ekki enda er rökstuðningi ábótavant. Ekki eru færð rök fyrir því að skortur á fjárhagslegum hvata leiði til þess að hreinlæti á heimilum og í húsfélögum sé ábótavant. Þar að auki ríkir samkomubann um þessar mundir og hvatt er til þess að fólk haldi

sig sem mest heima við. Þrif á heimilum annarra samræmast því vart tilmælum heilbrigðisyfirvalda. Þá eru rökin um að ákvæðið „dragi svarta atvinnustarfsemi vegna veitingar þeirrar þjónustu sem um ræðir upp á yfirborðið“ ákaflega veik enda er virðisaukaskattur aðeins hluti af þeim sköttum og gjöldum sem fylgja löglegri atvinnustarfsemi. Þá mótmælir bandalagið því að þessi leið sé farin til að „styðja enn frekar við atvinnuþátttöku, sérstaklega hjá tekjulægri hópum“. Sömu athugasemdir eiga við um þessa tillögu og tillöguna um framkvæmdir á heimilum hér að ofan.

Í b. lið 5. greinar er lagt til það nýmæli að mannúðar- og líknarfélögum, íþróttafélögum, björgunarsveitum og slysavarnadeildum verði veittur 100% afsláttur af þeim virðisaukaskatti sem þau hafa greitt af vinnu manna vegna byggingar, viðhalds eða endurbóta á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu þeirra, svo og virðisaukaskatt af þjónustu vegna hönnunar og eftirlits með byggingu slíkra mannvirkja, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. BSRB telur fjárfestingaáætlun stjórnvalda betur til þess fallna að veita launafólki í mannvirkjageiranum atvinnu og frekari undanþágur frá virðisaukaskattsgreiðslum sem er einn af mikilvægustu tekjustofnum ríkisins ekki forsvaranlega.

Úttekt séreignarsparnaðar

Í 7. grein frumvarpsins er lagt til að heimiluð verði úttekt séreignarsparnaðar út árið 2020, að hámarki 12 milljónir króna sem greiðist í jöfnum greiðslum á 15 mánaða tímabili. Ef fjárhæðin er lægri styttest tímabilið sem greiðslur dreifast á. BSRB vekur athygli á því að úrræðið veikir enn frekar þriðju stoð lífeyriskerfisins. Ef það er vilji löggjafans að heimila reglulega úttekt á séreignasparnaði áður en 60 ára aldri er náð væri réttara að endurskoða þennan þátt lífeyriskerfisins.

Séreignasparnaður nýtur þess fram yfir aðra tegund sparnaðar að skattgreiðslum er frestað vegna þeirra tekna sem renna til sparnaðarins sem þýðir að höfuðstóll sparnaðarins verður hærri sem nemur skatthlutfallinu. Þar að auki skerðir hann ekki aðrar greiðslur frá hinu opinbera.

BSRB vill ítreka þær ábendingar sínar að með því að heimila fólki að nýta séreignasparnað til að kaupa fyrstu íbúð, niðurgreiðslu húsnæðislána eða jafnvel úttekt þegar efnahagsþrengingar eru í vændum, sé verið að beina stuðningi stjórnvalda frá þeim tekjulægri til þeirra tekjuhærri. Tekjulægri einstaklingar nýta sér síður séreignarsparnað enda er geta þeirra til að spara að jafnaði minni. Það verður að gæta jafnræðis í stuðningi stjórnvalda og það er samfélagslegur ávinningur af því að styðja markvisst við tekjulægri einstaklinga.

Frestun á greiðslum fyrirtækja á fasteignaskatti

Í 11. grein frumvarpsins er lagt til að sveitarfélög geti frestað gjalddögum fasteignagjalda fyrirtækja í rekstrarerfiðleikum án þess að vextir og innheimtugjöld falli á kröfuna. BSRB leggur til rýmikum á heimild 4. mgr. 5 gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þar er sveitarstjórn heimilað að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. BSRB telur að rýmka eigi heimildina tímabundið svo að hún nái einnig til fólks á atvinnuleysisstrá.

Nauðsynlegt að hækka atvinnuleysisbætur

Þann 1. janúar 2020 hækkuðu grunnatvinnuleysisbætur um 9.790 kr. BSRB ítrekar ábendingu sína úr umsögn um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020 og leggur til að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar um 17.000 kr. frá og með 1. janúar 2020 (í stað 9.790 kr.) og 24.000 kr. frá og með 1. apríl 2020. Nauðsynlegt er að fjárhæðir atvinnuleysisbóta fylgi launahækkunum kjarasamninga. Atvinnuleysi hefur aukist mikið á síðustu misserum og var 5% áður en áhrifa heimsfaraldursins fór að gæta í íslensku efnahagslífi og á eftir að aukast verulega. Hækkun atvinnuleysisbóta er nauðsynleg til að tryggja afkomu þeirra sem missa atvinnuna.

Veiking á tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga

Það alvarlega efnahagsástand sem nú ríkir mun sjálfskrafa leiða til lægri tekna ríkis og sveitarfélaga. Með frumvarpinu er verið að leggja til enn lægri tekjur með veikingu tekjustofna tímabundið sem er eðlilegt og nauðsynlegt. Hins vegar er mikilvægt að sú veiking verði tímabundin en dragi ekki úr getu hins opinbera til að fjármagna nauðsynlega opinbera þjónustu, tilfærslur og fjárfestingar. Heimsfaraldurinn sem nú geisar hefur leitt enn betur í ljós mikilvægi þess að fjármagna með fullnægjandi hætti t.d. heilbrigðisþjónustu, menntakerfið, félagsþjónustu, löggæslu, slökkvilið, sjúkraflutninga, sorphirðu, almenningsamgöngur og opinbera stjórnsýslu. Þá hafa válynd veður á yfirstandandi vetri leitt í ljós hversu alvarlegar afleiðingar það hefur að vanrækja nauðsynlega innviðaupbyggingu. Tímabundinn hallarekstur ríkissjóðs er óumflýjanlegur en þann halla má ekki greiða niður á kostnað ofangreindra þátta heldur verða tekjustofnar ríkisins til lengri tíma að fjármagna hann.

Fyrir hönd BSRB



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2020

Efni: Viðbótarumsögn BSRB um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál.

BSRB vill bæta við umsögn sína um mál nr. 683 varðandi endugreiðslu virðisaukaskatts vegna heimilisaðstoðar.

Í ljósi aðstæðna var umsagnarfrestur vegna málsins mjög stuttur og hefur BSRB aflað frekari upplýsinga eftir að umsögn var send til efnahags- og viðskiptanefndar í gær og **sendir því viðbótarumsögn um 3. málsgrein, a-liðar, 5. greinar frumvarpsins**. Þar er lögð til tímabundin heimild til að endurgreiða eigendum og leigjendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið vegna heimilisaðstoðar eða reglulegrar umhirðu íbúðarhúsnæðis. Vísað er í að ákvæðin eigi sér fyrirmynd í senskri löggjöf.

Í fyrri umsögn um málið, dags. 24. mars 2020, varar BSRB við því að verið sé að veita undanþágur frá virðisaukaskatti með þessum hætti. Hvatt er til mikilvægum skattstofnum hins opinbera sé haldið eins breiðum og unnt er, bent á að aðgerðin gagnist þeim tekjuháu fyrst og fremst og að ríkið verði af umtalsverðum tekjum vegna þeirra þriggja tillagna um undanþágur frá virðisaukaskattsgreiðslum sem frumvarpið kveður á um. Gert er ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs verði um 8 milljarðar króna á árunum 2020 og 2021.

Ríkisendurskoðun Svíþjóðar telur skattaafsláttinn í Svíþjóð ekki hafa náð markmiði sínu BSRB vísaði til þessa að LO í Svíþjóð (stærstu samtök launafólks þar í landi) væru alfarið á móti niðurgreiðslum sem þessum. BSRB hefur nú átt þess kost að kynna sér niðurstöður Ríkisendurskoðunar Svíþjóðar í úttekt sínu á úrræðinu sem birtar voru í febrúar 2020¹. Markmiðið sænskra stjórnvalda með RUT-frádrættinum var að draga úr svartri atvinnustarfsemi, að konur og karlar sem keyptu þjónustuna gætu aukið atvinnuþátttöku sína og að fólk með litla menntun fengi vinnu við þjónustu- og þrif á heimilum annara. Úrræðið átti að leiða til jákvæðra áhrifa á ríkisfjármál, þ.e. auka tekjur ríkisins og var lögfest árið 2007.

Útgjöld ríkissjóðs Svíþjóðar vegna niðurgreiðslunnar voru SEK 4,6 ma. árið 2017 (ca ISK 60 ma.). Um 40% af þeirri fjárhæð fór til efstu tekjutíundar. Barnafjölskyldur voru innan við 30% af þeim sem nýttu sér afsláttinn og aðeins örlítið brot af því rann til einstæðra foreldra. Um fjórðungur fjárhæðanna fór til fólks eldra en 65 ára. Að meðaltali jukust tekjur heimila sem keyptu þjónustuna um 2,5% en rannsakendur setja þó stóra fyrirvara við þá niðurstöðu.

¹https://www.riksrevisionen.se/download/18.185dfea217042689a765851c/1581941851838/RiR%202020_02%20Anpassad.pdf

Úttektin sýnir að allt að 30% þeirra sem unnu við þjónustuna komu til Svíþjóðar í þeim tilgangi að vinna á heimilum annara. Hlutfallið hefur vaxið með árunum og flestir koma frá Evrópusambandslöndum eða öðrum Evrópulöndum. Þegar þeir sem komu gagnert til að vinna við heimilisþjónustu eru bornir saman við aðra með sama bakgrunn sést að þau fyrrnefndu voru með meiri atvinnuþátttöku og hærri laun í fyrstu en til lengri tíma hafði þetta ekki áhrif á stöðu þeirra umfram samanburðarhópinn.

Varðandi markmiðið að skattaafslátturinn hefði jákvæð áhrif á ríkissjóð Svíþjóðar var lagt upp með að aðgerðin myndi draga úr svartri atvinnustarfsemi, auka atvinnuþátttöku kaupenda og skapa störf. Úttekt Ríkisendurskoðunarinnar sýnir að gögnin sem lögð voru til grundvallar því markmiði að draga úr svartri atvinnustarfsemi byggðu ekki á kortlagningu sænskra skattayfirvalda heldur á danskri rannsókn sem taldi svarta atvinnustarfsemi í heimilisþjónustu fjórum sinni umfangsmeiri en sænsk skattayfirvöld. Þá var gengið út frá því að kaupendur myndu nota helminginn af þeim tíma sem þjónustukaupin spöruðu til að auka við atvinnuþátttöku sína. Niðurstöður Ríkisendurskoðunarinnar eru að aðeins um fjórðungur tímans hafi verið nýttur í þeim tilgangi. Varðandi fjölgun starfa sem áttu að leiða til lægri bótagreiðslna hins opinbera leiddi úttektin ljós að nær þriðjungur starfanna sem sköpuðust vegna skattaafsláttar komu til vegna innflutnings á vinnuafli. Niðurstöðurnar eru að með engu móti sé hægt að álykta sem svo að afslátturinn hafi haft hlutlaus eða jákvæð áhrif á ríkissjóð Svíþjóðar. Fleiri rannsóknir sýna að úrræðið hafi lítil áhrif á fjölgun starfa.²

LO hafnar frekari einkavæðingu á félagsþjónustu

Eins og áður sagði hafa stærstu samtök launafólks í Svíþjóð, LO, verið andsnúin þessu úrræði. Í morgun, 25. mars 2020, hélt LO málþing um málið.³ Tilfnið var að ríkisstjórn Svíþjóðar hefur hvatt eldri borgara til að nýta skattaafsláttinn vegna þjónustu á heimilum í stað þess að nýta félagsþjónustuna. Leitt er að því líkum að skorið verði niður í opinberri félagsþjónustu til aldraðra og þeim gert að reiða sig á einkavædda þjónustu í ríkara mæli. LO leggst alfarið gegn þessum fyrirætlunum stjórnvalda og telur þær grafa undan jafnræði aldraðra til aðgangs að félagsþjónustu, draga úr nauðsynlegri þjónustu og leiða til verri vinnuáðstæðna og kjara fyrir starfsfólkið.

Að lokum

Ef markmið tillögu um niðurfellingu virðisaukaskatts á heimilisaðstoð er að draga úr svartri atvinnustarfsemi, auka atvinnuþátttöku eða skapa fleiri störf, og stuðla að því að fólk með litla menntun fái vinnu við þjónustu- og þrif er ljóst að 13 ára reynsla Svíþjóðar sýnir að þau markmið nást ekki með þessari leið.

BSRB telur að verja megi því fjármagni sem átti að renna til úrræðisins t.d. með því að styðja sveitarfélög við uppbyggingu leikskóla um landið allt og þannig stuðla að því að tryggja megi börnum dagvistun að loknu fæðingarorlofi. Með því skapast störf við framkvæmdir og breytingar á leikskólahúsnæði og enn fremur skapast störf á leikskólunum vegna umönnunar yngri barna sem komast þá fyrir inn á leikskóla. Enn fremur má horfa til þess að styrkja tækifæri

² Sjá t.d. Tillväxtnalys Rapport 2020:01 <https://www.tillvaxtnalys.se/publikationer/rapport/rapportserien/2020-01-22-skattesubventioner-riktade-till-branscher---vad-ger-de-for-sysselsattningseffekter.html>

³ https://www.lo.se/start/play_startside/hemtjanst_eller_rutavdrag



ófaglærðra starfsmannas leikskóla til frekari menntunar s.s. leikskólaliðanám eða leikskólakennaranáms.

Fyrir hönd BSRB

Sigr. Ingibj. Ingad.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur



Efnahags- og viðskiptanefnd
Fjárlaganefnd

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru 683. mál og fjáráaukalög 2020, 695. mál.

Tilv. 202003-0008

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir frumvörp um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, mál nr. 683 og 695. Eðli málsins samkvæmt gafst ekki mikill tími til að fara yfir málin í smáatriðumen samtökin fagna þeim aðgerðum sem felast í frumvörpunum og jafnframt þeim aðgerðum sem Seðlabankinn hefur beitt sér fyrir, í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem uppi eru og eru framundan næstu mánuði. Rétt er að taka undir þau orð forystumanna ríkisstjórnarinnar að hér verði ekki látið staðar numið ef þörf er frekari aðgerða og einnig að vilji sé til að gera frekar of mikið en of lítið.

Bændasamtökin vilja jafnframt benda á ýmsar tillögur sem þau hafa sett fram sem snerta landbúnaðinn sérstaklega. Þær tillögur myndu breikka grundvöll aðgerða ríkisstjórnarinnar enn frekar og hjálpa íslensku samfélagi að komast fyrr upp úr þeim öldudal sem framundan er. Markmið allra aðgerðanna er að verja betur fæðuöryggi almennings í landinu, styrkja stöðir fjölbreyttari landbúnaðarframleiðslu og bæta gögnin sem þarf til að meta stöðu hennar hverju sinni.

Fyrir utan þær aðgerðir sem hér eru taldar upp er eindregið hvatt til þess að lokið verði við mótun matvælastefnu og hún innleidd á árinu 2020. Þar eru margar þýðingarmiklar aðgerðir fyrir fæðuöryggi og matvælaframleiðsluna í landinu.

Þá er nauðsynlegt að ljúka nú þegar útfærslu aðgerða um fæðu-, matvæla- og neysluvatnsöryggi (aðgerðir 21.-23) í almannavarnastefnu stjórnvalda sem samþykkt var 2015. Framgangur þeirra aðgerða hefur ekki verið nægilegur en sú staða sem nú er uppi ætti að vera áminning um að klára málið.

1. Lokið verði við endurskoðun garðyrkjusamnings fyrir lok mars 2020.

- Tryggðir verði auknir fjármunir til niðurgreiðslu á flutningi og dreifingu raforku til ylræktar á árinu 2020. Þetta verði gert til að hvetja til aukinnar framleiðslu



fyrir innanlandsmarkað og til að skapa hvata til fjölbættari framleiðslu með lýsingu.

2. Endurskoðun rammisamnings verði lokið fyrir lok apríl 2020

Auknir jarðræktarstyrkir sem verði beint að eftirtöldum verkefnum:

- Útiræktað grænmeti og korn til manneldis. Jarðræktarstyrkir vegna þessara afurða verði með hærri stuðlum en nú gerist (3-5). Markmiðið er að auka verulega framboð útiræktaðra afurða til manneldis hér innanlands. Ræktunin var á 517 ha árið 2019 og takmarkið er að ná henni upp í 1.000 ha árið 2021 og samhliða auka fjölbreytni í ræktun.
- Almenn akuryrkja og kjarnfóðurframleiðsla. Nýræktun árið 2019 var um það bil 10.900 ha fyrir utan grænmeti. Markmiðið er að efla innlenda fóðurframleiðslu, bygg, hveiti og aðrar fóðurljurtir sem geta komið í staðinn fyrir innflutning. Takmarkið er að ná ræktuninni upp í 15.000 ha árið 2021. Þetta skapar líka hvata til fjölbreyttari ræktunar en nú er.

3. Aukin ráðgjöf

- Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) verð gert kleyft að bjóða bændum fjölbættari ráðgjöf á sviði rekstrar og nýsköpunar með lágmarkskostnaði.
- Efnahagsþrengingar munu bitna á bændum eins og öðrum í þjóðfélaginu og þýðingarmikið er að þeir eigi kost á vandaðri ráðgjöf til að takast á við þær. Með því verjum við landbúnaðarframleiðsluna og þau samfélög sem á hana treysta.

4. Nýsköpun

- Aukin framlög til nýsköpunar í gegnum Framleiðnisjóð landbúnaðarins (FL) til að hvetja til vöruþróunar og frumkvöðlastarfsemi.

5. Afleysingar og samstarf við Vinnuálastofnun

- Heimild verði veitt til að ráðstafa fjármunum úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga til að mæta kostnaði við afleysingar bænda sem geta ekki sinnt búum sínum sökum COVID-19 sjúkdómsins.
- Bændur geti í samstarfi við Vinnuálastofnun ráðið háskóla- eða framhaldsskólanema í sumarvinnu til að sinna ýmsum tilfallandi störfum á búum, svo sem við lagfæringar á girðingum eða almennu viðhaldi.

•

6. Afurðatjón

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, BÍ og RML vinni saman að því að skrá afurðatjón bænda vegna kórónaveirufaraldursins. Leitað verði leiða til að koma til móts við það tjón þegar umfang þess verður ljóst síðar á árinu 2020

7. Bætt yfirsýn

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Bændasamtökin og RML vinni saman að því að bæta söfnun og framsetningu gagna um landbúnaðarframleiðsluna, birgðir og framleiðsluspár. Markmiðið er að búa til nokkurs konar mælaborð landbúnaðarins þar sem dregnar eru saman og haldið við helstu hagtölur sem snerta framleiðsluna og þeim haldið við.



8. Áfallatjón

- Bjargráðasjóði verði tryggð fjárheimild til að mæta fyrirsjáanlegu kaltjóni á komandi vori en spáð er talsverðu kali í ræktun nú í vor vegna þungra aðstæðna í vetur.

9. Minkaræktin

- Gerður verði umhverfissamningur við loðdýrabændur á grunni tillagna vinnuhóps þar um.

10. Loftslagsverkefni

- Gengið verði til samninga við bændur um verkefni á sviði loftslagsmála á grundvelli fjármuna sem tryggðir hafa verið í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Sett verði tölusett markmið um minnkaða losun og aukna bindingu fyrir landbúnaðinn í heild á grunni umhverfisstefnu greinarinnar.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. marz 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (683. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um ofangreint frumvarp á þingskjali 1157.

I. Almennt

Ekki þarf að fjölyrða um þann vanda, sem steðjar að íslenzku atvinnulífi vegna heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar. Mörg fyrirtæki standa nú þegar frammi fyrir gífurlegu tekjufalli vegna hruns í eftirspurn eða vegna þess að samkomubann og aðrar aðgerðir stjórnvalda til að berjast gegn útbreiðslu veirunnar gera þeim ókleift að starfa með eðlilegum hætti. FA er í hópi hagsmunasamtaka í atvinnulífinu sem kallað hafa eftir aðgerðum stjórnvalda og samstarfi hins opinbera og atvinnulífsins til að takast á við þessa stöðu, sem á sér vart hliðstæðu.

FA fagnar því þeim aðgerðum, sem kveðið er á um í frumvarpinu og telur þær allar skref í rétta átt, þótt í einhverjum tilvikum hefði mátt ganga lengra. Félaginu þykir ánægjulegt að tillaga þess til fjármálaráðuneytisins um tvískiptingu gjalddaga aðflutningsgjalda í tolli hafi ratað í frumvarpið.

II. Skilgreining rekstrarerfiðleika

Í 1. grein frumvarpsins, þar sem fjallað er um skilyrði fyrir frestun gjalddaga staðgreiðslu opinberra gjalda, segir: „Ekki er um rekstrarörðugleika að ræða, þótt tekjufall komi til, ef launagreiðandi á nægt eigið fé til að sækja sér lánaþyrngreiðslu á almennum markaði eða á nægt handbært fé til að standa straum af útgjöldum til rekstrar þegar þau falla í gjalddaga. Það sama á við ef arði er úthlutað á árinu 2020 eða ef úttekt eigenda innan ársins 2020 fer umfram reiknað endurgjald þeirra til þess tíma.“

Þetta eru heldur þröng skilyrði að mati FA. Fyrirtæki gæti t.d. hafa greitt út arð í febrúar, áður en höggið vegna heimsfaraldursins varð séð fyrir, en engu að síður orðið fyrir gífurlegu tekjufalli strax í marz. Ennfremur er vandséð hvers vegna eigi að refsa sérstaklega fyrirtækjum sem hafa gætt þess að halda góðu eiginfjárlutfalli. Telur félagið rétt að endurskoða þessi skilyrði. Í ljósi þess að aðeins er um að ræða frestun á greiðslu ákveðinna gjalda telur FA rétt að hafa skilyrðin opin og almennt. Þrengri skilyrði eru til þess fallin að raska samkeppni á þann veg að sá sem gætti ráðdeildar í rekstri sínum býr nú við lakari samkeppnisstöðu en keppinautur sem ekki bjó í haginn. Óeðlilegt er að löggjöf skapi slíkan aðstöðumun og raski samkeppni með þeim hætti.

III. Lækkun tryggingagjalds

Samkvæmt frumvarpinu eru gistináttagjald og bankaskattur einu skattarnir eða gjöldin sem falla niður. Félagið hefði talið það skjótvirka og almenna aðgerð, sem gagnast hefði mun fleiri fyrirtækjum, að tryggingagjald yrði fellt niður eða lækkað til skemmri eða lengri tíma. Lækkun tryggingagjalds til frambúðar er ein forsenda þess að fyrirtæki geti unnið sig upp úr öldudalnum og hiki ekki við að bæta við sig fólki á ný.

IV. Að lokum

FA gengur út frá því að þær aðgerðir sem í frumvarpinu felast séu ekki þær síðustu sem stjórnvöld grípa til vegna heimsfaraldursins og mun áfram verða í sambandi við ráðuneytin um hugsanlegar lagabreytingar, sem létt geti róður félagsmanna við þessar erfiðu aðstæður.

Að því sögðu mælir Félag atvinnurekenda með því að frumvarpið verði samþykkt með ofangreindum lagfæringum.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Umsögn

Um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru – 683. mál.

Vísað er til stjórnarfrumvarps, þingskjals 1157 – 683. mál, á 150. löggjafarþingi 2019-2020, til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru sem lagt var fram á alþingi 21. mars 2020.

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar styður almennt efni frumvarpsins og telur að þær aðgerðir sem kynntar hafa verið dragi úr neikvæðum áhrifum á atvinnulíf og fjárhag heimilanna. Þá er mikilvægt að stjórnvöld segja með skýrum hætti að reynist þessar aðgerðir ekki duga muni verða gripið til enn frekari aðgerða. Þessi aðgerðapakki og yfirlýsingar ráðherra og Seðlabanka hljóta að vekja traust hjá almenningi og fyrirtækjum.

Þær efnahagslegu þrengingar sem blasa við munu hafa umtalsverð áhrif á rekstur og afkomu Reykjavíkurborgar eins og annarra sveitarfélaga. Gera má ráð fyrir að útsvarstekjur og aðrir mikilvægir tekjustofnar borgarinnar dragist mikið saman í þeirri niðursveiflu sem er framundan. Á sama tíma er ljóst að Reykjavíkurborg eins og önnur sveitarfélög verða að standa við skyldur sínar gagnvart íbúum og þær verða mun kostnaðarsamari en fyrirséð var í áætlunum. Að þessu leyti til má segja að mikil líkindi séu með aðstæðum nú og urðu í framhaldi af bankahruninu 2008, þ.e. mikill tekjusamdráttur og skörp útgjaldaaukning. Á sama tíma er mikið ákall um aukningu á þjónustu og hvers kyns framlögum sveitarfélaga til íbúa, félaga og fyrirtækja og enn frekari eftirgjöf á sköttum og gjaldskrártækjum. Einnig er kallað eftir auknum fjárfestingum sveitarfélaga til að halda uppi atvinnustigi. Þessar aðstæður blasa við en eru ekki ávarpaðar í fyrirliggjandi frumvarpi, t.d. með tillögum um styrkingu tekjustofna sveitarfélaga, lækkun skatta á sveitarfélög, s.s. með afnámi fjármagnstekjuskatts, og aðgengi að hagkvæmri fjármögnun á fjárfestingum.

Það eru einkum tvær tillögur að lagabreytingum sem snerta sveitarfélögin með beinum hætti. Í þessari umsögn verður fjallað um þær en auk þess er vikið að aðgerðum sem hafa óbein áhrif og vert er að ávarpa sérstaklega.

1. Breyting á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 um fasteignaskatta. Í frumvarpinu er lagt til bráðabirgðaákvæði sem lýtur að 4. mgr. 4. gr. og er svohljóðandi:

„1. Þrátt fyrir 4. mgr. 4. gr. er gjaldendum fasteignaskatta skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020, með sömu skilyrðum og málsmeðferðarreglum og kveðið er á um í 2.–4. mgr. 1. gr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. [45/1987](#)

2. Verði gjaldandi sem frestað hefur greiðslum skv. 1. mgr. að uppfylltum skilyrðum fyrir miklu tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár getur hann óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal launagreiðandinn beina til sveitarfélags fyrir 15. janúar 2021.“

Hér er verið að vísa til þess að gjaldendum fasteignaskatta sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls er heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020, með sömu skilyrðum og málsmeðferðarreglum og kveðið er á um í 2.–4. mgr. 1. gr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987. Sem þýðir að sömu skilyrði og sett eru í bráðabirgðaákvæði nýja frumvarpsins á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda gilda einnig um þetta ákvæði (4. mgr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga) sem er eftirfarandi:

2.-4. mgr. 1. gr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987

„2. Við mat á því hvort um tekjufall er að ræða skal miða við a.m.k. þriðjungssamdrátt í rekstrartekjum yfir heilan mánuð samanborið við sama mánuð árið 2019. Hafi atvinnurekstur staðið í tvö ár eða skemur er heimilt að miða við meðaltekjur síðastliðinna 12 mánaða.

3. Ekki er um rekstrarörðugleika að ræða, þótt tekjufall komi til, ef launagreiðandi á nægt eigið fé til að sækja sér lánaþyrirgreiðslu á almennum markaði eða á nægt handbært fé til að standa straum af útgjöldum til rekstrar þegar þau falla í gjalddaga. Það sama á við ef arði er úthlutað á árinu 2020 eða ef úttekt eigenda innan ársins 2020 fer umfram reiknað endurgjald þeirra til þess tíma.

4. Greiðslufrestun skv. 1. mgr. nær ekki til þeirra sem áttu við varanlega rekstrarörðugleika að stríða fyrir upphaf ársins 2020. Varanlegir rekstrarörðugleikar teljast vera til staðar í þessu sambandi ef eigið fé, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, var í árslok 2019 neikvætt um fjárhæð sem var hærri en helmingur innborgaðs hlutafjár, stofnfjár eða framlags eiganda.“

Það skal því, samkvæmt frumvarpinu, fara eftir því mati sem ofangreind ákvæði gera kröfu um til að meta hvort og þá hverjir það eru sem eiga rétt á þeim úrræðum sem 4. mgr. 4. gr. tiltekur eftir breytinguna. Bráðabirgðaákvæðið gerir ríkar kröfur til rannsóknar á máli/umsókn greiðanda um greiðslufrest. Má þar helst nefna útreikninga á samdrætti fyrirtækis í rekstrartekjum miðað við sama tíma á síðastliðnu ári, þá þarf að kanna hvort um er að ræða raunverulega rekstrarerfiðleikar hjá viðkomandi fyrirtæki að teknu tilliti til tekjufalls vs. eigið fé, handbært fé eða lánamöguleika á almennum markaði. Þá þarf að kanna hvort greiddur hafi verið út arður eða hver úttekt eigenda fyrirtækis hafi verið á árinu og svo framvegis.

Liður fjögur útheimtir einnig að farið verði yfir rekstrarsögu fyrirtækisins í því augnamiði að kanna hvort rekstrarerfiðleikar hafi verið varanlegir fyrir upphaf árs 2020. Það gæti komið til þess, miðað við þetta, að það þurfi að kafa djúpt ofan í hvert mál með tilheyrandi skoðun á ársreikningum félags og fleira sem getur orðið tímafrekt og útheimt aukinn mannafla til verksins. Það veltur þó vissulega á því hversu margir muni sækjast eftir þessu úrræði.

Ábending:

Fjármála- og áhættustýringarsvið vill koma á framfæri mikilvægi þess að koma á samstarfi sveitarfélaga og embættis Skattsins varðandi umsóknir fyrirtækja sem vilja nýta sér frestun á greiðslu fasteignaskatts og að sömu ferlar og skilmálar verði hafðir að leiðarljósi við mat umsókna. Í því samhengi þarf jafnframt að skýra vel þær kröfur sem gerðar eru til gjaldenda um skil á gögnum umfram það sem aðgengi er að hjá Skattinum. Með samstarfi sveitarfélaga og Skattsins er tryggð góð stjórnarsýsla og jafnræði við afgreiðslu erinda.

2. Breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Í öðru lagi er lögð til breyting á 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í frumvarpinu er lagt til bráðabirgðaákvæði varðandi 1. og 2. tl. 2. mgr. 64. gr. laganna sem er svohljóðandi:

„Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 64. gr. er sveitarstjórn heimilt að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. við stjórn sveitarfélagsins árin 2020–2022.“

Óbreytt ákvæði er á þessa leið:

„Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og

2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

Tillagan gerir ráð fyrir að víkka út heimildina í 1. tl. og skuldaviðmiðið í 2. tl. tímabundið til næstu þriggja ára. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með ákvæðinu sé lagt til að við rekstur sveitarfélagsins þurfi sveitarstjórn ekki að fullnægja þeim tveimur skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 64. gr. laganna við rekstur sveitarfélagsins árin 2020, 2021 og 2022. Annars vegar sé um að ræða skilyrði um að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum eða það sem nefnt hefur verið jafnvægisreglan. Hins vegar er um að ræða það skilyrði að heildarskuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum eða það sem nefnt hefur verið skuldareglan. Bæði skilyrðin eru hluti af þeirri meginreglu sveitarstjórnarréttar sem fram kemur í 1. mgr. 64. gr. og kveður á að um sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Áréttað er í frumvarpinu að sveitarstjórnnum beri að sjálfsögðu að gæta þess í störfum sínum að fylgja þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindri reglu þrátt fyrir að tímabundið verði vikið frá skilyrðum 2. mgr. 64. gr. laganna og að ef sveitarstjórn telji að fjármál sveitarfélagsins stefni í óefni ber henni að gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart, sbr. 2. mgr. 77. gr. laganna. Þá er gert ráð fyrir að árið 2023 þurfi rekstur sveitarfélaga að vera þannig að hann fullnægi skilyrðum jafnvægisreglunnar og skuldareglunnar.

Ábending:

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að rýmkun þessara heimilda auðveldi Reykjavíkurborg að takast á við þá niðursveiflu sem við blasir. Það er þó vakin athygli á því að til þess að metnaðarfull áform borgarinnar nái fram að ganga þarf gott aðgengi að fjármagni og hér getur ráðið úrslitum hvort ríkið komi með sérstakan stuðning við fjármögnun reksturs og fjárfestinga sveitarfélaga á hagstæðum kjörum. Reynist niðursveiflan mikil og viðvarandi þarf ríkið að rýmka tekjustofna sveitarfélaga til að tryggja að þau geti staðið undir lögbundnum skyldum sínum.

3. Tillaga um útvíkkun á „Allir vinna“ - 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts

Tillaga númer 8 í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts til einstaklinga vegna vinnu við endurbætur, viðhald og nýbyggingar og til heimilisaðstoðar, auk byggingaframkvæmda félagasamtaka til almannaheilla. Fram kemur að tillagan gildir 1. mars – 31. des. 2020.

Ábending:

Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á mikilvægi þess að útvíkka þetta ákvæði þannig að 100% endurgreiðsla nái jafnframt til sveitarfélaganna. Minnt er á að sambærilegt úrræði náði til sveitarfélaganna á árunum eftir hrun. Með því að setja sveitarfélögin inn í þetta ákvæði líka, þá eykur það fjárhagslega getu sveitarfélaganna til þess að fara í kostnaðarsamar viðhaldsaðgerðir. Slíkt mun hafa verulega jákvæð áhrif á atvinnulífið og getur tryggt fólki og fyrirtækjum atvinnu og mundi falla vel að markmiðum í aðgerðaráætlun ríkisins.

Þá vill sviðið benda á mikilvægi þess að þetta ákvæði verði framlengt til lengri tíma en hér er lagt til og úrræðið gildi til ársloka árið 2021, þar sem mikil undirbúningsvinna þarf venjulega að fara fram áður en verkefni fara í framkvæmd, til þess að úrræðið nái sannarlega markmiði sínu og komi viðkomandi fyrirtækjum út úr þeim öldudal sem fyrirséður er.

4. Tillaga um styrkingu ferðaþjónustu - gistináttgjaldið

Tillaga númer 7 í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að gistináttgjald falli niður til ársloka árið 2021.

Ábending:

Fjármála og áhættustýringarsvið vill árétta þá skoðun Reykjavíkurborgar að gistináttagjaldið renni til sveitarfélaganna til framtíðar. Þannig komi fram vilji ríkisstjórnarinnar við samþykkt þessa frumvarps að gistináttagjaldið muni frá og með 1. janúar 2022 renna til sveitarfélaganna. Það mun hjálpa sveitarfélögunum að komast út úr þeim þrengingum sem fyrirséðar eru í rekstri þeirra og stuðla að eðlilegri uppbyggingu gagnvart ferðþjónustu innan sveitarfélaganna.

5. Fjármagnstekjurskattur á sveitarfélög og milli fyrirtækja í samstæðu sveitarfélaga

Reykjavíkurborg hefur um árabil bent á þá staðreynd að ríkissjóður tekur skatt af bruttó fjármagnstekjum sveitarfélaga. Slík skattlagning er nær óþekkt annars staðar og dregur úr hvata til að sýna ráðdeild og safna í sjóði. Þar að auki eru skattlagðar fjármagnstekjur af vaxtagreiðslum milli sveitarfélaga og dótturfélaga þeirra eins og um óskylda aðila væri að ræða. Þetta þýðir að ríkið fær fjármagnstekjuskatt af bruttó vaxtatekjum vegna lána borgarsjóðs til Orkuveitu Reykjavíkur sem voru á sínum tíma veitt sem víkjandi eigendalán til að bjarga fyrirtækinu frá yfirvofandi strandi. Og ríkið myndi fá fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum af lánnum borgarsjóðs til Félagsbústaða hf. sem veitt væru í því skyni að tryggja félaginu hagkvæma fjármögnun á fjölgun félagslegra íbúða.

Ábending:

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að við þær aðstæður sem eru núna að skattlagningu verði hætt á fjármagnstekjur og sérstaklega áréttað að skattlagning innan samstæðu sveitarfélaga er óásættanleg. Breytingar á þessum lögum myndu hjálpa Reykjavíkurborg að fjármagna fyrirtæki innan borgarinnar í þeim hremmingum sem fyrirséðar eru og bæta stöðu borgarinnar til aðgerða.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og fjárlaganefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**
Dagsetning: **25.03.2020**
Málsnúmer:
Bréflykill: **3.7**

Efni: Breytingartillögur við þingmál á þingskjölum 1157 og 1172

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabankinn hafa átt samráð um fyrirhugaða framkvæmd ákvæða um ábyrgðarskuldbindingar ríkissjóðs vegna viðbótarlána til fyrirtækja, sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Umrædd ákvæði eru í 12. og 13. gr. frumvarps til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru og frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2020. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur einnig haft samráð við forsætisráðuneytið um sama atriði. Í ljósi þess að við núverandi aðstæður er talið sérlega mikilvægt að fyrirkomulagið á þessum lánveitingum verði eins einfalt, gagnsætt og skýrt og kostur er, eru ráðuneytin og Seðlabankinn sammála um að heppilegt sé að eftirfarandi breytingar verði gerðar á framangreindum þingmálum.

Þingskjal 1157 - mál nr. 683. Frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

12. gr. frumvarpsins (Breyting á lögum um ríkisábyrgðir, 121/1997) orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði laga þessara gilda ekki um þær ábyrgðarskuldbindingar sem ríkissjóði er heimilt að undirgangast gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Afla skal heimilda í fjárukalögum 2020 vegna þessara ábyrgðarskuldbindinga og er fjármála- og efnahagsráðherra heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum.

Ráðherra skipar nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum fjármálaþinga. Forsætisráðherra tilnefni einn nefndarmann, Samstarfsnefnd háskólastigsins einn og skal einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefnd skv. 2. mgr. getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd samnings skv. 1. mgr. bæði frá Seðlabankanum og hlutaðeigandi lánastofnunum. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra skal leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.

13. gr. frumvarpsins (Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019) falli brott.

Þingskjal 1172 – mál nr. 695. Frumvarp til fjárukalaga 2020.

Liður 7.32 í 4. gr. frumvarpsins orðist svo:

Að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs sem nemi allt að helmingi höfuðstóls viðbótarlána þeirra til fyrirtækja, sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónaveiru. Jafnframt er honum heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um framkvæmd á veitingu ábyrgða gagnvart lánastofnunum. Skulu lánastofnanir við lánveitingarnar uppfylla nánari skilyrði sem fram skulu koma í samningi við Seðlabankann. Í samningnum skulu tilgreind þau hlutlægu skilyrði sem lögð verða til grundvallar

ákvörðunum um skiptingu ábyrgða milli lánastofnana, ásamt nánari skilyrðum um hvernig tryggja megi að fyrirgreiðsla lánastofnana byggi á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem leiði til jafnræðis þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu og hvernig reglubundinni skýrslugjöf skuli háttað. Heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána getur að hámarki numið 35 ma.kr.

Geðheilbrigði á tímum óvissu

Geðheilbrigðismál hafa því miður sætt afgangi í heilbrigðis- og félagskerfinu á Íslandi um langt árabil. Umfang málaflokksins er nú þriðjungur að heilbrigðiskerfinu en fjárveitingar hafa verið í takti við umfangið. Áætlað er að um 10% af heildarútgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála fari í geðheilbrigði. Geðhjálp hefur ítrekað bent stjórnvöldum á þessa staðreynd.

Afleiðingar af þessu sjást t.d. í tölum Tryggingastofnunar um örorku en samkvæmt þeim voru örorkulífeyrisþegar af völdum geðraskana árið 1990 samtals 2.522 eða 30% af heildarfjölda örorkulífeyrisþega. Nú þrjátíu árum síðar eru þeir 7.262 eða 37% af heildarfjölda. Þetta er aukning um 223% á þessum þrjátíu árum. Eins má nefna þróun á tölum um geðraskanir, alvarlegar sem vægar, svo sem kvíða og þunglyndi.

Nú er komin upp alvarleg staða í samfélaginu vegna COVID-19 faraldursins. Margir eru einangraðir og dregið hefur stórlega úr þjónustu og úrræðum til fólks sem er að glíma við geðrænar áskoranir þar sem heilu úrræðin hafa neyðst til að loka vegna samkomubanns. Kvíði, einmanaleiki og ótti er eitthvað sem æ fleiri tengja við á þessum tímum en viðkvæmstu hópanir eru í sérstaklega erfiðri stöðu. Það er mat stjórnar Geðhjálpar að þetta ástand eigi aðeins eftir að versna eftir því sem samkomubann og lokanir úrræða og þjónustu vara lengur. Það er á tímum sem þessum sem ríður á að gera allt sem hægt er svo afleiðingar þeirrar geðheilbrigðisáskorunar, sem þessi faraldur er, valdi ekki samfélagslegum erfiðleikum langt inn í framtíðina.

Lönd um allan heim eru að beina aukinni athygli að geðheilbrigði, ekki aðeins viðkvæmra hópa heldur alls almennings. og eru Yfirvöld víða eru þannig farin að bregðast við ástandinu ásamt því að leggja á ráðin um hvernig taka eigi á mögulegri aukningu í eftirspurn eftir geðheilbrigðisþjónustu er faraldurinn rénar.

Íslensk stjórnvöld þurfa að slást í þennan hóp og bregðast við án tafar. Æskilegt væri að kalla strax saman lykil haghafa í kerfinu, einhverskonar „Geðráð“, og bæta við þá geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum sem þegar er í gildi. Móta þarf aðgerðir og laga fjárveitingar að ástandinu og hvernig það er líklegast til að þróast til skemmri og lengri tíma. Þá verður að tryggja að í slíkri vinnu verði fulltrúar notenda hafðir með í ráðum. Það er skynsamlegt að vinna með orsakir núna og draga þannig úr mögulegum afleiðingum viðbragðsleysis síðar. Nú er ekki tími til að draga saman seglin heldur nýta tækifærið til að gefa í og hugsa til framtíðar.

Ef ekki verður brugðist við núna er hættu á að við sem samfélag sitjum uppi með ástand sem erfitt verður að vinna úr seinna meir. Efnahagslífið mun fyrr eða síðar fara í gang aftur en það, líkt og samfélagið allt, hvílir á geðheilsu þjóðarinnar. Gleymum ekki geðheilsu í björgunarápökkunum. Góð geðheilsa er undirstaða hvers samfélags.

Stjórn Landssamtakanna Geðhjálp

Góðan daginn

Umsögn við frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. – mál nr. 683.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tekur undir ábendingar og tillögur Skorradalshrepps í þessu máli, mikilvægt er að hægt sé að bregðast hratt við og þá eftir aðstæðum í hverju sveitarfélagi.

Grenivík 23. mars 2020,

Með góðum kveðjum,



Þróstur Friðfinnsson
sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

throstur@grenivik.is



24. mars 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 683. mál á 150. löggjafarþingi

Aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru

Hagsmunasamtök heimilanna eru sjálfbóðaliðasamtök og hafa því ekki náð að greina frumvarp þetta í þau vegna þess stutta tíma sem gafst til að veita umsögn. Engu að síður verða samtökin að benda á að benda á að við samningu frumvarpsins virðist hafa láðst að fjalla í því um verðtryggingu á lánum heimilanna. Vegna þeirrar gríðarlegu óvissu sem nú ríkir um þróun efnahagsmála næstu mánuði og misseri, fara samtökin aðallega fram á að verðtrygging neytendalána og fasteignalána til neytenda verði fryst frá og með næstkomandi mánaðamótum. Til vara að sett verði þak á verðbætur slíkra lána miðað við efri vikmörk hins opinbera verðbólguþrögnarmíðs, eða ígildi 4% árhækkunar vísitölunnar. Samtökin mælast til þess að bætt verði úr þessu við þinglega meðferð málsins.

Dæmi um hugsanlega útfærslu frystingar:

Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. [38/2001](#).

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með 1. apríl 2020 er óheimilt að reikna verðtryggingu neytendalána og fasteignalána til neytenda miðað við hærra stig vísitölu neysluverðs en 474,1.

Dæmi um hugsanlega útfærslu verðbótþaks:

Frá og með 1. apríl 2020 er óheimilt að reikna verðtryggingu neytendalána og fasteignalána til neytenda miðað við meiri hlutfallslega hækkun vísitölu á milli gjalddaga en myndi jafngilda 4% árhækkun.

Til skýringar skal tekið fram að 4% árhækkun jafngildir rétt tæplega 0,33% hækkun milli mánaða.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur farið yfir framangreint frumvarp og styður efni þess en vill þó koma með eftirfarandi ábendingar.

Í ljósi þess að íslenskt samfélag er mjög líklega að horfa fram á efnahagsþrengingar í kjölfar kórónuveirufaraldursins telur HMS mikilvægt að líta til þess lærdóms sem draga má af síðustu efnahagslægð. Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 voru nýbyggingar á íbúðarhúsnæði í sögulegu lágmarki sem leiddi til þess að mikil framboðsskortur varð á íbúðarhúsnæði nokkrum árum síðar með tilheyrandi hækkun fasteignaverðs. Það stafaði ekki aðeins af skorti á fjármagni og vönduðum áætlunum um húsnæðisþörf heldur einnig af því að mikið af því vinnuafli sem starfaði í byggingargeiranum flutti úr landi skömmu eftir hrun og hægt gekk að byggja greinina upp að nýju. Enn hefur ekki tekist að fullu að brúa það bil sem þá myndaðist í framboði og þörf eftir íbúðarhúsnæði þrátt fyrir aukningu í nýbyggingum undanfarin ár og því mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir að allt það sem unnið hefur verið að til að ná jafnvægi á húsnæðismarkaði tapist.

Eitt af markmiðum HMS er að tryggja stöðugleika á húsnæðismarkaði og vill stofnunin því ítreka mikilvægi þess að aðgerðir stjórnvalda styðji við byggingariðnaðinn og áframhaldandi byggingar á íbúðarhúsnæði og þá sérstaklega uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði fyrir tekju- og eignalaga.

Í 5. gr. Frumvarpsins er fjallað um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðar- og frístundahúsnæðis og mannúðar- og líknafrélaga, íþróttafélaga og björgunarsveita, en þó ekki til íbúðar- eða frístundahúsnæðis í eigu slíkra félaga.

HMS telur rétt að taka af allan vafa um að þetta taki einnig til leigufélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanna, húsnæðissamvinnufélaga og félaga sem eru að byggja íbúðarhúsnæði til útleigu, enda eru ákveðin almannaeiðisfélög sem eru að byggja og leigja út íbúðarhúsnæði til sinna félagsmanna, s.s. Proskahjálp, Kvennaathvarfið og Brynja hússjóður Öryrkjabandalagsins.

Með því að endurgreiða virðisaukaskatt af slíkum framkvæmdum mætti flýta fyrir uppbyggingu á húsnæði fyrir þessa hópa og lækka húsnæðiskostnað þeirra. Þá myndi það jafnframt stuðla að því að örva byggingariðnaðinn með því að viðhalda og auka við byggingarframkvæmdir á næstu mánuðum.

Virðingarfyllst, f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Hermann Jónasson, forstjóri

Anna G. Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 25. mars 2020

Efni: Frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar þessu frumvarpi og þeim úrræðum sem það inniheldur.

ÍSí vill þó koma því á framfæri að bygging og viðhald íþróttamannvirkja fyrir íþróttafélög er aðallega á höndum sveitarfélaga og því væri æskilegt að endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna þeirra þátta, skv. kafla 5, b-lið í frumvarpinu næði yfir sveitarfélög.

Í greinargerð með frumvarpinu, bls. 21, kemur fram það grunnskilyrði að mannvirki sem umsókn tekur til sé alfarið í eigu þeirra umsækjenda sem falla undir ákvæðið. Af skilyrðinu leiðir að eignarhald til að mynda ríkis og/eða sveitarfélaga á mannvirki, beint eða óbeint, í heild eða að hluta, girðir fyrir heimild umsækjanda til endurgreiðslu. Með þessu er verið að útiloka húsnæði flestra íþróttafélaga í landinu.

Æskilegt væri að gildistími úrræða vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti væri út árið 2021.

Ef frekari upplýsinga eða útskýringa er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

**Virðingarfyllt,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis

Efni: Umsögn KSÍ um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál

Knattspyrnusamband Íslands vill koma að eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarps til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru:


1. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu af afmörkuðum vinnuliðum frá mars til loka árs er almennt jákvætt úrræði að mati KSÍ. Megináhersla knattspyrnuhreyfingarinnar er þó sú að innleidd verði varanleg úrræði um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til stuðnings almannaheillafélögum í samræmi við tillögur nefndar þar um.
2. Frestun á staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds er almennt jákvætt úrræði að mati KSÍ og kann það að nýtast íþróttafélögum að því gefnu að rekstrargrundvöllur íþróttahreyfingarinnar verði viðunandi þegar líður á árið.

Mestu máli skiptir að nýsamþykkt lög um atvinnuleysistryggingar og lög um ábyrgðasjóð launa (minnkað starfshlutfall) nýtist knattspyrnuhreyfingunni og íþróttahreyfingunni í heild.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar KSÍ,



Guðni Bergsson
Formaður KSÍ



Klara Bjartmarz
Framkvæmdastjóri KSÍ



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. mars 2020.

Umsögn KPMG um „frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru“ á þingskjali 1157 – 683. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 23. mars 2020 er KPMG gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG hefur kynnt sér frumvarpið og sér ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi tillögum og ábendingum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að launagreiðendum, sem eiga í tímabundnum rekstrarörðugleikum vegna tekjufalls, verði heimilað að fresta fram á árið 2021 allt að þremur greiðslum afdregins skatts í staðgreiðslu af launum, sem annars hefðu fallið í gjalddaga á síðustu átta mánuðum yfirstandandi árs. Í 2. gr. er lögð til samsvarandi heimild til frestunar á greiðslu tryggingagjalds í staðgreiðslu.

Heimildir þessar til greiðslufrestunar er í frumvarpinu bundnar við að tímabundnir rekstrarörðugleikar stafi af tekjufalli, sem að meginreglu miðist við þriðjungs samdrátt eða meira á tekjum miðað við sama mánuð á árinu 2019. Tímabundnir rekstrarörðugleikar geta steðjað að launagreiðendum, þótt tekjusamdráttur þeirra verði innan við þriðjung, ef verulegur hluti teknanna fæst ekki greiddur á gjalddaga. KPMG telur ástæðu til að umræddar greiðslufrestanir nái einnig til þeirra launagreiðenda sem þannig verður ástatt fyrir.

KPMG leggur til að 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. er launagreiðendum, sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls eða falls á innheimtu tekna, heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum skatts í staðgreiðslu af launum skv. 1. og 2. tölul. 5. gr., sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020. Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestað er að uppfylltum skilyrðum þessa ákvæðis verður 15. janúar 2021.

Við mat á því hvort um tekjufall er að ræða skal miða við a.m.k. þriðjungssamdrátt í rekstrartekjum yfir heilan mánuð samanborið við sama mánuð árið 2019. Það telst vera fall á innheimtu tekna ef innheimtar tekjur yfir heilan mánuð nema innan við 60% af innheimtum tekjum í sama mánuði á árinu 2019. Hafi atvinnurekstur staðið í tvö ár eða skemur er heimilt að miða við meðaltekjur og meðal innheimtar tekjur síðastliðinna 12 mánaða.

Jafnframt leggur KPMG til að 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Verði launagreiðandi, sem frestað hefur greiðslum skv. 1. mgr. að uppfylltum skilyrðum, fyrir miklu tekjufalli eða miklu falli á innheimtu tekna á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár, getur hann óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal launagreiðandinn belna til Skattsins fyrir 15. janúar 2021.

Enn fremur leggur KPMG til að 1. og 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er launagreiðendum, sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls eða falls á innheimtu tekna, heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum tryggingagjalds í staðgreiðslu, sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020. Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestun tekur réttilega til verður 15. janúar 2021.

Verði launagreiðandi sem frestað hefur greiðslum skv. 1. mgr., að uppfylltum skilyrðum, fyrir miklu tekjufalli eða miklu falli á innheimtu tekna á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár, getur hann óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal launagreiðandinn beina til Skattsins fyrir 15. janúar 2021.

Í 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að greiðslufrestun nái ekki til launagreiðenda sem áttu við varanlega rekstrarörðugleika að stríða við upphaf árs 2020. Varanlegir rekstrarörðugleikar eru í því sambandi skilgreindir þannig að þeir teljast vera til staðar ef eigið fé, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, var í árslok 2019 neikvætt um fjárhæð sem var hærri en helmingur innborgaðs hlutafjár, stofnfjár eða framlags eiganda. KPMG leggur til að miða ekki einvörðungu við innborgað hlutafé eða stofnfé, heldur einnig við lán frá eigendum, eða að minnsta kosti við víkjandi lán frá eigendum. Víkjandi lán standa aftast í skuldaröð og því kemur ekki til endurgreiðslu þeirra ef eignir hrökkva ekki fyrir skuldum, þ.m.t. þeim frestuðu greiðslum sem hér um ræðir. Fyrir fjárhagsstöðu lögaðila og rekstrarhæfi þeirra eru víkjandi lán frá eigendum hliðstæð eiginfjárframlögum. Taka má dæmi af tveimur félögum, A og B. Eignir beggja nema 100 m.kr. og skuldir beggja nema 100 m.kr., ef frá er talin 50 m.kr. víkjandi skuld B við eigendur sína. Innborgað hlutafé B nemur 10 m.kr., en innborgað hlutafé A nemur 60 m.kr. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem fram er sett í frumvarpinu teldist B eiga við varanlega rekstrarörðugleika að stríða en A ekki. Þó er rekstrarhæfi þeirra með tilliti til fjárhagsstöðu það sama. Eigendur hafa lagt jafnmikið fé til félaganna og í tilviki beggja víkja framlögin að öllu leyti fyrir skuldum.

KPMG leggur til að 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Greiðslufrestun skv. 1. mgr. nær ekki til þeirra sem áttu við varanlega rekstrarörðugleika að stríða við upphaf ársins 2020. Varanlegir rekstrarörðugleikar teljast vera til staðar í þessu sambandi ef heildar eigið fé, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, var í árslok 2019 neikvætt um fjárhæð sem var hærri en helmingur samtölu víkjandi lána frá eigendum og innborgaðs hlutafjár, stofnfjár eða framlags eiganda.¹

KPMG þykir ljóst að fall á innheimtu tekna, sbr. framangreinda umfjöllun um 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, mun gera mörgum fyrirtækjum erfitt að standa skil á virðisaukaskatti á gjalddaga. Fjárhæð sem svarar til útistandandi útskatts þurfa fyrirtæki að sækja í eigin sjóði til að geta staðið í skilum við ríkissjóð. Því telur KPMG að rétt kunni að vera að veita fyrirtækjum, sem þannig stendur á hjá, heimild til frestunar á virðisaukaskattsskilum. KPMG hefur ekki gefist tími til að móta tillögu að frumvarpstexta þar að lútandi, á þeim skamma tíma sem var til umsagnar um frumvarpið.

Í b-lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við álagningu opinberra gjalda 2020 verði einstæðum foreldrum, hjónum og öðru samsköttuðu fólki ákvarðaður sérstakur barnabótaauki. Skal barnabótaaukinn nema 40.000 kr. með hverju barni, ef tekjuskattstofn einstæðs foreldris eða tekjuhærri maka er undir 11.125.045 kr., en barnabótaaukinn skal nema 20.000 kr. með hverju barni ef tekjuskattstofn einstæðs foreldris eða tekjuhærri maka er yfir 11.125.045 kr.

Þær fjárhæðir barnabótauka, sem lagðar eru til, eru það lágar að þær eru ekki til þess fallnar að breyta miklu um fjárhag fjölskyldna sem hafa tekur yfir þeim mörkum sem lögð eru til. KPMG leyfir sér að ætla að betur megi verja fé úr sameiginlegu sjóðum landsmanna en að útdeila 20.000 kr. fyrir hvert barn til fjölskyldna sem hafa vel á annan tug milljóna í tekjuskattstofn. Jafnframt vekur undrun KPMG að lagt

¹ Annað afbrigði tillögunnar er að ákvæðið hljóði eins nema að orðið „víkjandi“ verði felld brott.

skuli til að miða við tekjuskattstofn tekjuhærrí maka, en ekki samanlagðan tekjuskattstofn beggja maka, sem er þó meginregla við ákvörðun barnabóta. Tillagan felur í sér mismunun eftir því hvernig fjölskyldutekjur skiptast milli maka. Miðað við frumvarpstíllöguna fengu hjón 40.000 kr. barnabótaauka með hverju barni þótt tekjuskattstofn hvors þeirra stappi nærri markinu og samanlagður tekjuskattstofn þeirra stappi því nærri 22.250.000 kr. Hins vegar fengu hjón aðeins 20.000 kr. barnabótaauka ef tekjuskattstofn annars þeirra rétt skriði yfir 11.145.045 kr. markið, enda þótt hinn makinn hefði litlar eða engar tekjur. Þetta viðmið af tekjum annars maka er til þess fallið að bitnar á hjónum og sambýlingum þegar svo stendur á að annað þeirra hefur á árinu 2019 verið í námi, óvinnufært vegna sjúkleika eða fötlunar, atvinnulaust eða í fæðingarorlofi.

KPMG leggur til að ákvæði b-liðar 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við álagningu opinberra gjalda á árinu 2020 skal ákvarða mönnum sérstakan barnabótaauka:

1. 40.000 kr. með hverju barni innan 18 ára aldurs ef tekjuskattstofn, skv. 4. mgr. A-liðar 68. gr., er við álagningu ársins 2020 undir 11.125.045 kr. hjá einstæðu foreldri, en samanlagður undir 22.250.090 kr. hjá hjónum og öðru samsköttuðu fólki.

2. Um rétt til sérstaks barnabótaauka gilda að öðru leyti ákvæði A-liðar 68. gr. um barnabætur eftir því sem við á.

Sérstakur barnabótaauki samkvæmt ákvæði þessu telst ekki til skattskyldra tekna.

Ljóst má vera að mörgum atvinnufyrirtækjum mun verða þörf aukins lánsfjár á yfirstandandi ári. Geta banka til lánaþyrngreiðslu mun því skipta miklu máli. Af því tilefni minnir KPMG á frumvarp á þingskjal 626 í 450. máli yfirstandandi löggjafarþings.

Í greinargerð þess frumvarps segir:

„Í frumvarpinu er lagt til að skattalegri meðhöndlun greiðslna af svokölluðum blönduðum fjármálagerningum verði breytt. Tilefnið er m.a. úrskurður yfirskattanefndar frá 15. maí 2019 nr. 95/2019 og bindandi álit ríkisskattstjóra frá 23. nóvember 2018 um skattalega meðhöndlun slíkra gerninga. Í úrskurðinum kemur fram að í núgildandi skattalögum séu ekki fyrir hendi sérstakar skilgreiningar sem komið geta að gagni við að draga mörk skulda og eiginfjárframlaga í einstökum tilvikum. Því geti verið vandasamt að leggja mat á það hvoru megin hryggjar blandaðir fjármálagerningar falli að þessu leyti þar sem oft hafi þeir í heild eða að hluta einkenni bæði skuldar og eiginfjárframlags. Til að mynda getur verið um að ræða víkjandi lán án gjalddaga með skyldu eða heimild til að greiða vexti af höfuðstól. Þá getur verið um að ræða fjármálagerninga sem uppfylla skilyrði f-liðar 2. mgr. 84. gr. b laga um fjármálaþyrngtæki, nr. 161/2002.

Með frumvarpinu er lagt til að frádráttur frá skattskyldum tekjum miðist við greidda vexti en ekki reiknaða, áfallna vexti í þeim tilvikum sem skilyrði fjármálagerninga fela í sér heimild fyrir útgefanda að falla einhliða frá greiðslu vaxta. Í þeim tilvikum sem fjármálagerningar kveða á um greiðslu vaxta, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, verða þeir fyrst gjaldfæranlegir þegar skilyrði til greiðslu þeirra eru uppfyllt.“

Af fyrri málsgreininni framangreindra orða má ráða vilja til breytinga á því hvernig flokka skuli og færa blandaða fjármálagerninga í skattskilum frá því sem fram kemur í niðurstöðu yfirskattanefndar í tilvitnuðum úrskurði hennar og í bindandi áliti ríkisskattstjóra. Sömu niðurstöðu þessara stjórnvalda er einnig að finna í bindandi áliti ríkisskattstjóra nr. 4/2019 og í úrskurði yfirskattanefndar nr. 26/2020 um það bindandi álit. Niðurstaðan er í hnotskurn sú að tilteknir blandaðir fjármálagerningar (AT1) skuli í skattskilum ekki meðhöndlaðir sem skuldir og því séu vextir af þeim ekki gjaldfæranlegir í skattskilum. Umræddir fjármálagerningar uppfylla skilyrði þess að teljast til viðbótar eiginfjárþáttar 1 skv. 2. mgr. 84. gr. b laga nr. 161/2002. Fjármálagerningarnir skulu í reikningshaldi flokkaðir og færðir sem skuldir, en ekki eigið fé. Mál þessi varða fyrirhugaðar ráðstafanir tveggja viðskiptabanka, eins og reifun í umræddum stjórnvaldsákvörðunum ber glögg með sér.

Þrátt fyrir ætlaðan vilja til breytinga á flokkun og færslu fjármálagerninga af þessu toga í skattskilum eru í frumvarpinu ekki lagðar til breytingar sem til þess eru fallnar að ná fram hinum ætlaða vilja. Aðeins er

lögð til breyting sem lýtur að tímamarki gjaldfærslu skilyrta og valkvæðra vaxta en ekki á flokkun og færslu blandaðra fjármálagerninga til skuldar eða eigin fjár eftir atvikum. Forsenda þess að vextir séu gjaldfæranlegir í skattskilum, burtséð frá tímamarkinu, er að vextirnir séu af skuldum, sbr. upphafsákvæði 49. gr. tekjuskattslaga: „Til gjalda sem vextir, afföll og gengistöp af skuldum, sbr. 1. tölul. 31. gr., teljast.“

Í umsögn sinni um frumvarpið benti KPMG á framangreint og gerði tillögu um að við tekjuskattslög yrði aukið ákvæði, svohljóðandi:

„Fjármálagerningar skulu flokkaðir og færðir til skulda eða eigin fjár með sama hætti og í reikningsskilum, sbr. lög um ársreikninga, settar reikningsskilareglur og lög um bókhald.“

Þá tillögu sína ítrekar KPMG hér.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður H. Guðsson', is written over the printed name 'KPMG ehf.'.

Nefndarsvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umögn um frumvarp að lögum „bandorm“ vegna kórónuveiru

Vísað er til stjórnarfrumvarps, á þingskjali 1157 – 683. mál, á 150. löggjafarþingi 2019-2020, til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) styðja almennt inntak frumvarpsins. Í ljósi aðstæðna og krappa tímamarka, takmarkast umsögnin við þau atriði sem snúa með beinum hætti að lífeyrissjóðum, þ.e. lögum [nr. 129/1997](#) um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (lífeyrissjóðalögin / lsjl.).

I. Innheimta dráttarvaxta af vangreiddum iðgjöldum

Vegna fordæmalausra aðstæðna kann að vera mikilvægt fyrir lífeyrissjóði að hafa heimild til að veita tilslakanir á reglum sem kveða á um innheimtu dráttarvaxta á vangreidd iðgjöld.

Í 7. gr. lsjl. segir að lífeyrisiðgjald, til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar, skal greitt reglulega í hverjum mánuði, sbr. 2.–4. mgr. greinarinnar. Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Að öðru leyti fer um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs eða samkvæmt samningum þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. (vörsluaðilar lífeyrissparnaðar).

Hvað skil á iðgjaldi varðar er tekið fram í 7. gr. lsjl. að launagreiðanda sé skylt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. laganna.

Meginreglan er sú að sjóðfélagar fá ekki réttindi nema iðgjöld skili sér til lífeyrissjóðsins. Frá því er hins vegar sú mikilvæga undantekningarregla að launþegar geta, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, áunnið sér rétt miðað við iðgjaldsmánuð þó iðgjöld skili sér eftir eindaga. Því er afar mikilvægt að skýrar reglur gildi og þeim sé fylgt þegar kemur að innheimtu iðgjalda. Í þessu sambandi hafa reglur um tímamörk og framvindu innheimtu þýðingu þegar kemur að ábyrgð Ábyrgðarsjóðs launa á iðgjöldum er tengjast gjaldproti fyrirtækja.

Í samþykktum margra lífeyrissjóða er mælt fyrir um að innheimta skuli dráttarvexti eða vanskilavexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga, nú laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Vegna slíkra ákvæða í samþykktum er takmarkað svigrúm til að innheimta lægri vexti á vangreidd iðgjöld en sem nema dráttarvöxtum.

Yfirstandandi heimsfaraldur hefur nú þegar valdið mörgum iðgjaldagreiðendum vanda við að standa skil á iðgjöldum fyrir sína starfsmenn. Því hafa komið fram sjónarmið um að æskilegt væri að lífeyrissjóðum yrði gert kleift að innheimta lægri vexti vegna vanskila en fulla dráttarvexti. Nú þegar hafa einhverjir sjóðir sett reglur um tilslakanir en sjóðir sem hafa ákvæði í samþykktum um dráttarvexti af vangreiddum iðgjöldum þurfa að breyta samþykktum til að þeim verði heimilt að setja önnur vaxtaviðmið. Samþykktabreytingar taka tíma og kallar á boðun sjóðfélagafunda sem er ekki vænlegur kostur við núverandi aðstæður. Því fara LL fram á það við Alþingi að bætt verði við framangreindan „bandorm“ ákvæði til bráðabirgða við lífeyrissjóðalögin, sem veitti stjórnnum lífeyrissjóða heimild til að setja reglur um lægri vexti en dráttarvexti á innheimtu iðgjalda.

Í III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, eru ákvæði um dráttarvexti. Þar segir í 6. gr. að:

„Dráttarvextir skulu vera samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana (grunnur dráttarvaxta) auk [sjö hundraðshluta álags] » (vanefndaálag), nema um annað sé samið skv. 2. mgr. þessarar greinar. ... » Seðlabankinn skal birta dráttarvexti samkvæmt þessari málsgrein eigi skemur en viku fyrir gildistöku daga dráttarvaxta sem eru [fyrsta dag hvers mánaðar].“

Samkvæmt tilkynningu Seðlabanka Íslands um dráttarvexti og vexti af peningakröfum nr. 02/2020, frá 20. febrúar 2020, eru dráttarvextir nú 10,50%, þ.e. 7% ofan á 3,50% grunnvexti.

Vegna núverandi aðstæðna óska LL eftir því að veitt verði tímabundin laqaheimild til að koma til móts við iðgjaldagreiðendur með tilslökunum á ákvæðum í samþykktum um innheimtu dráttarvaxta. Unnt væri að veita slíka heimild með setningu svohljóðandi bráðabirgðaákvæðis við lög nr. 129/1997:

„Þrátt fyrir ákvæði samþykka lífeyrissjóðs og ákvæði laga um vexti og verðtryggingu er stjórn lífeyrissjóðs heimilt að setja reglur um innheimtu vanskilavaxta sem eru lægri en dráttarvextir, vegna iðgjalda skv. 1. mgr. 2. gr. laganna sem komin eru fram yfir eindaga, Heimild þessi skal gilda vegna iðgjalda fyrir iðgjaldstímabil frá og með 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020.“

LL veita fúslega frekari upplýsingar um beiðni þessa verði eftir því óskað.

II. Heimild til sérstakrar útgreiðslu séreignarsparnaðar, 7. og 8. gr. frumvarps.

Almennt hafa LL lýst sig andsnúin því að veittar séu heimildir til útgreiðslu lífeyrissparnaðar. Byggist sú afstaða á því að lífeyrissparnaði er einkum ætlað það hlutverk að standa undir framfærslu sjóðfélaga eftir starfslok. Vegna fyrirsjánaðra þrenginga kann þó að vera að sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar muni nýtast einhverjum en því miður má þess vænta að þeir sem

einkum muni eiga í greiðsluörðugleikum eigi ekki mikinn sparnað. Viðbótarlífeyrissparnaður er valfrjáls sparnaður og er hér um að ræða heimild til úttektar sem hver og einn metur hvort hann nýtir út frá sinni stöðu.

Þegar kemur til frekari útfærslu á reglum um úttekt séreignarsparnaðar óska LL eftir að eiga þar aðkomu enda mun þá reyna á framkvæmdaratriði sem kalla á samstarf margra aðila.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða,



Þórey S. Þórðardóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar¹ um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru, 683. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar vilja koma eftirfarandi á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd og Alþingi.

Sá hópur fólks sem býr við alverstu kjörin í íslensku samfélagi eru þeir sem engar tekjur hafa aðrar en bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þær bætur eru af óútskýrðum og órökstuddum ástæðum umtalsvert lægri (um 30.000 kr.) en atvinnuleysisbætur, sem enginn er þó of sæll af. Staðreyndin er hins vegar sú að atvinnuleysisbætur eru, sem betur fer, oftast tímabundið ástand hjá þeim sem þurfa að byggja afkomu sína á þeim á meðan örorkubótaþegar eru í þessari kröppu stöðu árum saman og margir allt sitt líf, án tækifæra til þess að afla sér annarra tekna.

Með vísan til framangreinds telja Landssamtökin Proskahjálpar augljóst að það eigi að vera forgangsmál að bæta kjör fatlaðs fólks og öryrkja eins og segir að skuli gert í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar:

Ísland á að vera land tækifæranna fyrir alla. Til að svo megi verða þarf að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Gerð verður úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillögur til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir.

Landssamtökin Proskahjálpar lýsa eindregnum vilja og áhuga til að hafa samstarf og samráð við ríkisstjórnina og Alþingi um hvernig megi án frekari tafa standa við þessa skýru yfirlýsingu.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Proskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Proskahjálpar

¹ Landssamtökin Proskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og fötluð börn. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SP og öðrum fjölbjóðlegum mannréttindasamningum. Um 20 félög eiga aðild að samtökunum með um 6 þúsund félagsmenn.

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi - nefndasvið
b.t. Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru, 683. mál á 150. löggjafarþingi.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Þann 22. mars voru þær kynntar fyrir fjölmiðlum.

Í umsögninni miða ég við börn sem búa á tveimur heimilum, þar sem forsjá er sameiginleg og umgengni er jöfn.

Meðal þeirra aðgerða sem ráðast á í er að greiða eingreiðslu „til að styðja við fjölskyldur vegna röskunar á aðstæðum.“¹ Þetta er enn betur útfært á glæru 30 en þar segir að „barnafólk fái greidda eingreiðslu með hverju barni innan 18 ára aldurs.“ Markmiðið er sagt vera að „koma til móts við barnafjölskyldur vegna raskana af völdum faraldursins, s.s. vegna skertar starfsemi grunn- og leikskóla.“ Neðst á glæru 30 stendur að ef forsjá sé sameiginleg að þá muni upphæðin skiptast jafnt á milli foreldra þess.²

Í frumvarpsdrögunum er dregið í land með þessar áætlanir því þar stendur í 3. lið b. 3. gr. að um rétt til sérstaks barnabótaauka gildi ákvæði A-liðar 68. gr. um barnabætur, lög 90/2003.³ Í A-lið 68. gr. laga 90/2003 er sérstaklega tekið fram að ekki sé litið til þess hver sé framfærandi barns heldur aðeins hvar barn hefur lögheimili í lok árs.

Hjá Skattinum stendur um rétt til barnabóta:

„Við ákvörðun [...] er fyrst og fremst litið til þess hjá hverjum barnið er skráð til heimilis í árslok samkvæmt Þjóðskrá og skiptir ekki máli þótt barnið hafi ekki verið á framfæri hans allt árið“⁴

Að ofangreindu er ljóst að barnabætur fara ekki til „framfærenda“ heldur til lögheimilis barnsins og að ekki sé tekið tillit til þess hver greiði framfærslu.

Sýslumaður skilgreinir framfærslu sem:

„Með framfærslu er átt við almennan kostnað sem fellur til vegna barnsins s.s. vegna fæðis, klæðis, almenn læknisþjónusta, tómstundir og hvað annað sem fellur til vegna barns.“

Framfærsluskylda hvílir á báðum foreldrum barns skv. 1. mgr. 53. gr. barnalaga.⁵ Báðir foreldrar barns eru því framfærendur í skilningi barnalaga. Lögin eru einnig túlkuð með þeim hætti að þegar barn er í umgengni að þá standi umgengnisforeldrið straum af öllum framfærslukostnaði barnsins á meðan á

¹ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9ee989c8-6ba2-11ea-9462-005056bc4d74>, glæra 28

² <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9ee989c8-6ba2-11ea-9462-005056bc4d74>, glæra 30

³ <https://www.althingi.is/altext/150/s/1157.html>

⁴ <https://www.rsk.is/einstaklingar/vaxtabaetur-og-barnabaetur/barnabaetur/>

⁵ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html>

umgengni stendur. Auk framfærslukostnaðar að þá greiðir umgengnisforeldrið jafnframt meðlag til hins foreldrisins. Ekki er hægt að semja um lægra meðlag en einfalt meðlag samkvæmt 2. mgr. 55. gr. barnalaga.

Hugtakið fjölskylda er ekki skilgreint í neinum lögum á Íslandi. Nýleg skilgreining á hugtakinu er:

„Fjölskylda er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila saman tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimirnir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu.“⁶

Í þessari skilgreiningu er fjölskylda ekki bundin við lögheimili heldur um þau gildi sem gerir hóp fólks að fjölskyldu.

Í þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti árið 1996 um Opinbera fjölskyldustefnu er hugtakið „lögheimili“ hvergi að finna og hugtakið fjölskylda hvergi bundið við lögheimili eða eitt heimili.⁷ Fjölskylda og lögheimili eru því ekki óaðskiljanleg hugtök.

Þegar forystufólk ríkisstjórnarinnar kynnr tillögu að eingreiðslu til að koma til móts við barnafjölskyldur vegna raskana af völdum faraldursins að þá kemur ekkert fram um að þetta eigi ekki við alla foreldra. Það er því líklegt að gleymst hafi að huga að því þegar fyrirbyggjandi frumvarp var samið.

Börn og fátækt

Nýleg skýrsla Velferðarvaktarinnar⁸ um börn og fátækt sýnir að börn einstæðra foreldra séu í mikilli hættu á að upplifa fátækt. Í skýrslunni eru hins vegar taldar upp breytur sem takmarka ályktunargildi rannsóknarinnar. Höfundur rannsóknarinnar bendir á að mikilvæga breytu vanti til að hægt sé að álykta um fátækt barna sem búa hjá einstæðu foreldri:

„Að lokum er mikilvæg að afla upplýsinga hvað áhrif skipt búseta barna hefur á lífskjör þeirra og hvernig misræmi á milli fjárhags þeirra heimila sem þau búa á hefur áhrif á félagslega stöðu þeirra og upplifanir. Raunar vantar reglubundna öflun upplýsinga um skipta búsetu barna, til dæmis hvernig búsetan skiptist á milli foreldra, hvernig skiptingunni er háttað, hvaða áhrif hún hefur á skiptingu kostnaðar á milli foreldra, svo dæmi séu nefnd.“

Mikilvæga breytan sem vantar er búseta barna og staða barna hjá umgengnisforeldri.

Í skýrslu um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum⁹ er sýnt fram á að börn séu í mestri hættu á að upplifa fátækt hjá umgengnisforeldri. Skýrslan bendir á nokkur mikilvæg atriði:

„Þessar niðurstöður ganga gegn þeim staðalímyndum sem algengastar eru um ráðstöfunartekjur þessara hópa þar sem litið hefur verið á feður sem „breiðu bökin“ sem líta má fram hjá þegar kemur að bóta og styrkjakerfi, en einstæðar mæður sem einsleitan hóp sem stæði verr. Þetta er nýr raunveruleiki sem blasir við og verður nú skiljanlegur að sá hópur sem vaxið hefur hraðast hjá velferðarsviðum sveitarfélaga eru einmitt feður sem halda börnum sínum ekki lögheimili. Sömu sögu er að segja hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.“

⁶ <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4485>

⁷ <https://www.althingi.is/altext/121/s/0072.html>

⁸ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=fe83e85e-3b3b-11e9-9435-005056bc530c>

⁹ https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/09frettatengtfel09/skyrsla_nefndar_um_stodu_barna_i_mismunandi_fjolskyldugerfum.pdf

Öllum er ljóst að slæm fjárhagsstaða foreldra getur haft áhrif á félagslega og andlega stöðu þeirra. Feður í miklum fjárhagslegum vandamálum eiga því á hættu að geta illa sinnt börnum sínum eða boðið þeim góðar aðstæður. Ljóst er að stokka þarf spilin og gefa upp á nýtt þar sem tekið er mið af gjörbreyttum aðstæðum í þjóðfélaginu, sérstaklega þeirri staðreynd að börn dvelja mun meira á tveimur heimilum en áður var“

Í sumum tilfellum eru börn fötluð/með greiningar. Ekkert tillit er tekið til þess þegar hið opinbera greiðir bætur eða veitir aðstoð. Öll aðstoð fer á lögheimili. Þetta getur verið mjög íþyngjandi fyrir umgengnisforeldri og getur aukið líkur á því að barn sem lifir að öllu jöfnu á vel stæðu heimili lifi í fátækt hálf t.árið (sé umgengni jöfn). Þó opinber tölfræði sýni að barnið búa á vel stæðu heimili að þá lendir barnið í að upplifa allar slæmu hliðar fátæktar sem það munu fylgja því til frambúðar, t.d. slæm heilsa, lélegt sjálfsmat o.s.fr.v.

Hækkun barnabóta út í hið óendanlega skilur hóp barna enn eftir í fátækt. Barnabætur eins og þær eru útfærðar í dag leysa því ekki vanda barna í viðkvæmri stöðu.

Þegar umgengni er jöfn að þá skiptist flest allur kostnaður jafnt. Bæði heimili verða að hafa húsnæði, fæði, klæði, fara með börn í tómsundur, til læknis, í afmæli og svo framvegis. Þegar faraldur gengur yfir að þá er handahófskennt hvernig kostnaðurinn lendir á foreldrum. Það er mjög óvarlegt að ganga út frá því að kostnaður vegna barna lendi bara á öðru heimilinu. Það er hægt að segja að það sé mjög langsótt ályktun.

Það er ljóst að miklar raskanir af völdum kórónuveirunnar munu hafa slæmar afleiðingar á bæði heimili barna. Það er einnig ljóst að börn sem búa á heimili sem fær engan stuðning er líklegra til að upplifa slæmar afleiðingar fátæktar. Þessi áhætta eykst enn meira á meðan faraldurinn gengur yfir. Það er nauðsynlegt að draga úr þeirri hættu með breytingu á frumvarpi þessu.

Barnasáttmáli SP

Barnasáttmáli SP var lögfestur á Íslandi árið 2013 með lögum 13/2013. Ísland hefur því skuldbundið sig til að framfylgja sáttmálanum.

Í 2. gr. sáttmálans er kveðið á um að aðildarríki skuli virða og tryggja réttindi án mismununar, t.d. stöðu foreldra.

Í 3. gr. sáttmálans er lögð áhersla á að það sem barni sé fyrir bestu skuli hafa forgang.

Í 5. gr. sáttmálans segir að aðildarríki skuli virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra.

Í 18. gr. sáttmálans er lög áhersla á að aðildarríki skuli gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Til að ná þessu markmiði skulu aðildarríki veita foreldrum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar.

Í 23. gr. sáttmálans er kveðið á um að aðildarríki viðurkenni að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg og virkri þátttöku í samfélaginu.

Í 26. gr. sáttmálans er lögð sú skylda á aðildarríki að þau viðurkenni rétt hvers barns til að njóta félagslegrar aðstoðar, þar með talið almannatrygginga. Jafnframt að bætur skuli veittar með hliðsjón af eignum og aðstæðum barns og þeirra sem bera ábyrgð á framfærslu þess.

Með því að styðja umgengnisforeldri ekki með neinum hætti að þá er verið að brjóta fjölmargar greinar Barnasáttmála Sp. Með því að styðja ekki sömu foreldra á tímum heimsfaraldar að þá er verið að setja hóp barna í 2. flokk. Áhrif fátæktar er erfitt að taka til baka. Þessi hópur mun vera í mjög viðkvæmri stöðu, mögulega svo mánuðum skiptir. Vonandi ekki lengur. Það getur ekki verið tilgangurinn með þessu frumvarpi.

Tillaga til breytinga

Til að koma til móts við allar barnafjölskyldur og draga úr hættunni á því að börn upplifi neikvæðar hliðar fátæktar að þá legg ég til að 3. lið. b. liðar 3. gr. verði breytt úr:

„3. Um rétt til sérstaks barnabótaauka gilda að öðru leyti ákvæði A-liðar 68. gr. um barnabætur eftir því sem við á.“

og í:

„3. Um rétt til sérstaks barnabótaauka verður litið til forsjár barns. Ef barn er í sameiginlegri forsjá skiptist upphæðin jafnt á milli foreldra þess.“

Breytingartillagan er tekin orðrétt upp úr glærुकyningu ríkisstjórnarinnar.

Ég vona að þið takið jákvætt í umsögn mínar og tillögur og tryggið að börn og foreldrar upplifi sig ekki sem 2. flokks í þessu samfélagi og á tímum þar sem nauðsynlegt er að við öll stöndum saman.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson

Stjórnvöld munu ráðast í þrjár aðgerðir til að vernda fólk við núverandi aðstæður



- | | | |
|---|---------------------------|--|
| 4 | Laun í sóttkvi | ▪ Endurgreiðsla til atvinnurekenda vegna óvinnufærra starfsmanna í sóttkvi |
| 5 | Barnabótaauki | ▪ Eingreiðsla til að styðja við fjölskyldur vegna röskunar á aðstæðum |
| 6 | Úttekt séreignarsparnaðar | ▪ Heimild til úttektar séreignarsparnaðar til frjálsra nota |

28

Barnabótaauki

5 Stjórnvöld munu einnig koma til móts við fjölskyldur yfir 80 þúsund barna



Aðgerðin	▪ Þann 1. júní fær barnafólk greidda eingreiðslu með hverju barni innan 18 ára aldurs
Útfærsla	▪ Foreldrar með lægri meðaltekjur en 927 þús. kr. á mánuði árið 2019 fá 40.000 kr. á hvert barn ¹ ▪ Aðrir fá 20.000 kr.
Markmið	▪ Koma til móts við barnafjölskyldur vegna raskana af völdum faraldursins, s.s. skertrar starfsemi grunn- og leikskóla ▪ Áætlað er að stuðningurinn nemi um 3,1 ma. kr. og renni til foreldra yfir 80 þúsund barna

¹ Fyrir foreldra í sambúð er miðað við tekjur þess sem var tekjuhæmi við ákvörðun upphæðarinnar. Ef barn er í sameiginlegri forsjá skiptist upphæðin jafnt á milli foreldra þess

30

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi - nefndasvið
b.t. Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2020

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru, 683. mál á 150. löggjafarþingi.

Þessi umsögn er til viðbótar við umsögn sem ég sendi inn um sama mál þann 23. mars s.l.¹

Í fyrri umsögn vantaði raunveruleg dæmi sem sýna fram á raunverulegan mun heimila barna. Úr því bætir þessi umsögn.

Áður en lengra er haldið að þá þarf að benda á að aðstæður barna eru ekki foreldrum að kenna. Fötlun barns er ekki foreldrum að kenna, atvinnuleysi er ekki foreldrum að kenna og að greiðslur bóta fari allar aðeins á eitt heimili er ekki foreldrum að kenna. Þetta eru allt ytri aðstæður. Greiðslur bóta er á ábyrgð Alþingis og ábyrgðin liggur augljóslega þar.

Hugmyndir um tvöfalda búsetu eiga ekki við í þessu samhengi. Þó þær verði lögfestar að þá munu þær ekki leysa fátækt barna eða vanda fjölskyldna við núverandi aðstæður. Það eina sem leysir fátækt barna eru aðgerðir alþingis um að jafna stöðu heimila svo barnið fái notið þeirra réttinda sem því eiga að vera tryggðir í Barnalögum² og Barnasáttmála SP³. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Í þessar umsögn er miðað við að barn sé eitt, forsjá sé sameiginleg, umgengni jöfn, foreldrar séu atvinnulausir og á bótum, bæði heimili sé á höfuðborgarsvæðinu, að bílar séu á hvoru heimili og að barn sé með greiningu og falli í 25% flokk umönnunargreiðslna.

Ráðstöfunartekjur heimila

Ráðstöfunartekjur heimila skipta miklu máli þegar ákvarðað er hvort barn lifi í fátækt eða ekki. Allar upplýsingar um upphæðir fékk ég á vefsíðum viðkomandi stofnana eða á vef Alþingis. Ég studdist einnig við reiknivélar Skattsins. Þetta er þar af leiðandi ekki minn útreikningur heldur opinberra stofnana.

Upplýsingar um atvinnuleysisbætur fékk ég á heimasíðu Vinnumálastofnunar.⁴ Upplýsingar um meðlag fékk ég á heimasíðu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.⁵ Upplýsingar um barnabætur fékk ég á heimasíðu Skattsins.⁶ Upplýsingar um umönnunargreiðslur og niðurfellingu bifreiðagjalda fékk ég á heimasíðu Tryggingastofnunar⁷. Upplýsingar um neysluviðmið fékk ég á heimasíðu Stjórnarráðsins.⁸

¹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-1636.pdf>

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html>

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html>

⁴ <https://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/fjarhaedir-og-greidslur-atvinnuleysisbota/fjarhaedir-atvinnuleysisbota>

⁵ <https://www.medlag.is/>

⁶ <https://www.rsk.is/einstaklingar/reiknivelar/reiknivel-barnabota/>

⁷ <https://www.tr.is/fjolskyldur/umonnunargreidslur>

⁸ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/nevsluvidmid/reiknivel-fyrir-nevsluvidmid/>

Engar upplýsingar eða gögn eru ályktaðar heldur eru þær allar staðreyndir sem fást á heimasíðum stjórnvalda og Alþingis.

	Lögheimili	Heimili II	Heimili II með sama til ráðstöfunar	
Atvinnuleysisbætur:	289.510	289.510	517.000	x1,79
Frádráttur:	54.340	54.340	143.390	
Til ráðstöfunar eftir frádrátt:	<u>235.170</u>	<u>235.170</u>	<u>373.610</u>	
Meðlagsgreiðsla:	+35.565	-35.565	-35.565	
Barnabætur:	+31.208	+0	+0	
Umönnunargreiðsla:	+45.108	+0	+0	
Afsláttur af birfreiddagjöldum:	+1.250	+0	+0	
Samtalst breytingar	<u>+113.131</u>	<u>-35.565</u>	<u>-35.565</u>	
Til ráðstöfunar á mánuði:	<u>348.301</u>	<u>199.605</u>	<u>338.045</u>	
Neysluviðmið 2019:	-246.243	-236.050	-236.050	
Til ráðstöfunar upp í húsnæðiskostnað:	<u>102.058</u>	<u>-36.445</u>	<u>101.995</u>	
Munur á milli heimila:	138.503			

Meðfylgjandi tafla sýnir með óumdeilanlegum hætti að staða heimilanna er mjög ójöfn. Annað heimilið fær allan stuðninginn og að auki þarf heimili II að greiða meðlag. Ráðstöfunartekjur lögheimilisins eru 75% hærri. Þegar búið er að draga frá kostnað í samræmi við Neysluviðmið stjórnvalda að þá hefur lögheimilið 102 þúsund krónur upp í húsnæðiskostnað en hitt heimilið vantar 36 þúsund krónur til að vera á núlli. Staða heimilanna sem stjórnvöld setja þau í er mjög ójöfn. Til að Heimili II (umgengnis- og forsjárforeldri) hefði það sama til ráðstöfunar í húsnæðiskostnað að þá þyrftu tekjur þess að vera 517 þúsund krónur á mánuði eða 79% hærri en lögheimilisins. Það er því ljóst að stjórnvöld eru að leggja þyngru byrðar á þá foreldra sem eru bæði umgengnis- og forsjárforeldrar. Það er einnig mögulegt að finna skýringar á launamun kynjanna í þessum tölum þar sem flest börn hafa lögheimili hjá móður eftir skilnað. Tekjur feðra þurfa því eðli máls samkvæmt að vera hærri en mæðra til að börn búi við jafn góð skilyrði á báðum heimilum.

Það er ekkert sem réttlætir að allur stuðningur fari á annað heimilið þegar ábyrgð og umgengni er hin sama. Þetta byggir á gömlum lögum og gömlu hugarfari.

Nú þegar greiða á öllum fjölskyldum barna greiðslu til að hjálpa þeim að standa undir framfærslu barna sinna á óvissutímum að þá er ekkert sem réttlætir það að öll greiðslan fari á annað heimilið. Það er ljóst að það eykur hættu barna á að lenda í fátækt. Þó barn búi í vellystingum á öðru heimilinu að þá skiptir það ekki máli ef það þarf að lifa í fátækt á hinu heimilinu. Afleiðingar fátæktar hafa neikvæð áhrif á það.

Framfærendur barna

Í Barnalögum er skýrt kveðið á um að ábyrgð á framfærslu hvíli á báðum foreldrum þess. Það er einnig ljóst að á meðan á umgengni stendur að þá greiðir umgengnisforeldrið framfærslu barnsins. Það er

ekki hægt að halda öðru fram. Á heimasíðu Stjórnarráðsins kemur fram að ef barn býr hálf árið hjá öðru foreldrinu að þá lækkar kostnaður lögheimilisforeldris um 31.305 krónur.⁹

Dæmigert viðmið fyrir heimili

Forsendur

Fjöldi fullorðinna: 1

Fjöldi barna: 1

Frádráttur vegna umgengni: 31.305

Það er því sá kostnaður sem lögheimilisforeldrið sparar sér þegar barn er í jafnri umgengni. Það er einnig sjá kostnaður sem fellur á umgengisforeldrið. Þessi kostnaður að viðbættu meðlagi er 66.870 krónur á mánuði. Á ári þá er þessi kostnaður 802.440 krónur.

Það er því óumdeilt að umgengnisforeldri er framfærandi barns. Ef það væri ekki einnig framfærandi barns að þá væri kostnaður lögheimilisforeldris vegna barnsins á heimasíðu Stjórnarráðsins hinn sami óháð umgengni. Fullyrðingar um annað stangast á við gögn stjórnvalda. Þeir sem eru á þeirri skoðun að aðeins lögheimili sé framfærandi barns þurfa að hrekja framsetningu stjórnvalda á þessum gögnum. Bæði heimili barns eru því framfærendur.

Samantekt

Það er ljóst að byrðar foreldra eru ekki þær sömu búi foreldrar ekki saman og búi barn á tveimur heimilum. Mun þyngri byrðar eru settar á það foreldri sem ekki hefur lögheimili. Það er ákvörðun stjórnvalda að leggja þessar byrðar á foreldrana en ekki foreldranna sjálfra. Það dregur úr getu annars heimilisins að standa undir framfærslu barns og eykur hættu á að barn búi við fátækt. Hækkun barnabóta leysir ekki þennan vanda.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún ætli að greiða öllum barnafjölskyldum eingreiðslu vegna núverandi ástands.

Í greininni „Viðspyrna fyrir Ísland“ sem birtist í Morgunblaðinu þann 28. mars segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra að „*sérstakur barnabótaauki verð[i] greiddur fjölskyldum allra barna á Íslandi í sumar.*“¹⁰ Verði frumvarpið óbreytt að lögum að þá er ljóst að fullyrðing forsætisráðherra stenst ekki. Frumvarpið eins og það er sett fram hljóta því að vera mistök. Þess vegna legg ég til að frumvarpinu verði breytt með það til hliðsjónar.

Til að koma til móts við allar barnafjölskyldur og draga úr hættunni á því að börn upplifi neikvæðar hliðar fátæktar að þá legg ég til að 3. lið. b. liðar 3. gr. verði breytt úr:

„3. Um rétt til sérstaks barnabótaauka gilda að öðru leyti ákvæði A-liðar 68. gr. um barnabætur eftir því sem við á.“

og í:

„3. Um rétt til sérstaks barnabótaauka verður litið til forsjár barns. Ef barn er í sameiginlegri forsjá skiptist upphæðin jafnt á milli foreldra þess.“

⁹ [https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/nevsluvidmid/reiknival-fyrir-nevsluvidmid/\\$Nevsluvidmid2018/Index/?Length=20](https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/nevsluvidmid/reiknival-fyrir-nevsluvidmid/$Nevsluvidmid2018/Index/?Length=20)

¹⁰Morgunblaðið 28. mars 2020

Breytingartillagan er tekin orðrétt upp úr glærukynningu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingum Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra. Ég vona að þið takið jákvætt í umsögn mína og tillögur og tryggið að börn og foreldrar upplifi sig ekki sem 2. flokks í þessu samfélagi og á tímum þar sem nauðsynlegt er að við öll stöndum saman.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Júlíusson

Stjórnvöld munu ráðast í þrjár aðgerðir til að vernda fólk við núverandi aðstæður



- | | | |
|---|---------------------------|--|
| 4 | Laun í sóttkvi | ▪ Endurgreiðsla til atvinnurekenda vegna óvinnufærra starfsmanna í sóttkvi |
| 5 | Barnabótaauki | ▪ Eingreiðsla til að styðja við fjölskyldur vegna róskunar á aðstæðum |
| 6 | Úttekt séreignarsparnaðar | ▪ Heimild til úttektar séreignarsparnaðar til frjálsra nota |

28

Barnabótaauki

5 Stjórnvöld munu einnig koma til móts við fjölskyldur yfir 80 þúsund barna



Aðgerðin	▪ Þann 1. júní fær barnafólk greidda eingreiðslu með hverju barni innan 18 ára aldurs
Útfærsla	▪ Foreldrar með lægri meðaltekjur en 927 þús. kr. á mánuði árið 2019 fá 40.000 kr. á hvert barn ¹ ▪ Aðrir fá 20.000 kr.
Markmið	▪ Koma til móts við barnafjölskyldur vegna raskana af völdum faraldursins, s.s. skertrar starfsemi grunn- og leikskóla ▪ Áætlað er að stuðningurinn nemi um 3,1 ma. kr. og renni til foreldra yfir 80 þúsund barna

¹ Fyrir foreldra í sambúð er miðað við tekjur þess sem var tekjuhæmi við ákvörðun upphæðarinnar. Ef barn er í sameiginlegri forsjá skiptist upphæðin jafnt á milli foreldra þess

30

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umsögn Orlofssjóðs BHM (OBHM) um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Þingskjal 1157 — 683. mál.

Hér á eftir fara athugasemdir Orlofssjóðs BHM (OBHM) við ofangreint frumvarp. Hluti af þeim aðgerðum sem settar eru fram í frumvarpi þessu ná til breytinga á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Ráðgert er að bæta þremur ákvæðum við lögin til bráðabirgða sem ætlað er að rýmka endurgreiðsluheimildir virðisaukaskatts vegna kostnaðar viðhalds- og nýframkvæmda sem og hönnunar- og eftirlitskostnaðar. Í frumvarpinu er tekið fram að heimildin nái til mannúðar- og líknarfélaga, íþróttafélaga, björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeila og einstökum félagseiningum sem starfa undir merkjum samtakanna.

Í greinagerð frumvarpsins segir að tilefni lagasetningarinnar sé meðal annars að tryggja að neikvæð áhrif heimsfaraldurs á efnahagslíf vari sem skemmst, að fyrirbyggja tjón og skapa aðstæður með skattaráðstöfunum sem geti örvað eftirspurn og þannig spornað við minnkandi umsvifum í hagkerfinu og fækkun starfa af völdum kórónuveirunnar.

Með vísan til ofangreinds leggur OBHM til að rýmkaðar endurgreiðsluheimildir frumvarpsins nái einnig til orlofssjóða stéttarféлага sem starfa ekki eftir hagnaðarsjónarmiðum og stunda ekki atvinnurekstur.

Ljóst er að frumvarpinu er ætlað að búa til hvata fyrir einstaklinga og þau félög sem undir það falla að ráðast í framkvæmdir og hraða þeim. Bent er á að orlofssjóðir eru í kjöraðstöðu til að leggja sín lóð á vogarskálarnar þegar kemur að viðspyrnu. Eignasöfn sjóðanna dreifast vítt og breytt um landið og til svæða sem reitt hafa sig á framkvæmdir innan ferðaþjónustunnar sem munu fyrirsjáanlega dragast verulega saman á komandi misserum. Þeir geti því, ef hvatinn er til staðar, verið í aðstöðu til að auka eftirspurn eftir verktökum á landsbyggðinni sem og innan höfuðborgarsvæðisins sem hafa til þessa reitt sig á verkefni tengdum ferðaþjónustu.

Næði endurgreiðsluheimild frumvarpsins til orlofssjóða stéttarféлага má leiða líkur að því að viðhalds- og byggingarframkvæmdum á vegum sjóðanna yrði forgangsraðað og flýtt til að rúmast innan þess tímaramma sem skilgreindur er í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Erna Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri BHM



Nefndasvið Alþingis

Efnahags- og viðskiptanefnd

nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 24. mars 2020

Umsögn PwC um þingskjal 1157 – 683 mál. – frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar kórónuveiru.

Vísað er til tölvuskeytis nefndasviðs Alþingis þann 23. mars 2020 þar sem PwC er boðið að veita umsögn um framangreint frumvarp.

PwC er fylgjandi meginmarkmiðum og inntaki frumvarpsins en telur ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir:

1. grein

PwC vill gjalda varhug við þeim viðmiðunum/skilyrðum sem kveðið er á um svo fyrirtæki geti nýtt sér heimild til að óska eftir greiðslufresti allt að þremur greiðslum skatts í staðgreiðslu af launum.

Frumvarpið gengur út frá því að úrræðið standi þeim fyrirtækjum til boða sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða. Í því sambandi skal miða við a.m.k. þriðjungssamdrátt í rekstrartekjum yfir heilan mánuð samanborið við sama mánuð árið 2019.

Þar sem þetta er úrræði sem grípa þarf til strax þá verður óhjákvæmilegt að miða við fyrirbyggjandi uppgjör frá mánuði til mánaðar. Hættan er hins vegar sú að þá liggi ekki endanlega fyrir hver verða áhrif þeirra erfiðleika sem nú steðja af fyrirtækjum. Þannig getur fyrirtæki sem er með verulegan samdrátt í tekjum milli einstakra mánaða 2020 og 2019 en samt undir þriðjungi lent í verulegum rekstrarvanda ef kröfur vegna seldrar þjónustu innheimtast ekki. Vegna þeirrar óvissu sem óhjákvæmilega mun verða um innheimtu krafna telur PwC því full tilefni til að velta því upp hvort viðmiðunin um þriðjungs samdrátt rekstrartekna sé ekki of há.

PwC setur líka spurningarmerki við ákvæði 3. málsgreinar. Orðalagið „*nægt eigið fé til að sækja sér lánaþyrirgreiðslu á almennum markaði eða nægt handbært fé til að standa straum af útgjöldum til rekstrar þegar þau falla í gjalddaga*“ er að mati PwC allt of almennt orðað og á án efa eftir að verða mjög erfitt að framkvæma. Hver á að meta hvað er nægjanlegt eigið fé svo fyrirtæki geti sótt sér lánaþyrirgreiðslu? Og, hver á að meta hvað er nægjanlegt handbært fé til að standa straum af útgjöldum til rekstrar á gjalddaga? Svarið liggur út af fyrir sig fyrir. Matið liggur hjá Skattinum. Úrræðið varðar hins vegar staðgreiðsluframkvæmd og því gengur ekki að vera með ákvæði sem eru mjög matskennd og kalla eftir atvikum á ítarleg uppgjörsgögn svo hægt sé að leggja mat á þessa þætti. Það þarf að hraðar hendur og afgreiðsla umsókna má ekki taka of langan tíma og verða of viðurlutamikil fyrir fyrirtæki



landsins, nægur er vandinn fyrir. Það er svo að sjálfsögðu staðan í dag sem skiptir máli en ekki í lok síðasta rekstarárs. Þannig kann fyrirtæki að hafa haft ágætis eiginfjárstöðu í lok síðasta rekstarárs en hratt gengið á sjóði sína á árinu, óháð hruninu núna. Verður gerð krafa um sérstakt uppgjör til að styðja við umsókn til skattsins og hvaða kröfur verða gerðar varðandi þau uppgjör, þarf einhvers konar staðfestingu á það uppgjör?

PwC telur líka vart fá staðist að vera með ákvæði sem segir að fyrirtæki sem greiði út arð á árinu 2020 geti ekki nýtt sér úrræðið. Fyrirtæki kunna að hafa greitt út arð strax í upphafi árs, þ.e. vel áður en þau áföll dundu yfir sem eru ástæða þeirra aðgerða sem stjórnvöld grípa nú til. Hér er því of langt gengið.

2. grein

Um er að ræða sambærilegt úrræði varðandi tryggingagjald og um staðgreiðslu launa í 1. gr. Því eru hér gerðar sambærilegar athugasemdir.

12. grein

PwC gerir ekki athugasemd við efni þessarar greinar heldur þvert á móti telur það mjög mikilvægt. Ákvæðið hefur hins vegar bein tengsl við tillögu í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2020 – þingskjal 1172 – 695 mál. Þar er í heimildargrein 7.32 sbr. 4. gr. frumvarpsins kveðið á um heimild ráðherra til að semja við Seðlabanka Íslands um að hafa milligöngu um að færa lánastofnunum aukin úrræði til að veita viðbótarlánafyrirgreiðslu til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna alheimsfaraldurs kórónaveirunnar. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að ráðherra muni í samningi við Seðlabanka setja tiltekin skilyrði.

PwC vill gera sérstaka athugasemd við eitt þessara skilyrða, þ.e. það að launakostnaður fyrirtækis þurfi að hafa verið a.m.k. 25% af heildarútgjöldum undangengis árs.

Rekstrarmódel fyrirtækja eru mismunandi og launakostnaður vegur mismunandi mikið. Hjá mörgum fyrirtækjum liggur mikill kostnaður í hráefni, aðföngum, vélum og tækjabúnaði, húsaleigu, o.s.frv. Mörg þessara fyrirtækja eru um leið mjög upptekin af því að minnka yfirbyggingu, kaupa þjónustu að, s.s. rekstar, launa og uppgjörsvinnu og halda þar með launakostnaði og um leið launahlutfalli, eins lágu og kostur er. Þessi fyrirtæki kunna við þetta að detta milli stafs og bryggju við framkvæmd þeirra úrræða sem nú hafa verið kynnt. PwC skorar á Alþingi að beita sér fyrir að stjórnvöld, þ.e. ráðherra og Seðlabanki hafi þetta í huga við beitingu þessarar heimildar.

Virðingarfyllst,

PricewaterhouseCoopers ehf.

Friðgeir Sigurðsson

Friðgeir Sigurðsson, lögfr.
Forstjóri PwC

Ágætu viðtakendur,

Ég vil fyrir hönd Reykjavíkurborgar koma á framfæri **viðbótarábendingu** vegna frumvarps til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónaveiru – 683. mál.

Við nánari yfirferð á 11. grein frumvarpsins um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er **ekki skýrt** kveðið á um hver skuli vera gjalddagi og eindagi greiðsla fasteignaskatta sem frestað er að uppfylltum skilyrðum. Í fyrstu grein laganna sem snýr að heimild til að fresta greiðslum á staðgreiðslu opinberra gjalda er kveðið á um að **gjaldalagi/eindagi skuli vera 15. janúar 2021**. Í 11. greininni er vísað til þess **að sömu skilyrði og málsmeðferðarreglur skuli gilda og í 2. – 4. mgr. 1. greinar**, þar er því undanskilin 1. mgr. þar sem gjalddagi/eindagi er tilgreindur.

Í 2. mgr. 11. greinarinnar sem síðan sagt: „*getur hann óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal launagreiðandinn beina til sveitarfélags fyrir 15. janúar 2021.*“ Hér má skilja sem svo að **skylt sé að fresta greiðslum fasteignaskatta til júní, júlí og ágúst 2021** uppfylli fyrirtækið skilyrðin.

Mér finnst líklegt að hér sé um mistök að ræða, því í greinargerð með frumvarpinu er í lið 3.11 **vísað í 1.-4. og 8. mgr. sbr. 1. grein frumvarpsins**: „*Í öðru lagi er lagt til að gjaldendum fasteignaskatta skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sé heimilt að fresta gjalddögum með sama hætti og með sömu skilyrðum og málsmeðferðarreglum og kveðið er á um í 1.-4. og 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, sbr. 1. gr. frumvarpsins.*“

Mikilvægt er að fá þessu breytt, þannig að gjalddagi/eindagi sé 15. janúar 2021, eins og kveður á um önnur opinber gjöld.

P.s. Feitletraður texti er til þess fallinn að draga sérstaklega fram það sem mikilvægt er.

Með kveðju,

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14

105 Reykjavík
Sími: +354 411-1111

Netfang: halldora.karadottir@reykjavik.is



RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Alþingi	24. mars 2020	20030086
efnahags- og viðskiptanefnd		11.01
Austurstræti 8-10		GJJ
150 Reykjavík		

Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru – þskj. 1157, 683. mál.

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Ríkisendurskoðun tekur ekki afstöðu til efnislegra þátta frumvarpsins enda er forsenda þeirra háð stjórnmalalegu mati ríkisstjórnar Íslands á aðstæðum í samfélaginu og mati hennar á hvernig bregðast skuli við. Á hinn bóginn þykir Ríkisendurskoðun ástæða til að vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á því að frestun á eindaga staðgreiðslu fyrir ákveðinn hóp rekstraraðila er einsdæmi.

Staðgreiðsla opinberra gjalda eru skattgreiðslur sem launagreiðendum er gert að halda eftir af launamönnum samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Í ákvæðum 20. - 22. gr., sbr. 28. gr. þeirra laga eru ströng skilyrði þess hvernig standa skuli að skilum á afdreginni staðgreiðslu. Sérstök athygli er vakin á því að hér er ekki um skattgreiðslu rekstraraðila að ræða heldur skattgreiðslur launamanna sem hjá hlutaðeigandi launagreiðanda starfar. Andi laga nr. 45/1987 er sá að standa beri skil á afdreginni staðgreiðslu strax og unnt er og aldrei síðar en 15 dögum eftir hvern rekstrarmánuð. Ströng lagaákvæði er um þetta atriði og hvernig bregðast skuli við, ef skilaskyldum skatti er ekki skilað. Hjá sumum þjóðum fá launagreiðendur ekki að hafa þá fjármunum í sinni umsjá heldur sjá fjármálafyrirtæki um að skila skattinum beint án atbeina launagreiðanda.

Framkomnar breytingatillögur á skilafrestum staðgreiðslu eru grundvallarfrávik frá meginreglu laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Augljóst er að sterkar líkur eru á að einhverjir rekstraraðilar munu ekki geta staðið skil á staðgreiðslunni mörgum mánuðum eftir að henni var haldið eftir. Er mikilvægt að þá sé afdráttarlaust tekið fram að ábyrgð á slíkum vanskilum hvíli á hlutaðeigandi launagreiðanda. Þessi

sérstaka tillaga gefur einnig í skyn að þau lagaákvæði sem kveða á um að vanskil á staðgreiðslu séu refsiverð, séu í reynd gerð óvirk.

Ríkisendurskoðun telur engu að síður að fyrrgreindar tillögur séu settar fram sem neyðarráðstöfun á einstökum tímum og þess vegna sé réttlætanlegt að grípa til þeirra við þessar sérstöku aðstæður.

Virðingarfyllt,

Stein Egeþórsson

Guðrún J. Jónsd.



Minnisblað

Móttakandi: Fjárlaganefnd og Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Dags.: 23. mars 2020

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 2003041SA

Málalykill: 01.20

Efni: Ábendingar við frumvarp til fjárukalaga 2020 og aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum vegna COVID-19, mál nr. 683 og 695

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur kynnt sér ofangreind frumvörp sem lögð voru fram á Alþingi 21. mars sl. Í ljósi þess að mjög skammur frestur er veittur til umsagna er umsögn um málin í knappara formi en venjan er.

Almennt

Að áliti sambandsins eru þær tillögur sem fram koma í frumvörpunum góð fyrstu skref til að bregðast við þeim krefjandi aðstæðum sem samfélagið glímir nú við. Jafnframt er vakin athygli á því að stjórn sambandsins hefur samþykkt aðgerðaáætlun sem þjónar sama markmiði en þar er sömuleiðis aðeins um að ræða fyrstu skref.

Ljóst er að ráðast þarf í frekari aðgerðir á næstu vikum og mánuðum og er mikilvægt að gott samráð verði milli ríkis og sveitarfélaga um umfang og framkvæmd þeirra. Í þeim efnum verði einnig horft til árangursríkra aðgerða sem aðrar þjóðir grípa til og þykja henta hér á landi.

Augljóst er að ekki er annað í boði við núverandi aðstæður en að allt samfélagið taki höndum saman og vinni sem einn maður að því að komast í gegnum þá erfiðu tíma sem framundan eru. Sama máli gegnir um nauðsynlegar aðgerðir til að byggja atvinnulífið upp að nýju þegar hætta er liðin hjá og koma þannig í veg fyrir langtíma atvinnuleysi.

Áhersla á opinberar framkvæmdir

Í frumvarpi til fjárukalaga 2020 er fjallað um margar nauðsynlegar aðgerðir og tekur sambandið undir flestar þeirra.

Fyrst má nefna samgönguframkvæmdir. Samgönguáætlanir til fimm og fimmtán ára eru nú til umfjöllunar í þinginu og verður frekari forgangsröð væntanlega ákveðin við afgreiðslu hennar. Í því samhengi tekur sambandið m.a. undir að mikið verk er óunnið varðandi það að setja bundið slitlag á tengivegi og fækka einbreiðum brúm en slíkar aðgerðir stuðla mjög að bættu umferðaröryggi. Einnig er vel þekkt, og kemur fram í greinargerð með samgönguáætlun, að uppsöfnuð viðhaldspörf er mjög víða í samgöngukerfinu, svo sem í höfnum og á innanlandsflugvöllum. Það væri því mjög jákvætt ef hægt væri að bæta í fjármagn til viðhalds slíkra mannvirkja og ætti ekki að horfa eingöngu til vegafamkvæmda.

Sambandið saknar þess hins vegar að ekki sé minnst á fráveitufamkvæmdir í frumvarpi til fjárukalaga. Starfshópur sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði sl. haust hefur

lokið störfum. Sveitarfélögin hafa miklar væntingar um að nú verði tekið af skarið og sett lagaákvæði um endurgreiðslukerfi til sveitarfélaga á grundvelli þeirrar greiningar sem fram fór á vettvangi starfshópsins. Umfang fyrirhugaðra framkvæmda gæti numið allt að 20 milljörðum króna á tíu ára tímabili og er mikilvægt að þessum verkefnum verði ekki lengur slegið á frest.

Einnig saknar sambandið þess að sjá ekki minnst á framkvæmdir við ofanflóðavarnir, en einnig liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um umfang aðgerða sem nauðsynlegar eru til að verja byggðir á hættusvæðum í C-flokki.

Sambandið er meðvitað um að í undirbúningi er stærra fjárfestingaráttak sem lagt verður fram síðar og mun taka til árána 2021–2023. Eðlilegt er að ýmis brýn verkefni bíði þess áttaks þar sem ljóst er að þau þarfnast meiri undirbúnings til að hægt sé að hrinda þeim af stað með raunhæfum hætti. Sambandið og landshlutasamtök sveitarfélaga lýsa sig reiðubúin til að leggja fram hugmyndir inn í þá vinnu sem framundan er. Æskilegt er að á þessu ári verði til reiðu fjárheimild til undirbúnings og hönnunar verkefna sem brýnt þykir að verði hluti þess áttaks. Þar undir geti fallið innviðaverkefni á vegum sveitarfélaga.

Loks telur sambandið þörf á að ræða nánar umfang og afmörkun VSK-endurgreiðslna vegna framkvæmda við nýbyggingu og viðhald fasteigna, eins og vikið er að síðar. Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra geta bætt í fyrirhugaðar framkvæmdir þeirra vegum ef slík endurgreiðsla verður í boðira. Sú afmörkun sem fram kemur í ákvæði um breytingar á lögum um virðisaukaskatt vekja einnig spurningar um jafnræði, þ.e. hvort æskilegt sé að framkvæmdir t.d. við íþróttamannvirki séu eingöngu styrkhæfar ef íþróttafélag á sjálfst húsnaðið.

Tímabundnar breytingar á VSK-löggjöf

Tilfni er til að setja fram ábendingar við b. lið 5. gr. frv. um boðaða endurgreiðslu á vsk til félagasamtaka vegna nýbygginga og viðhalds, sem m.a. er ætlað að taka til framkvæmda við íþróttamannvirki.

Í fyrsta lagi bendir sambandið á að í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 var gripið til mjög svipaðra aðgerða, sbr. [lög nr. 10/2011](#), en gildissvið þeirra var þó víðara þar sem endurgreiðsluréttur náði einnig til framkvæmda á vegum sveitarfélaga. Telur sambandið skorta á allan rökstuðning fyrir því að gildissvið ákvæðis 5. gr. b. er þrengra nú.

Í öðru lagi vísar sambandið til [umsagnar sinnar frá 149. löggjafarþingi](#) um frumvarp um endurgreiðslur til almannaheillasamtaka vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda, 136. mál. Í þeirri umsögn segir m.a.:

Undanþegin gildissviði laganna er mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir þar sem lögbundin starfsemi hins opinbera mun fara fram. Það þýðir að t.d. sveitarfélög geta ekki samnýtt húsnaði með félagasamtökum ef stefnt er að endurgreiðslu virðisaukaskatts en undir lögbundið hlutverk sveitarfélaga fellur meðal annars íþróttakennsla og margs konar félagsstarf barna, eldri borgara og fatlaðra svo dæmi séu nefnd.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er hættu á að lögfesting frumvarpsins geti haft ýmsar óheppilegar og ófyrirséðar afleiðingar, aukið flækjustig og leitt til óskilvirkni við mannvirkjagerð. Telur sambandið því ákjósanlegra, ef stuðningur er við frumvarpið á Alþingi, að sömu reglur verði láttnar gilda um mannvirkjagerð

sveitarfélaga og félagasamtaka. Einnig veltir sambandið því upp hvort skilyrði fyrir endurgreiðslu ætti ávallt að vera að mannvirkjagerð sæti útboðsferli, til að tryggja skilvirka meðferð opinberra fjármuna.

Loks skal bent á að sömu sjónarmið geta eftir atvikum átt við um annað húsnæði sem tengist starfsemi félagasamtaka, s.s. menningar- og góðgerðarstarfsemi, en í umræddri umsögn er ágætlega rakið hvernig samnýtingu slíks húsnæðis getur verið háttáð víða um land. Af þeirri ástæðu telur sambandið einkar óheppilegt hve mikil áhersla er lögð á eignarhald húsnæðis í frumvarpsgreininni.

Ef raunverulegur vilji Alþingis er sá að styðja við frekari uppbyggingu mannvirkja og annarra framkvæmda í þágu félagasamtaka ætti ekki að skipta máli hver leggur til fjármagnið, hver sér um uppbygginguna né hver er skráður fyrir fasteigninni. Það eina sem skiptir í raun og veru máli er hver nýtir mannvirkin þegar þau eru komin í notkun.

Tímabundin breyting á sveitarstjórnarlögum

Sambandið tekur eindregið undir ákvæði 10. gr. frv., þar sem lagt er til að sveitarstjórnnum verði heimilað að víkja frá jafnvægis- og skuldareglu 64. gr. sveitarstjórnarlaga á árunum 2020-2022.

Rétt þykir að slá á þessu stigi þann varnagla að of snemmt er að spá fyrir um hvaða áhrif heimsfaraldurinn mun hafa, annars vegar til skemmri tíma og hins vegar til næstu ára, á fjárhag og rekstur sveitarfélaga. Ekki er því útilokað að á síðari stigum geti þurft að endurmeta þörf fyrir þetta frávík frá lögnum.

Tímabundin breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

Í 11. gr. er lagt til að þrátt fyrir 4. mgr. 4. gr. tekjustofnalaga verði gjaldendum fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði skv. c-lið 3. mgr. 3. gr, sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls, heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020, með sömu skilyrðum og málsmeðferðarreglum og kveðið er á um í 2.-4. mgr. 1. gr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Verði gjaldandi sem frestað hefur greiðslum skv. 1. mgr. að uppfylltum skilyrðum fyrir miklu tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár getur hann einnig óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal launagreiðandinn beina til sveitarfélags fyrir 15. janúar 2021.

Sambandið telur það vera algera forsendu fyrir því að þessar ívilnanir gangi upp að ríki og sveitarfélög hafi beina samvinnu um útfærslu og framkvæmd. Það þarf þannig að vera alveg skýrt að sveitarfélög muni hafa greiðan aðgang að úrvinnslu Ríkisskattstjóra á því hvaða hópur fyrirtækja í hverju sveitarfélagi uppfylli skilyrði fyrrgreinds ákvæðis, sem er að finna í 1. gr. þess frumvarps sem hér er til umsagnar. Vert er að undirstrika að ekki er hægt að vænta þess að sveitarfélögin

geti sjálf framkvæmd mat á því hvort einstakir rekstraraðilar eða eigendur atvinnuhúsnæðis uppfylli fyrrgreind skilyrði.

Lokaorð

Á þeim afar stutta tíma sem veittur er til að veita umsögn um þau tvö frumvörp sem hér eru til umsagnar er ekki mögulegt að taka öll álitaefni til skoðunar. Almenn afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga er sú að umrædd frumvörp séu ágæt fyrstu viðbrögð af hálfu ríkisins við því neyðarástandi sem hér hefur skapast og mun vara á næstu vikum og líklega mánuðum.

Að teknu tilliti til framangreindra ábendinga mælir sambandið með því að frumvörpin verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Fulltrúar sambandsins vilja jafnframt nota þetta tækifæri til að senda þingnefndinni aðgerðalista sem stjórn sambandsins hefur samþykkt, til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili. Frekari aðgerðir kunna að bætast á þennan lista síðar. Sérstök athygli er vakin á kafla III. í skjalinu, þar sem fjallað er um vinnumarkaðsaðgerðir. Er Alþingi hvatt til þess að leggja sitt lóð á vogarskálarnar svo þessar aðgerðir geti orðið að veruleika, í góðri samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

GB

Samband íslenskra sveitarfélaga beinir því til sveitarfélaga að hrinda í framkvæmd eins og kostur er eftirfarandi hugmyndum og ábendingum að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við í þjóðarbúskapnum. Sambandið hvetur ríkisstjórn og Alþingi að gera viðeigandi ráðstafanir svo þær verði að veruleika. Stjórn sambandsins mun áfram fylgjast vel með áhrifum þessa samdráttar og móta frekari tillögur að viðbrögðum sveitarfélaga eftir því málum vindur fram.

I. Fasteignagjöld og gjaldskrár

- a) Sveitarfélög kanni möguleika á að fresta a.m.k. tveimur gjalddögum fasteignagjalda, með sams konar hætti og ríkið kann að bjóða fyrirtækjum að fresta gjalddögum staðgreiðslu og tryggingargjalds, hjá einkafyrirtækjum sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19. Sveitarfélög setji sér reglur um þau viðmið sem koma til greina við veitingu slíkra fresta. Horft verði til þeirra skilgreininga sem ríkið mun beita við slíkar ákvarðanir.
- b) Unnið verði að mótun frekari tillagna á næstu tveimur mánuðum um hvernig koma megi til móts við fyrirtæki sem fjallað er um í staflið a.
- c) Við ákvörðun álagningarhlutfalls fasteignaskatts í flokkum A og C árið 2021 verði horft til þess að skattar hækki í takt við áætlaðar verðlagsbreytingar milli ára en ekki hækkun fasteignamats.
- d) Sveitarfélög kanni möguleika á lækkun gjaldskrár og tímabundinnar lækkunar eða niðurfellingar tiltekinna gjalda. Þessum stuðningi verði fyrst og fremst beint að einstaklingum og fjölskyldum sem verða fyrir atvinnumissi og í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun.
- e) Á árinu 2021 verði haldið aftur af gjaldskrárhækkunum sem kostur er.

II. Framkvæmdir

- a) Viðhaldsframkvæmdir sveitarsjóða og B-hluta fyrirtækja verði auknar og þeim flýtt eins og kostur er, umfram það sem er í gildandi fjárhagsáætlunum ársins 2020 og í áætlunum fyrir árið 2021.
- b) Tekin verði upp endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna viðhaldsframkvæmda sveitarfélaga.
- c) Ráðist verði í fráveituframkvæmdir eins fljótt og kostur er, enda fái sveitarfélög stuðning frá ríkinu sem nemur ígildi virðisaukaskatts vegna framkvæmdanna.
- d) Flýtt verði stofnframkvæmdum á vegum sveitarsjóða og B-hluta fyrirtækja.
- e) Aukinn verði stuðningur Framkvæmdasjóðs aldraðra við viðhaldsframkvæmdir og stofnkostnað við hjúkrunarheimili. Stuðningi skal forgangsraða til verkefna sem eru full hönnuð og hæf til framkvæmda með litlum fyrirvara.
- f) Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði nýttur í auknum mæli, ásamt stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga, til uppbyggingar á húsnæði fyrir fatlað fólk og til að bæta aðgengi fatlaðra að mannvirkjum og útivistarsvæðum.
- g) Tilraunaverkefnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um stuðning til að örva byggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni verði hrint í framkvæmd sem allra fyrst í samvinnu við þau sveitarfélög sem í hlut eiga.

III. Atvinnuátaksverkefni og vinnumarkaður

- a) Sveitarfélög skilgreini og bjóði allt að 1.000 störf í atvinnuátaksverkefnum í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð.
- b) Þess verði sérstaklega gætt að ný störf henti konum og fólki af erlendum uppruna.
- c) Í þeim tilgangi að auka atvinnumöguleika fólks af erlendum uppruna í atvinnuleit á Íslandi verði ráðist í veglegt átak í íslenskunámi fyrir viðkomandi og veiti sveitarfélög og ríki sérstakan fjárstuðning til þeirra sem námið sækja.
- d) Beina skal styrkjum úr nýsköpunarsjóðum til einyrkja og til kvennastarfa.
- e) Það er sveitarfélögum kappsmál að standa vörð um störf á þeirra vegum þrátt fyrir horfur um versnandi fjárhagsstöðu á næstu misserum.

IV. Markaðsátak í ferðaþjónustu

- a) Landshlutasamtök sveitarfélaga verði hvött til að breyta áherslum við mótun sóknaráætlana fyrir næstu ár þannig að aukinn þungi beinist að ferðaþjónustutengdum verkefnum og átaki til kynningar á ferðaþjónustu í heimabyggð.
- b) Sveitarfélög, stofnanir, sjóðir og fyrirtæki auki mótframlög sín í sóknaráætlunarverkefni er lúta að eflingu ferðaþjónustu.

V. Laga- og reglugerðarbreytingar og skattheimta

- a) Lögum verði breytt svo sveitarfélögum verði heimilt að fresta gjalddögum fasteignagjalda.
 - b) Ákvæði sveitarstjórnarlaga um fjármálareglur sveitarfélaga verði rýmkuð með því að jafnvægisreglu og skuldareglu verði tímabundið vikið til hliðar.
 - c) Viðmiðunarfjárhæðir laga um opinber innkaup um útboðsskyldu sveitarfélaga verði rýmkaðar tímabundið.
 - d) Áhættuvog sveitarfélaga í áhættugrunni lánastofnana verði lækkuð úr 20% í 0%. Þessari aðgerð er ætlað að skila betri vaxtakjörum fyrir sveitarfélög og bæta möguleika Lánasjóðs sveitarfélaga að veita stærrí sveitarfélögum aukin lán.
 - e) Sett verði lög um stuðning ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.
 - f) Sett verði lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhaldsframkvæmda sveitarfélaga.
 - g) Engir nýir skattar og gjöld verði lögð á opinbera þjónustu sveitarfélaga, s.s. urðunarskattur.
-



Minnisblað

Móttakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis

Dags.: 30. mars 2020

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 2003041SA

Málalykill: 01.20

Efni: Varðar 5. gr. frv. um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Samband íslenskra sveitarfélaga vísar til umsagnar um ofangreint mál, dags. 24. mars sl. Um leið og tekið er fram að margar ágætar aðgerðir eru komnar fram af hálfu ríkisstjórnarinnar og löggjafans, sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi, telur sambandið nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar á b-lið 5. gr. ofangreinds frumvarps til að stuðla enn betur að markmiði um fjölgun opinberra framkvæmda á þessu og næsta ári.

Um framangreint vísar sambandið til [viðtals við formann sambandsins í Ríkisútvarpinu í dag](#). Þar segir kemur m.a. fram að samkvæmt upplýsingum sem sambandið hefur tekið saman sé raunhæft markmið að sveitarfélög geti ráðist í 15 milljarða króna flýtiframkvæmdir til að bregðast við erfiðu efnahagsástandi.

Til þess að framangreint markmið um flýtiframkvæmdir gangi eftir er nauðsynlegt að ríkisvaldið liði fyrir. Sérstök áhersla er lögð á að sveitarfélögin eigi kost á endurgreiðslu VSK vegna framkvæmda sem falla undir bæði a- og b-lið 5. gr. frv. Fram kom við 2. umræðu um málið í morgun að það sé skýr vilji löggjafans að sveitarfélög falli undir a-lið, sem fjalar um framkvæmdir við íbúðarhúsnæði. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur hins vegar ekki tekið undir áskorun sambandsins um að breyta b-lið sömu greinar, sem fjallar um framkvæmdir á vegum félagasamtaka og geta t.d. átt við um íþróttamannvirki.

Ef fallist verður á framangreinda breytingu á frumvarpinu telur sambandið allar forsendur vera til þess að sveitarfélögin setji þessi verkefni af stað, sem eru oft á tíðum tilbúin og tiltölulega auðvelt að ráðast í og henta líka smærri verktökum, einyrkjum og iðnaðarmönnum á hverjum stað fyrir sig.

Áréttað skal að það myndi stuðla að meiri framkvæmdahraða ef fallist verður á tillögu sambandsins um að gera tímabunda breytingu á viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Útfærsla í b-lið 5. gr.

Sambandið sér fyrir sér að gera þurfi eftirfarandi breytingar á 1. og 3. mgr. b-liðar 5. gr. frv.:

1. másl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Endurgreiða skal **sveitarfélögum, byggðasamlögum**, mannúðar- og líknarfélögum, íþróttafélögum, björgunarsveitum, landssamtökum björgunarsveita og slysavarnadeildum og einstökum félagseiningum sem starfa undir merkjum samtakanna 100% þess virðisaukaskatts sem þessir aðilar hafa greitt vegna vinnu manna sem innt er af hendi á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og

með 31. desember 2020 á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu þeirra.

Fyrsti og annar málslíður 3. mgr. verði svohljóðandi

Frekari skilyrði fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðinu eru eftirfarandi:

1. Umsækjandi sé skráður í fyrirtækjaskrá Skattsins og sé hvorki í heild né að hluta í eigu opinberra eigu, þ.e. hvorki opinberra hlutafélaga, ríkis, sveitarfélaga eða stofnana né í eigu félags alfarið í þeirra eigu.
2. Virðisaukaskattur sem umsókn taki til stafi ekki af kostnaði vegna lögbundinna skyldna opinberra aðila, svo sem lögmætra verkefna ríkis, sveitarfélaga og/eða félaga eða stofnana alfarið í þeirra ríkiseigu vegna byggingar mannvirkis.

GB



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fjárlaganefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2020
Tilv.: 2003021

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við 683. þingmál

Samkeppniseftirlitið vísar til umsagnarbeiðni með tölvupósti, dags. 21. mars, um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál. Af því tilefni vekur Samkeppniseftirlitið athygli á því að það hefur með ákvörðun sinni nr. 13/2020, heimilað samstarf lánveitenda til þess að fresta innheimtu skulda fyrirtækja. Ákvörðunin er aðgengileg á þessari slóð:

<https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/samkomulag-um-frestun-areidslna-af-fyrirtaekjаланum-vegna-covid-19>.

Í samkomulagi á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja og Landssambands lífeyrissjóða, sem undanþágan er veitt til, er kveðið á um skilyrði fyrir því að fyrirtæki geti fengið frestun á innheimtu skulda. Mögulegt er að ýmis vafatilvik geti komið upp þegar lánveitendur taka afstöðu til þess hvort einstök fyrirtæki uppfylli þessi skilyrði. Af þeim sökum gerði Samkeppniseftirlitið það að skilyrði í ákvörðun sinni að innan tveggja vikna verði tekið til athugunar, að fenginni fyrstu reynslu, hvort nauðsynlegt sé að endurskoða þau skilyrði sem lánveitendur setja fyrir frestun. Til að mynda getur verið að fyrirtæki séu lífvænleg þrátt fyrir að þau kunni ekki að uppfylla skilyrði um að hafa ekki verið í vanskilum 60 daga eða lengur í lok febrúar síðastliðinn. Með hliðsjón af efni samkomulagsins er í þessu sambandi einnig rétt að benda á að ekki sé hægt að útiloka hættuna á því að nýsköpunarfyrirtæki sem annars kynnu að eiga sér bjarta framtíð verði útundan í því hjálparstarfi sem nú stendur yfir. Einnig hafði Samkeppniseftirlitið m.a. í huga í þessu sambandi að mögulega mætti horfa til þeirra skilyrða sem löggjafinn muni setja fyrir frestun opinberra gjalda, sbr. frumvarp það sem nú er til meðferðar.

Rétt þykir að vekja athygli á framangreindu.

Virðingarfyllt,

Samkeppniseftirlitið

Ólafur F. Þorsteinsson

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. mars 2020

Mál: Frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá því í gær þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint lagafrumvarp. SA þakka nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld vegna þeirrar miklu óvissu sem ríkir nú í atvinnulífi og efnahag landsins eftir að lýst hefur verið yfir heimsfaraldri vegna kórónuveirunnar. Nú þegar hefur orðið mikill samdráttur í ferðaþjónustu og fleiri atvinnugreinum, bæði hér á landi og erlendis, og ófyrirséð er hve lengi samdrátturinn muni standa yfir. Fyrirséð er að áhrif á ferðaþjónustu, þ.m.t. flugrekstur, verði mikil, m.a. vegna ýmissa takmarkana sem ríki hafa sett á komur erlendra ríkisborgara og ráðlegginga stjórnvalda til fólks um að takmarka ferðalög. Þá er ljóst að faraldurinn mun hafa áhrif á stöðu ríkissjóðs. Að auki eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að því er varðar tímabundna heimild til úttektar á séreignarsparnaði. Í frumvarpinu er einnig að finna ákvæði um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir og Seðlabanka Íslands vegna ábyrgðar til að auðvelda viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja.

SA fagna frumvarpinu og styðja það heilshugar en gera þó eftirfarandi breytingatillögur. Samtökin leggja áherslu á að þeirri línu sem formenn stjórnarflokkanna hafa gefið verði fylgt. að betra sé að ganga of langt en of skammt. Því sé mikilvægt að aðgerðirnar taki frekar til of margra heldur en of fárra.

1. Starfsemi sem liggur niðri hluta ársins (2. mgr. 1. gr.)

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða bætist við lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Með ákvæðinu er launagreiðendum, sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls, heimilt að óska eftir frestun á greiðslum skatts. Í 2. mgr. segir að við mat á því hvort um tekjufall er að ræða skuli miða við a.m.k. þriðjungssamdrátt í rekstrartekjum yfir heilan mánuð samanborið við sama mánuð árið 2019. Hafi atvinnurekstur staðið í tvö ár eða skemur er heimilt að miða við meðaltekjur síðastliðinna 12 mánaða.

Innan vébanda SA eru ýmis fyrirtæki sem eru háð miklum árstíðarsveiflum í rekstri sínum. Þannig má nefna minni ferðaþjónustufyrirtæki, t.d. úti á landi þar sem starfsemi liggur niðri hluta ársins, og sjávarútvegsfyrirtæki sem stunda einkum veiðar á uppsjávarfiski. Til dæmis eru hótél sem loka að hausti, opna að nýju í desember og fram í janúar en loka þá aftur þangað til að vori. Hætta er á að þau muni fara á mis við úrræði 1. gr. frumvarpsins að óbreyttu. Rétt væri að bregðast við þessu með því að bæta nýjum málslíð við 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins svo:

Í tilviki fyrirtækja sem stunda að jafnaði óverulega starfsemi hluta ársins en hefðbundna starfsemi aðra árshluta er heimilt að miða við áætlað tekjutap.



2. Fyrirsjáanlegir rekstrarörðugleikar (3. mgr. 1. gr.)

Í 3. mgr. 1. gr. segir að ekki sé um rekstrarörðugleika að ræða, þótt tekjufall komi til, ef launagreiðandi á nægt eigið fé til að sækja sér lánaþyrirgreiðslu á almennum markaði eða á nægt handbært fé til að standa straum af útgjöldum til rekstrar þegar þau falla í gjalddaga.

SA telja nauðsynlegt að skýra þetta betur. Nú kann sú staða að vera að launagreiðandi eigi nægt eigið fé til að sækja sér lánaþyrirgreiðslu á almennum markaði eða eigi nægt handbært fé til að standa straum af útgjöldum til rekstrar þegar þau falla í gjalddaga eins og staðan er í dag. Það getur hins vegar verið fljótt að breytast á næstu mánuðum og jafnvel kann að vera fyrirséð nú að það muni breytast þegar líður á árið. Þannig kann atvinnurekandi að eiga fyrir gjalddögum næstu vikna, en ekki eftir það. Í þeim tilfellum er mikilvægt að atvinnurekandi geti nýtt sér heimildin til að koma í veg fyrir vanda sem er augljóst að muni skapast síðar. Því leggja SA til að þetta orðist svo:

Ekki er um rekstrarörðugleika að ræða, þótt tekjufall komi til, ef fyrirséð er að launagreiðandi á nægt eigið fé til að sækja sér lánaþyrirgreiðslu á almennum markaði eða á nægt handbært fé til að standa straum af útgjöldum til rekstrar þegar þau falla í gjalddaga út árið 2020.

3. Gjalddagi opinberra gjalda og tryggingagjalds 1. mars sl.

Með lögum um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um tryggingagjald (frestun gjalddaga) sem samþykkt voru 13. mars sl. var gjalddagi opinberra gjalda og tryggingagjalds sem átti að vera 1. mars sl. frestað til 1. apríl næstkomandi. Fyrsti og annar kafli fyrirliggjandi frumvarps tekur til gjalddagans 1. apríl og skilja SA það svo að þeir taki bæði til þess sem var alltaf á gjalddaga 1. apríl, en einnig til þess sem var upphaflega á gjalddaga 1. mars en er núna á gjalddaga 1. apríl. Sé það rangur skilningur er nauðsynlegt að úr því verði bætt, enda er ljóst að þau sjónarmið sem áttu við þegar greiðslufrestur var gefinn vegna gjalddagans 1. mars eiga enn við í dag.

4. Gjalddagi virðisaukaskatts 5. apríl

Samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er næsti gjalddagi virðisaukaskatts 5. apríl næstkomandi fyrir uppgjörstímabilið janúar og febrúar. Ljóst er að hann mun reynast fjölmörgum fyrirtækjum mjög þungbær. Því er lagt til að ákvæði verði bætt við frumvarpið þar sem honum verði frestað til 15. janúar 2021.

5. Fasteignamat

Samkvæmt 27. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 skal skráð matsverð fasteignar vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu, miðað við heimila og mögulega nýtingu á hverjum tíma, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í febrúarmánuði næst á undan matsgerð, enda taki hún gildi á tímabilinu 31. desember til loka febrúarmánaðar. Í þessu felst að fasteignamat ársins 2021, og þar af leiðandi fasteignagjöld þess árs munu miðast við stöðuna eins og hún var í febrúar, áður en efnahagslæggðin vegna heimsfaraldursins skall á af fullum þunga. Ljóst er að allar forsendur hafa brostið síðan þá. Markaður með bæði sölu og leigu á fasteignum er í algeru frosti. Gera má ráð fyrir að fasteignaverð með atvinnuhúsnæði hafi lækkað, að minnsta kosti tímabundið.

Fasteignaskattur leggst misþungt á eignir eftir tegund þeirra og er skattprósentan t.a.m. margfalt hærri fyrir atvinnuhúsnæði en íbúðarhúsnæði. Fasteignaskattur hefur aukist um 17 milljarða á síðustu 20 árum þó bæði sé leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum og mannfjölda, eða um ríflega 70%. Hækkun fasteignaskatts er ekki bara tekjuauki fyrir sveitarfélög heldur líka kostnaðarauki fyrir almenning og fyrirtæki. Fasteignaskattur er ekki aðeins háir í sögulegu samhengi heldur einnig í samanburði við nágrannaríkin. Hvergi meðal Norðurlandanna eru tekjur hins opinbera af fasteignaskatti eins hátt hlutfall af verðmætasköpun og á Íslandi. Fasteignaeigendur greiddu 1,5% af vergri landsframleiðslu í fasteignaskatta árið 2016 sem er næstum því tvöfalt hærri hlutfall en að meðaltali á Norðurlöndunum.



Þrátt fyrir að verðmæti atvinnuhúsnæðis sé aðeins um 20% af heildarverðmæti húsnæðis í landinu þá stendur atvinnuhúsnæði undir meirihluta tekna sveitarfélaga af fasteignaskatti. Skýrist það af mun meiri álagningu á atvinnuhúsnæði. Tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti atvinnuhúsnæðis voru þannig 23 milljarðar króna á árinu 2018 sem nemur 55% af tekjum sveitarfélaga af fasteignaskatti. Vegin meðalálagning á atvinnuhúsnæði á Íslandi var 1,63% af fasteignamati á árinu 2018 en einungis 0,26% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis. Hámarksálagning fasteignasgjalda á atvinnuhúsnæði er 1,65% af fasteignamati og er langstærstur hluti íslenskra sveitarfélaga með skattprósentu sína þar í lögbundnu hámarki. Vegin meðalskattprósenta er einungis 0,02 prósentum frá mögulegri hámarksálagningu. Hún hefur hækkað á síðustu árum eftir því sem fleiri sveitarfélög hafa fært skattprósentuna upp í leyfilegt hámark.

Hækkun fasteignaskattsprósentu og ný matsaðferð við gerð fasteignamats fyrir atvinnuhúsnæði árið 2015 hafa valdið því að hlutfallslega vega fasteignagjöld þyngra en áður í rekstri fyrirtækja. Sést það berlega þegar litið er til hlutfalls fasteignagjalda af tekjum stærstu fasteignafélaga landsins. Fasteignagjöld námu ríflega 18% af rekstrartekjum þeirra árið 2019 en það hlutfall var tæplega 15% árið 2015. Fasteignagjöld eru stærsti einstaki kostnaðarliður stærstu fasteignafélaganna, eða um 45% af rekstrarkostnaði fyrir fjármagnsliði árið 2017. Breytingar á fasteignagjöldum vega því þungt í rekstri fyrirtækjanna og þar af leiðandi því leiguverði sem þau geta boðið leigutökum sínum.

Af framangreindu er ljóst að mjög miklir hagsmunir liggja í því fyrir atvinnulífið að fasteignamat sé ekki ofmetið. Ef ekki þá munu fasteignagjöld vera atvinnulífinu enn meira íþyngjandi á næsta ári. Til að koma í veg fyrir það, og bregðast við gjörbreyttu landslagi á fasteignamarkaði er því rétt að bæta við frumvarpið breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna þannig að eftirfarandi másl. myndi bætast við 1. mgr. 27. gr.:

Verði verulegar breytingar efnahagástandi frá lokum febrúarmánaðar og þar til skráð matsverð hefur tekið gildi, sem ætla megi að hafi áhrif á gagnverð fasteignar, skal taka tillit til þess og gera nauðsynlegar breytingar á matsverði.

6. Áfengisgjald

Eins og rakið hefur verið að framan hefur efnahagslægðin komið sérstaklega illa við ferðaþjónustu, þar á meðal veitingastaði. Stór hluti af tekjum veitingastaða koma af sölu áfengis. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96/1995 skal greiða til ríkissjóðs sérstakt gjald, áfengisgjald, af áfengi samkvæmt þeim lögum. Skv. 1. mgr. 5. gr. skal gjald af innfluttu áfengi greitt við tollafgreiðslu þess og skv. 2. mgr. reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá framleiðanda til kaupanda af áfengi sem framleitt er innan lands. Eins og kunnugt er áfengisgjald mjög hátt hér á landi í samanburði við önnur lönd og því mjög íþyngjandi fyrir ferðaþjónustuna. Komið er sérstaklega til móts við gististarfsemi í 6. gr. frumvarpsins með afnámi gistináttaskatts frá 1. apríl næstkomandi og út árið 2021. Rétt væri koma til móts við veitingastarfsemi með því að afnema áfengisgjald á allt áfengi sem er selt utan Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á þessu sama tímabili.

7. Hlutaatvinnuleysisbætur vegna starfsfólks með tímabundin atvinnuleyfi

Þann 20. mars voru samþykkt lög um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (minnkað starfshlutfall). Markmið laganna er að stuðla að því að vinnuveitendur haldi ráðningarsambandi við starfsmenn sína eins og frekast er unnt, enda þótt það kunni að vera nauðsynlegt að minnka starfshlutfall þeirra að einhverju leyti. Í ljós hefur komið að heimild til hlutabóta nýtist ekki gagnvart starfsfólk sem er með tímabundið atvinnuleyfi skv. lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 jafnvel þótt það hafi unnið árum saman hér á landi á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis og greitt hafi verið tryggingagjald af því.

Af þeim sökum leggja SA til að eftirfarandi verði bætt við frumvarpið sem breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 sem ákvæði til bráðabirgða nr. XIV.:



Þrátt fyrir ákvæði í d-lið 1. mgr. 13. gr. eiga launamenn sem starfa á grundvelli tímabundins atvinnuleysis skv. lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 rétt til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði nr. XIII. til bráðabirgða.

8. Önnur mál sem hjálpa til að verja störf, hefja viðspyrnu og auðvelda líf almennings

Forsætisnefnd Alþingis samþykkti 19. mars að fella úr gildi starfsáætlun Alþingis fyrir yfirstandandi þing frá og með þeim degi til og með a.m.k. 20. apríl. Á þeim tíma verða eingöngu boðaðir þingfundir til að takast á við brýn mál sem tengjast COVID-19 heimsfaraldrinum. Enn fremur samþykkti forsætisnefnd að hefðbundin fundaaætlun fastanefnda sé afnumin og eingöngu verði boðað til nefndafunda í þeim nefndum sem þurfa að taka til umfjöllunar þingmál sem tengjast viðbrögðum við faraldrinum.

SA vilja vekja athygli á nokkrum málum sem lagð hafa verið fram í þinginu, eða kynnt af hálfu ráðherra í samráðsgátt stjórnvalda, sem eru til þess fallinn að verja störf, greiða fyrir því að viðspyrna í atvinnulífinu hefjist að nýju og auðvelda líf almennings á meðan á sóttvarnarráðstöfnunum stendur. SA hvetia til þess að þessi mál verði kláruð á yfirstandandi þingi. Bæði málin eru nú á borði háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar.

8.1 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald

Hinn 1. nóvember lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013 (afnám stimpilgjalds af skjölum varðandi eignayfirfærslu skipa). Ráðherra mælti fyrir frumvarpinu 5. nóvember og var samþykkt að það gengi til efnahags- og viðskiptanefndar sama dag. Hinn 8. nóvember setti nefndin málið í umsagnarferli og gaf frest til 25. nóvember.

Frumvarpið var lagt fram í kjölfar þeirrar almennu umræðu sem átt hafði sér stað um skyldu til að greiða stimpilgjald af skjölum er varða eignayfirfærslu skipa. Er því ætlað að vera til hagsbóta fyrir rekstrarumhverfi skipa á Íslandi. Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott ákvæði um skyldu til að greiða stimpilgjald af skjölum er varða eignayfirfærslu skipa en samkvæmt lögum um stimpilgjald nær gjaldskyldan eingöngu yfir skip sem eru yfir fimm brúttótonn. Við gildistöku laga um stimpilgjald var felld brott skylda til að greiða stimpilgjald vegna lánskjala, en slíkt hafði verið skylt í gildistíð eldri laga um stimpilgjald, nr. 36/1978. Þá var einnig felld brott skylda til að greiða stimpilgjald vegna kaupmála, váttryggingarskjala, aðfarargerða, kyrrsetningargerða, löggeymslna, leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem lögðu ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign. Í gildistíð eldri laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, voru gerðar breytingar á lögnum þess efnis að eignayfirfærsla á loftförum, minni skipum og kaupskipum voru undanþegin stimpilgjaldi, en áfram var gert skylt að greiða stimpilgjald af skjölum er vörðuðu eignayfirfærslu skipa yfir fimm brúttótonnum. Eftir gildistöku nógildandi laga um stimpilgjald eru skip yfir fimm brúttótonnum einu atvinnutækin sem enn bera stimpilgjald þegar eignayfirfærsla á sér stað, en í lögskýringargögnum laganna er ekki að finna sérstakan rökstuðning fyrir því. Með vísan til sjónarmiða um jafnræði atvinnugreina er rétt að ekki verði lengur innheimt stimpilgjald vegna skjala er varða eignayfirfærslu skipa yfir fimm brúttótonnum. Slík breyting er jafnframt í samræmi við það regluverk sem fyrirfinnst á Norðurlöndunum varðandi stimpilgjöld, en þar takmarkast stimpilgjöld almennt við fasteignaviðskipti. Þá mun slík breyting bæta m.a. rekstrarumhverfi skipa á Íslandi, leiða til sambærilegra rekstrarumhverfis líkt og hjá erlendum samkeppnisaðilum og styðja sérstaklega við íslenskan sjávarútveg sem er í mikilli alþjóðlegri samkeppni.

Í því frumvarpi sem þessi umsögn varðar eru gerðar ýmsar breytingar á lögum sem varða skatta til að hlúa að atvinnulífinu í þeim tilgangi að standa vörð um störf. Afnám stimpilgjalds af skipum yfir fimm brúttótonnum væri til þess fallið að standa vörð um störf í sjávarútvegi og léttu greininni róðurinn í núverandi ástandi.

8.2 Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki

Hinn 17. október lagði Þorsteinn Víglundsson fram tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki. Hann mælti fyrir tillögunni 18. febrúar og var samþykkt að hún gengi til efnahags- og viðskiptanefndar sama dag. Hinn 21. febrúar setti nefndin málið í umsagnarferli og gaf frest til 12. mars.



Íslensk stjórnvöld vinna nú verkefni um samkeppnismat á ferðaþjónustu og byggingariðnaði í samstarfi við OECD. Tilgangur samkeppnismats er að greina gildandi regluumhverfi með tilliti til þess hvort að í þeim reglum sem atvinnulífið starfar eftir felist samkeppnishindranir eða óþarfa reglubyrði sem ryðja megi úr vegi. Óþarflega íþyngjandi regluverk sem hamlar samkeppni hefur skaðleg áhrif á hagvöxt. Um er að ræða jákvætt framtak af hálfu stjórnvalda til einföldunar regluverks en að mati SA er mikilvægt að fram fari heildstætt mat á íslenskri löggjöf og regluverki. SA fagna því fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu.

Til þess að einfalda lagaumhverfi er mikilvægt að meta hvort gildandi reglur séu óþarflega íþyngjandi fyrir atvinnulífið og hvort þær þjóni því markmiði sem stefnt var að þegar þær voru settar. Að sama skapi þarf að vera á varðbergi við innleiðingu nýrra reglna. Það þarf að passa að þær flæki ekki reglurammann um of, þannig að erfitt sé fyrir fyrirtæki að framfylgja þeim. Þá þarf að fara fram heildstætt mat á fyrirbyggjandi regluumgjörð, þannig að gömlum reglum sé skipt út fyrir nýjar í stað þess að stöðugt sé bætt við þær sem fyrir eru. Það þarf að gæta að því að alþjóðlegar reglur sé ekki innleiddar á Íslandi með meira íþyngjandi hætti en gert er í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Það er mikilvægt að íslenskt atvinnulíf búi við skýrar og góðar leikreglur. Lagaumhverfi og eftirlit má þó ekki vera of íþyngjandi. Það eykur kostnað fyrirtækja sem aftur minnkar svigrúm þeirra til launahækkana og veikir samkeppnishæfni þeirra gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Veikari samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs leiðir til þess að störf verða færri en ella og starfsöryggi minna. Fyrirtæki skila minni skatttekjum og hið opinbera verður því verr í stakk búið til að standa undir grunnþjónustu sinni við almenning. Einföldun lagaumhverfis atvinnulífsins er því hagsmunamál allra landsmanna og nauðsynlegur þáttur til að bæta kjör og tryggja næga atvinnu.

Í ljósi framangreinds eru SA fylgjandi því að þingsályktunartillagan fái framgöngu sem fyrst og að ráðist verði í heildstæða úttekt á íslenskri löggjöf og regluverki með tilliti til samkeppnishindrana.

9. Lokaorð

Starfsmenn SA eru hér eftir sem hingað til reiðubúnir að svara öllum frekari spurningum og koma á framfæri öllum frekari gögnum vegna málsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
105 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is



Reykjavík, 27. mars 2020

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (683. mál).

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar vísa til fyrri umsagnar um frumvarpið (dbnr. 1674) og umræðna á fundi nefndarinnar seinni part dags hinn 24. mars sl.

Í framangreindri umsögn bentu SAF m.a. á að um þessar mundir væru bílaleigur í óða önn að taka bílnúmer af bílaleigum og skila þeim til Samgöngustofu eða á skoðunarstöðvar í þeim tilgangi að losna undan bifreiðagjöldum. Jafnframt var tekið að sú framkvæmd skapaði ýmsar flækjur, vinnu og kostnað hjá bílaleigum annars vegar og Samgöngustofu og skoðunarstöðvum hins vegar.

Á nefndarfundum hinn 24. mars. sl. upplýstu fulltrúar SAF að bílaleigur ættu von á töluverðum fjölda bifreiða til landsins á næstunni og sæju fram á umtalsverð fjárútlát vegna bifreiðakaupa sem þær hafa ekki komist hjá þrátt fyrir að ýmsar tilraunir hafi verið gerðar til afþöntunar. Aðspurðir upplýstu fulltrúar SAF nefndarmenn um að fjöldi bifreiðanna lægi ekki fyrir að svo stöddu en verið væri að kalla eftir upplýsingum frá félagsmönnum.

Bifreiðagjald

Samgöngustofa getur skráð ökutæki tímabundið úr notkun að ósk eiganda skv. 14. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 751/2003. Er þetta gert þannig að eigandi sendir tilkynningu þess efnis til Samgöngustofu sem skráir ökutækið úr umferð í ökutækjaskrá og er þá óheimilt að nota það. Skal taka skráningarmerki af ökutækinu og afhenda þau til Samgöngustofu eða skoðunarstöðvar eða setja yfir skoðunarmiða merkisins miða frá Samgöngustofu með áletrun um að notkun ökutækisins sé bönnuð. Í ljósi fjölda bílaleigubíla og umfangs hefur Samgöngustofa verið tilbúin til að koma til móts við bílaleigur í framangreindu samhengi með liðlegu verklagi.

Bifreiðagjald er lagt á skráðar bifreiðar, sbr. 1. gr. laga um bifreiðagjald, nr. 39/1988. Af lokamálgrein 3. gr. laganna leiðir að við afskráningu bifreiða skal endurgreiða eða fella niður bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af því gjaldtímabili sem er að liða þegar afskráning fer fram.

SAF hafa átt í samskiptum við Skattinn og leitað upplýsinga um hvort með *skráningu á ökutæki úr umferð* teljist ökutæki óskráð í skilningi laga um bifreiðagjald og þar með undanþegið bifreiðagjaldi. Skatturinn er með spurninguna til skoðunar og hefur gefið til kynna að svar muni liggja fyrir undir lok næstu viku.

SAF vilja taka fram að bílaleigur munu ráðast í þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að koma bílaleigubílum í það horf að þær falli utan gildissviðs laga um bifreiðagjald. Bílaleigur, eins og önnur ferðapjónustufyrirtæki, horfa fram á nær algert tekjufall og eru því tilneyddar til að draga úr rekstrarkostnaði eins og þeim fremst er unnt.

Í því skyni að draga úr flækjum, einfalda framkvæmd og draga úr kostnaði, þ.e. kostnaði bílaleiga, hins opinbera og skoðunarstöðva, leyfa SAF sér að leggja til við nefndina að hún geri tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða við lög um bifreiðagjald þess efnis að bifreiðar í eigu eða umráðum ökutækjaleiga séu undanþegnar bifreiðagjaldi frá 1. mars sl. til 1. september nk. ef þær hafa verið skráðar tímabundið úr notkun að ósk eiganda í skilningi umferðarlaga eða stjórnvaldsfyrirmæla sem sett hafa verið á grundvelli þeirra. Með því móti mætti með einföldum hætti leysa úr málinu, og þá í raun og í ljósi aðstæðna án þess að það hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Vörugjald

Samkvæmt þeim upplýsingum sem SAF hafa aflað eru u.þ.b. 2.000 bifreiðar á leið til landsins sem bílaleigur hafa skuldbundið sig til að kaupa. Ætla verður að bifreiðarnar verði tilbúnar til tollafgreiðslu á tímabilinu frá 10. apríl nk. til loka júlímánaðar. Eins og að framan greinir verða bílaleigur mjög illa í stakk búnar til þess að takast á við kaupin í ljósi tekjufalls í ferðapjónustu. Í þessu ljósi leyfa SAF sér að óska eftir því við nefndina að hún taki til alvarlegrar skoðunar að leggja til þá breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, að vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá ökutækjaleigum verði fellt niður á tímabilinu frá 1. apríl nk. til og með 31. júlí nk.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Hinn 21. mars sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Frumvarpinu var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar að 1. umræðu lokinni. Með tölvupósti, dags. 23. mars sl., óskaði nefndin eftir umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarpið.

Eftir yfirferð yfir frumvarpið vilja SAF koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Tvískipting gjalddaga

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um frestun gjalddaga virðisaukaskatts almennt, heldur aðeins virðisaukaskatts sem greiða ber sem hluta af aðflutningsgjöldum, sbr. b-lið 4. gr. Að mati SAF væri verulegt tilefni til þess að skoða nánar hvort ekki sé unnt að **fresta skilum virðisaukaskatts í viðskiptum innanlands.**

Frestun gjalddaga skatts í staðgreiðslu af launum

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við mat á því hvort um tekjufall er að ræða verði miðað við a.m.k. þriðjungssamdrátt í rekstrartekjum yfir heilan mánuð samanborið við sama mánuð árið 2019 en hafi atvinnurekstur staðið í tvö ár eða skemur verði heimilt að miða við meðaltekjur síðastliðinna 12 mánaða. Í þessu samhengi telja SAF tilefni til að benda á að á vettvangi samtakanna starfa ýmis minni ferðaþjónustufyrirtæki, t.d. úti á landi, þar sem starfsemin liggur niðri hluta ársins. Til dæmis eru hótél sem loka í september/október, opna að nýju í desember og fram í janúar en loka þá aftur þangað til í apríl/maí. Mögulega er hætt á að slík fyrirtæki muni fara á mis við úrræði 1. gr. frumvarpsins að óbreyttu. Við þessu mætti bregðast með því að bæta nýjum málslíð við 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, í þessa veru: ***Í tilviki fyrirtækja sem stunda að jafnaði óverulega starfsemi hluta ársins en hefðbundna starfsemi aðra árshluta er heimilt að miða við skynsamlega áætlað tekjutap.***

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er lögð til heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts til mannúðar- og líknarfélaga, íþróttafélaga, björgunarsveitum, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda. Samkvæmt skýringum í greinargerð frumvarpsins eiga þessi félög það m.a. sameiginlegt að ekki fellur til virðisauki í starfseminni enda eru þau ekki starfrækt í viðskiptalegum tilgangi. Að undanförmu hafa borist af því fréttir að tekjufall hafi komið fram í almenningssamgöngum.

Rekstraraðilar almenningssamgangna starfa því utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts, skila því ekki virðisaukaskatti og eiga ekki innskattsrétt. **Að mati SAF er tvímælalaust tilefni til þess að koma til móts við þessa rekstraraðila með endurgreiðslum virðisaukaskatts.**

Fasteignaskattar

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að gjaldendum fasteignaskatta sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls verði heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020. Af skýringum við frumvarpsgreinina verður ráðið að einvörðungu er um heimild fyrir gjaldendur að ræða til að óska eftir frestun gjalddaga. Samkvæmt almennum athugasemdum í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði skylt að verða við slíkum óskum að öllum skilyrðum uppfylltum. Í þessu samhengi vilja SAF koma því á framfæri að sveitarfélögin verða einfaldlega að ganga lengra. Fasteignaskattar nema verulegum hluta af tekjum leigusala og fjárhæð leigugjalda endurspeglar því fasteignaskatta að miklu leyti. Þá vega fasteignaskattar þungt þegar kemur að ferðapjónustu sem byggist á nýtingu fasteigna, t.d. gististaða. Í ljósi tekjufalls munu þau ferðapjónustufyrirtæki sem leigja húsnæði þurfa að semja við leigusala um lækkun leigugjalda fyrir það tímabil sem tekjufallið stendur yfir. Það er augljóst að það verður veruleg forsenda árangursríkra viðræðna að kostnaður leigusala dragist saman. **Það er því nauðsynlegt að fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði verði lækkaðir eða felldir niður tímabundið.**

Bílaleigur

Um þessar mundir eru bílaleigur í óða önn að taka bílnúmer af bílaleigum og skila þeim inn í þeim tilgangi að losna undan bifreiðagjöldum. Sú framkvæmd skapar ýmsar flækjur og vinnu hjá bílaleigum, Samgöngustofu og skoðunarstöðvum. Samgöngustofa hefur veitt vilyrði fyrir því að unnt verði að koma því þannig fyrir að bílaleigur tilkynni bíla úr notkun. Á þessum tímapunkti er hins vegar afar óljóst hvort sú framkvæmd muni fella bifreiðarnar undan skattskyldu bifreiðaskatts. Þá telur Samgöngustofa sér ekki fært að fella niður gjöld af afskráningum.

SAF leggja til að við þessu verði brugðist með því að bæta ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið sem **heimilar Samgöngustofu að afskrá bílaleigubíla á grundvelli tilkynningar frá ökutækjaleigu. Jafnframt leggja SAF til að afskráningargjald ökutækja verði fellt niður tímabundið.**

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar

Reykjavík, 24. mars 2020

Umsögn um 683. mál á 150. löggjafarþingi

Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru á þingskjali nr. 1157, 683. mál á 150. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld vegna þeirrar miklu óvissu sem ríkir nú í atvinnulífi og efnahag landsins eftir að lýst hefur verið yfir heimsfaraldri vegna COVID-19. Nú þegar hefur orðið mikill samdráttur í ýmsum atvinnugreinum hérlandis, þar á meðal sjávarútvegi og fiskeldi, og ófyrirséð hve lengi samdrátturinn mun standa yfir. Áhrif á útflutning fersks fisks eru þegar orðin veruleg, en segja má að engin eftirspurn sé til staðar vegna áhrifa faraldursins á helstu mörkuðum.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir að „*fyrirhugaðar aðgerðir miði að því að draga úr tjóni, tryggja að neikvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag vari sem skemmst og skapa aðstæður fyrir öflugra viðspyrnu í kjölfarið.*“ Þá segir að „*að fyrirtækjum sem lenda í tímabundnum rekstrarörðugleikum vegna tekjufalls verði veitt svigrúm, t.d. með lengri fresti til að standa skil á sköttum og opinberum gjöldum.*“ Loks er skýrt frá því að ætlunin sé að grípa jafnvel til niðurfellingar tekjuöflunar sem er íþyngjandi fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu, t.d. gistináttaskatt.

Íslenskur sjávarútvegur fer ekki varhluta af þessum fordæmalausum aðstæðum. Ljóst er að markaður með íslenskar sjávarafurðir fer hratt minnkandi og sums staðar er hann raunar hverfandi. Veitingastaðir, hótél, mötuneyti og fiskborð matvöruverslana loka stórum dráttum um víða veröld, auk þess sem staða birgja og dreifikerfa er víða í óvissu.

Eftirspurn eftir ferskum sjávarafurðum í Evrópu og Bandaríkjunum er því sem næst engin, með tilheyrandi áhrifum á útflutning fisks frá Íslandi. Þá má vænta þess að hægja mun á eftirspurn eftir frystum afurðum auk þess sem verð fari lækkandi þegar fleiri framleiðendur frysti sínar afurðir. Jafnframt getur hvenær sem er komið til þess að fiskvinnslur og útgerðarfyrirtæki þurfi að loka vegna starfsfólks í sóttkví eða samkomubanns stjórnvalda. Það hefði í för með sér meiriháttar hrun í framboði íslensks sjávarfangs.

Íslenskur sjávarútvegur greiðir sérstakt gjald af lönduðum afla, veiðigjald. Gjaldið er 33% af reiknaðri afkomu hvers nytjastofns og er innheimt mánaðarlega.

Rekstrarforsendur tveimur árum fyrir álagningu ráða fjárhæð veiðigjaldsins. Rekstrarforsendur eru hins vegar að verulegu leyti brostnar með fordæmalausum hætti. Veiðigjald er því innheimt í efnahagslegum hamförum, byggt á upplýsingum úr rekstri þegar til muna betur áraði. Til þess að gefa sjávarútvegsfyrirtækjum ráðrúm til að mæta tekjuhruni þyrfti að horfa til tímabundinnar niðurfellingar eða frestunar tekjuöflunar sem er íþyngjandi fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi, auk þeirra almennu aðgerða sem frumvarpið tiltekur. Því fara samtökin þess á leit við nefndina að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þess efnis að frestun á greiðslu veiðigjalds verði sömuleiðis að veruleika við þessar aðstæður, líkt og raunin er um aðra skatta og gjöld samkvæmt þessu frumvarpi.

Fiskeldi styrkir byggðafestu víða um land og stuðlar að aukinni verðmætasköpun, framleiðsluaukningu og atvinnuuppbyggingu sem þarf að eiga sér stað á Íslandi á næstu árum og áratugum. Fiskeldi stuðlar jafnframt að auknum fjölbreytileika útflutningsgreina sem skýtur sterkari stöðum undir gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Mikilvægi þess ætti að blasa við nú þegar áföll ríða yfir útflutningsgreinar landsins. Er því afar mikilvægt að fiskeldi nái fótfestu, dafni og þróist án þess að óraunhæfar kröfur um gjaldheimtu kollvarpi greininni. Hafa verður í huga að flest fiskeldisfyrirtæki eru enn í uppbyggingarfasa og ljóst er að greinin stendur frammi fyrir verulegri fjárfestingarþörf á næstu árum.

Fiskeldisfyrirtæki í sjókvíaeldi greiða einnig sérstök gjöld, bæði gjald vegna fiskeldis í sjó, sem er reiknað af hverju kílógrammi af slátruðum laxi, og umhverfisgjald. Með frestun þessara sértæku gjalda eða niðurfellingar út árið 2021 mætti veita fiskeldisfyrirtækjum meira svigrúm til að bregðast við fyrirséðum tekjusamdrætti við þær aðstæður sem nú eru uppi. Því fara samtökin þess á leit við nefndina að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þess efnis.

Sjávarútvegur og fiskeldi eru tvær af undirstöðuútflutningsgreinum þjóðarinnar. Ekki er síður nauðsynlegt að veita þeim atvinnugreinum skjól, í þeim efnahagslegu hörmungum sem nú ganga yfir.

Að endingu beina samtökin þeirri tillögu til nefndarinnar að gera breytingar á frumvarpinu þess efnis að tillaga til breytinga á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, um afnám stimpilgjalds af skjölum varðandi eignayfirfærslu skipa verði afgreidd sem hluti af þessum bandormi. Umrædd tillaga hefur verið lögð fram á Alþingi sem stjórnarfrumvarp og er til meðferðar hjá nefndinni, sbr. þingskjal 354, 313. mál. Samtökin áréttu mikilvægi þess að ná fram þeirri hagsbót fyrir rekstrarumhverfi skipa og útgerða hið fyrsta.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi





Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. mars 2020

Efni: Umsögn SI um um frumvarp um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál og fjárukalög 2020, 695. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ og „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvörp um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, mál nr. 683 og 695. Samtökin fagna þeim aðgerðum sem felast í aðgerðaráætluninni og telja jafnframt jákvætt að sjá að ríkisstjórn, Seðlabanki Íslands, lánveitendur og aðilar vinnumarkaðarins ganga í takt að sameiginlegu markmiði við erfiðar aðstæður. SI fagna yfirlýsingum forystumanna ríkisstjórnarinnar um að meira verði gert og taka heilshugar undir að betra sé að gera meira en of lítið við þessar aðstæður. SI telja rétt að benda á ýmis atriði sem væru að mati samtakanna til þess fallin að styrkja aðgerðirnar enn frekar og auka líkur á öflugri viðspyrnu fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf til skemmri og lengri tíma:

i. Frumvarp um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál

Í nýlegri könnun Samtaka iðnaðarins kemur fram að 55% iðnfyrirtækja búast við lausafjárerfiðleikum á næstunni en meðal fyrirtækja í framleiðsluiðnaði er hlutfallið enn hærra eða 70%. Er þetta mikið áhyggjuefni í ljósi þess að iðnaður skapar um eitt af hverjum fimm störfum á Íslandi og fimmtung landsframleiðslunnar.

i. Stöðugt endurmat á stöðunni:

Dragist efnahagssamdráttur á langinn er mikilvægt að fyrirtæki landsins hafi heimild til lengri fresta til að standa skil á sköttum og opinberum gjöldum en nú er tilgreint í frumvarpinu. Sama á við um endurgreiðslu brúarlána. Stöðugt endurmat þarf á stöðunni og veita á heimild til lengri fresta ef samdráttur dregst á langinn. Tryggja þarf þá að ekki muni bíða fyrirtækjanna uppsafnaður skafll vegna frestunar opinberra gjalda og greiðslna brúarlána þegar að viðspyrnu kemur. Í þessu sambandi er mikilvægt að ekki sé einungis um frestun opinberra gjalda og skatta að ræða heldur einnig lækkun. Á það ekki síst við um tryggingargjaldið.

ii. Hækkuð endurgreiðsla virðisaukaskatts í anda „Allir vinna“:

Samtökin fagna tillögum ríkisstjórnarinnar um að hækka endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 60% upp í 100% í anda „Allir vinna“ átaksins. Samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að úrræðið sé eins viðtækt og hægt er þegar kemur að aðkomu allra í virðisaukaskattunni þ.e. frá hönnun til afhendingar. Fagna samtökin því að vinna hönnuða við viðhaldsframkvæmdir falli undir ákvæðið.

Sökum hraðra tækniframfara og breyttra framleiðsluaðferða er æskilegt að endurskoða og útvíkka frekar heimildina til endurgreiðslu með það að leiðarljósi að hægt væri að vinna frekari vinnu á verkstæði og fá endurgreiðslu af sama sniði, t.d. má þar nefna sérframleiðslu innréttinga og einingaframleiðslu.



Enn fremur leggja samtökin til að tillaqan nái til sveitarfélaga vegna innviðaframkvæmda. Þannig er hvatt til fjárfestinga á þessu ári og störf varin.

ii. Frumvarp um fjárukalög 2020, 695. mál

Samtökin fagna áformum um auknar opinberar fjárfestingar. Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að hið opinbera þurfi að auka fjárfestingar sínar með hliðsjón af stöðu efnahagsmála, í þeim tilgangi að örva eftirspurn. Þá hefur ítrekað verið bent á að ástand innviða er víða bágborið og er þörf á umtalsverðum fjárfestingum í innviðum landsins. Sú þörf var áætluð 372 milljarðar króna í skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða sem kom út árið 2017 á vegum SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga. Í ljósi þessa vilja SI fara fram á eftirfarandi:

- i. Ráðast í 30-35 ma.kr. viðbótarframkvæmdir í samgöngum og byggingum:
Að mati SI kalla aðstæður á að farið sé í a.m.k. 30-35 ma.kr. viðbótarframkvæmdir í ár umfram það sem ríkissjóður er þegar með áætlað í samgönguinnviðum og byggingum hins opinbera. Mikilvægt er að undirbúningur slíkra framkvæmda sé skilvirkur og jafnframt þess gætt að verkefnum sé útvistað til íslenskra fyrirtækja. Sveigjanleiki í útboðsferli skiptir hér sköpum.
- ii. Nýta á samvinnuleiðina:
Samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir í samræmi við framkomið frumvarp samgönguráðherra færir verkefni framár í tíma. Umfangsmiklar framkvæmdir sem skapa mikinn fjölda ársverka bæði hjá verktökum en ekki síður hjá ráðgjöfum og hönnuðum. Áætla má að í heild verði til á bilinu 3.000-4.000 ársverk vegna þessa. Hvatt er til þess að frumvarp þess efnis verði að lögum sem fyrst svo hægt sé að leggja grunn að framkvæmdum.
- iii. Hlutdeildarlán og aukin stofnframlög:
Á þessum tímum þarf að leita allra leiða til að viðhalda stöðugri uppbyggingu til að mæta grundvallar þörf samfélagsins til næstu ára. Í ljósi þess að mikill samdráttur verður á nýrri íbúðarfjárfestingu vilja samtökin einnig benda á að nauðsynlegt er að fara hratt af stað með nauðsynlega uppbyggingu m.a. með því að koma á hlutdeildarlánnum sem allra fyrst og auka fjárveitingar til svokallaðra stofnframlaga, sbr. nr. 52/2016. Tryggja þarf fjármagn til þessara verkefna á þessu ári að því gefnu að frumvarp um hlutdeildarlán verði samþykkt.
- iv. Vitundarvakning um íslenska framleiðslu og þjónustu:
Samtök iðnaðarins leggja til að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins taki höndum saman og efni til markaðsátaks í þágu innlendrar framleiðslu og þjónustu í breiðri merkingu þar sem horft væri til ólíkra greina. Tryggt verði fjármagn til verkefnisins í fjárukalögum. Vilja SI benda á að Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Bændasamtökin hafa staðið að slíku átaki undir merkjum Íslenskt - gjörið svo vel. Hægt væri að nýta það verkefni til að hvetja landsmenn til kaupa á innlandri framleiðslu og þjónustu og skipta við innlenda verslun sem verður til þess að skapa störf og verðmæti.
- v. Endurgreiðslur vegna kvikmyndaframleiðslu verði auknar:
Um langt skeið hefur ríkissjóður endurgreitt hlutfall af framleiðslukostnaði vegna framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis. Þetta fyrirkomulag hefur gefið góða raun, skapað fjölmörg störf og verðmæti bæði beint en ekki síður óbeint. Samkvæmt nýjustu könnun Ferðamálastofu sögðust tæp 40% ferðamanna hafa tekið ákvörðun um Íslandsferð eftir að hafa séð íslenskt landslag í hreyfimyndefni.



Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 (án fjárukalaga) er tæpum 700 m.kr. ráðstafað í endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar en miðað við útgefin vilyrði um endurgreiðslur fyrir árið 2019 þyrfti fjárheimildin að nema samtals um 1,5-2 milljörðum króna á þessu ári. Þetta gerir það að verkum að innlendir og erlendir framleiðendur halda að sér höndum og ráðast síður í ný verkefni. Samtökin hvetja til þess að fjárframlög verði aukin enda skili það auknum umsvifum á þessu ári með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á efnahagslífið.

vi. Hækkun framlaga í Tækniþróunarsjóð:

SI leggja til að framlög í Tækniþróunarsjóð (TPS) verði aukin um allt að 3 milljarða króna á þessu ári með það að markmiði að fjölga störfum í nýsköpun og hátækni. Einungis 27% verkefna með hæstu einkunn hlutu styrk við síðustu úthlutun. Bendir þetta til ónýttra tækifæra. Áhrifamat TPS bendir til þess að sjóðurinn hafi mikilvæg áhrif á nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Hefur TPS styrkt framsækin nýsköpunarfyrirtæki sem hafa náð árangri á alþjóðavettvangi og þannig stuðlað að fjölgun og verndun verðmætra starfa. Fyrir tilstuðlan TPS verða til þekkingarverðmæti í landinu en samkvæmt áðurnefndu áhrifamati telja 75% styrkþega að rannsóknar- og nýsköpunarverkefni hefðu ekki farið af stað án styrks úr sjóðnum. Aukin framlög til TPS skapa störf og efnahagsleg umsvif.

vii. Stvöjum enn frekar við nýsköpun:

Nýleg úttekt og könnun SI meðal félagsmanna sem hafa nýtt sér heimildir til skattfrádráttar/endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði bendir til þess að fyrirtæki hafa almennt aukið umsvif, fjölgað verkefnum og ráðið í ný stöðugildi vegna hækkunar þaks úr 300 m.kr. í 600 m.kr. en sú lagabreyting tók gildi í janúar 2019. SI hvetja stjórnvöld og Alþingi til að hækka þök enn frekar en það mun hafa jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu og nýsköpun, og þar með verðmætasköpun í hagkerfinu.

Að lokum vilja Samtök iðnaðarins ítreka ánægju sína með framkomnar tillögur stjórnvalda til að mæta þeim efnahagsþrengingum sem blasa við íslensku atvinnulífi. Samtökin leggja til að frumvörpin verði samþykkt, að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI

25. mars 2020

Tilv.: 2003136

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um breytingartillögur vegna 683. máls, frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Með tölvupósti, dags. 23. mars, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, sbr. 683. mál, lagt fram á 150. löggjafarþingi.

Kórónuveiran og aðgerðir stjórnvalda til að hefta útbreiðslu farsóttarinnar hafa valdið miklum búsifjum um allan heim. Aðgerðir til að hemja farsóttina hafa dregið úr framleiðslu og aukin óvissa hefur valdið miklum usla á fjármálamörkuðum.

Aðgerðir Seðlabanka Íslands hafa fyrst og fremst miðast að því að létta á fjármálalegum skilyrðum heimila og fyrirtækja og tryggja sem eðlilegasta virkni fjármálamarkaða. Bankinn hefur tvívegis lækkað meginvexti sína um 0,5 prósentur og eru vextir bankans nú í sögulegu lágmarki í 1,75%. Þá hefur bankinn lækkað bindiskyldu og breytt reglum um meðferð hennar í útreikningi á lausafjárreglum og aflétt 2% eiginfjárkröfu um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki. Ætla má að breytingar á bindiskyldu og lækkun eiginfjárfarna auki útlánagetu fjármálakerfisins um u.þ.b. 400 ma.kr. Þá tilkynnti bankinn nýlega að hann myndi hefja kaup á ríkisskuldabréfum á eftirmarkaði til að tryggja að lækkun vaxta bankans myndi miðlast sem eðlilegast út í lengri skuldabréfavexti þrátt fyrir horfur um stórukna lánsfjárbörf ríkissjóðs. Seðlabankinn hefur jafnframt lýst því yfir að hann muni tryggja fjármálakerfinu það lausafé sem til þarf svo það geti starfað með eðlilegum hætti.

Vandinn sem blasir við vegna heimsfaraldurs kórónuveiru felst í meginatriðum í miklum eftirspurnarsamdrætti sem veldur tímabundnu tekjutapi fyrirtækja í öllum geirum, sem mun jafnframt hafa þær afleiðingar að greiðslugeta heimila minnkar tímabundið. Aðgerðir stjórnvalda þurfa því að miðast að því að draga eins og unnt er úr neikvæðum áhrifum þessa á atvinnulífið svo hægt sé að styðja við lífsafkomu fólks í gegnum þær tímabundnu þrengingar sem eru afleiðingar veirunnar. Hér kemur fyrst til skoðunar að lánastofnanir tryggi

að lífvænleg fyrirtæki sem verða fyrir verulegu tímabundnu tekjutapi haldi áfram rekstri með þeim hætti að gefa þeim möguleika á að fresta greiðslu lána og til viðbótar tryggja þeim nægt lausafé til áframhaldandi reksturs á tímabilinu og þá eftir atvikum veita viðbótarlán og aðra fyrirgreiðslu. Þannig sé fyrirtækjum veittur sveigjanleiki, með greiðslufrestum eða öðrum skilmálabreytingum, sem kemur í veg fyrir að skuldbindingar þeirra í heild sinni gjaldfalli vegna vangoldinna greiðslna með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á efnahagslífið og fjármálakerfið.

Efni frumvarpsins og þær aðgerðir sem þar koma fram eru ennfremur til þess fallnar að stemma stigu við þeim efnahagslegu áhrifum sem heimsfaraldurinn hefur í för með sér. Lýsir Seðlabankinn því yfir stuðningi við efni frumvarpsins með þeim breytingatillögum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hyggst senda nefndinni og sem samráð var haft við Seðlabankann vegna.

Umsögn þessi er lögð fram samhliða umsögn um frumvarp til fjáráaukalaga fyrir árið 2020 í 695 máli, en frá framlagningu þingmálanna hefur Seðlabankinn átt í samskiptum við fjármála- og efnahagsráðuneytið hvað varðar skýrleika útfærslu á framkvæmd ábyrgða í tengslum við viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldursins. Líkt og fram hefur komið er gert ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðuneytið muni upplýsa um niðurstöðu þeirrar vinnu.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri



Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri



Alþingi

Velferðanefnd Alþingis

Nefndarsviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Bt: Bjarna Benediktssonar

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Þingskjal 1157 - 683. mál.

Sjálfsbjörg Ish. og Öryrkjabandalag Íslands vilja vekja athygli stjórnvalda á því að efnahagsleg áhrif heimsfaraldursins Covid-19, kemur illa niður á þeim fötluðu einstaklingum sem eru að kaupa eða hyggjast kaupa bifreiðar sem breyta þarf sérstaklega fyrir fatlað fólk. Ljóst er að gengisbreytingar s.s. lækkun krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum hafa veruleg áhrif á kaupverð innfluttra bifreiða. Brýnt er að stjórnvöld grípi til sértækra aðgerða til aðstoðar þeim einstaklingum sem í þessu lenda.


Heimilt er að veita styrk sem nemur allt að 50-60% af kaupverði bifreiðar, það er grunnverði án aukabúnaðar, ef um er að ræða einstakling sem ekki kemst af án sérútbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna mikillar fötlunar.

Hámarksstyrkur er 5.000.000 kr. Áður en uppbót eða styrkur er greiddur skulu lagðar fram upplýsingar um kaupverð bifreiðar. Kaupverð bifreiðar skal ekki vera lægra en fjárhæð uppbótar eða styrks. Þessum bílum er síðan breytt fyrir fólk sem notar hjólastól, rafmagns eða handknúinn, **en um þessar mundir eru bílarnir að hækka um 1-1,3 milljónir þegar þeir eru afgreiddir inn í landið.**

Sjálfsbjörg Ish. og ÖBÍ styðja þá hugmynd sem BÍlgreinasambandið hefur lagt til, að tollafgreiðslugengið verði fest.

Önnur leið sem er fær, er að hækka umræddan styrk til bifreiðakaupa- tímabundið um 600.000 kr. til að koma til móts við þá sem verða að standa í bílakaupum á þessum fordæmalausu tímum. Þannig myndi hækkun bifreiðarinnar ekki lenda öll á kaupandanum heldur myndi kostnaður skiptast milli kaupanda, bílaumboðs og ríkisins.

Virðingarfyllt.



Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ

Alþingi

Velferðanefnd Alþingis

Nefndarsviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Bt: Bjarna Benediktssonar

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Þingskjal 1157 - 683. mál.


Heimilt er að veita styrk sem nemur allt að 50-60% af kaupverði bifreiðar, það er grunnverði án aukabúnaðar, ef um er að ræða einstakling sem ekki kemst af án sérútbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna mikillar fötlunar.

Hámarksstyrkur er 5.000.000 kr. Áður en uppbót eða styrkur er greiddur skulu lagðar fram upplýsingar um kaupverð bifreiðar. Kaupverð bifreiðar skal ekki vera lægra en fjárhæð uppbótar eða styrks. Þessum bílum er síðan breytt fyrir fólk sem notar hjólastól- Rafmagns eða handknúinn, en um þessar mundir eru bílarnir að hækka um 1-1,3 milljónir þegar þeir eru afgreiddir inn í landið.

Sjálfsbjörg styður hugmynd þá sem bílgreinasambandið hefur lagt til að tollafgreiðslugengið verði fest.

Önnur leið sem er fær, er að hækka umræddan styrk til bifreiðakaupa- tímabundið um 600.000, til að koma til móts við þá sem standa í bílakaupum á þessum fordæmalausum tímum. Þannig myndi hækkan bifreiðina ekki landa öll á kaupandanum heldur væri hægt að skipta þeim kostnaði milli kaupenda, bílaumboðs og ríkisins.

Virðingarfyllt.



Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish.



Skorradalshreppur

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

101 Reykjavík

Skorradal, 23. mars 2020
2003012 PD

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. – mál nr. 683

Hreppsnefnd Skorradalshrepps tók fyrir fyrrnefnt frumvarp. PD lagði fram tillögu að umsögn. Eftirfarandi umsögn var síðan samþykkt.

Hreppsnefnd lýsir ánægju yfir að það skuli vera komið fram frumvarp til að reyna að taka á þessari fordæmalausu stöðu sem er komin upp í samfélaginu. eru þetta skref á langri vegferð sem er fyrir höndum.

Kaflar IX og X í frumvarpinu tengjast málefnum sveitarfélaganna. Tengist það hugmyndum og ábendingum sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum þann 19. mars s.l.. Í þessum tillögum Sambandsins er hvatt til að ríkistjórn og Alþingi geri viðeigandi ráðstafanir svo að þær geti orðið að veruleika.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps telur að þessar tillögur og ábendingar ekki ganga nógu langt til þess að hvert sveitarfélag geti hafið sína eigin viðspyrnu og tekið á málum sem tengjast bæði skattgreiðendum sveitarfélaganna og breyttri stöðu varðandi rekstur og framkvæmdir sveitarfélaganna.

Hreppsnefnd telur í ljósi aðstæðna að Alþingi þurfi að heimila með bráðabirgðaákvæði að sveitarfélög geti gert nýjar eða auka fjárhagsáætlanir fyrir árið 2020 og þriggja ára áætlanir 2021-2023, sem við samþykkt í sveitarstjórn fellu úr gildi áður samþykktu fjárhagsáætlun 2020. Svipað og Alþingi fékk til meðferðar í dag Fjárukalög 2020 frá Fjármálaráðherra. Með þessu fengju hvert og eitt sveitarfélag komið í hendurnar heimild að skoða fjárhagsstöðu og áætlanir sínar í breyttu umhverfi. Að vísu má segja að staða mála og þörf til aðgerða er misjöfn á milli sveitarfélaga.

Lagabreyting sem er nú til umfjöllunar í IX kafla frumvarpsins er mjög þörf en hún er algjörlega gagnlaus fyrir árið 2020 fyrir sveitarfélögin ef ekki er hægt að endurgera fjárhagsáætlun ársins. Sveitarfélög hafa þann möguleika í sveitarstjórnarlögum að gera viðauka við fjárhagsáætlanir, en viðaukar eru hugsaðir fyrir minni breytingar og það verður að sýna fram á tekjur á móti gjöldum. Eins þarf að gera greinargerðir með viðaukum og eru mjög þungar formkröfur um gerð þeirra.

SKORRADALSHREPPUR

Hvanneyrargötu 3

311 Borgarnesi

Sími: 4311020

Netfang: skorradalur@skorradalur.is



Skorradalshreppur

Hreppsnefnd leggur því til að IX kafli frumvarpsins hljóði þannig:

10. gr.

Við löggin bætist ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Drátt fyrir 3. mgr. 62. gr. er sveitarstjórn heimilt að taka upp samþykktar fjárhagsáætlanir fyrir árið 2020 og þriggja ára áætlanir 2021-2023 og leggja fram aukafjárhagsáætlun 2020 og auka þriggja ára áætlun 2021-2023. Sveitarstjórn skal fjalla um þær á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. júní 2020.

Drátt fyrir 1. og 2. mgr. 64. gr. er sveitarstjórn heimilt að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. við stjórn sveitarfélagsins árin 2020–2022.

Með þessari breytingu getur hvert og eitt sveitarfélag endurskoðað og endurmetið framkvæmdir í fjárhagsáætlunum sínum sbr. stjórn Sambandsins leggur til í lið II a).

Hreppsnefnd telur það ekki til nægra aðgerða að fresta gjalddögum fasteignagjalda og skoða hugsanlega álagningu fasteignaskatta á næsta ári, þ.e.a.s. árið 2021. Ef á að koma viðspyrna, þá er þarna möguleikinn fyrir sveitarfélögin skoða hvert í sínu lagi hvað þau geta gert fyrir skattgreiðendur sína sem eru bæði atvinnurekendur og samfélagið í sveitarfélaginu. Þar sem svo skammt er liðið á innheimtu fasteignaskatts er auðvelt að endurskoða álagningarprósentur fyrir bæði A og C flokka fyrir árið 2020 og ef svo metið af sveitarstjórn að rétt sé að lækka fasteignarskattinn, þá er hægt að leggja á að nýju og endurreikna gjalddaganna miðað hvað þegar er búið að innheimta og eins að fresta gjalddögum ef þurfa þykir. Hvert sveitarfélag er sjálfsstætt stjórnvald og getur hver sveitarstjórn metið áreiðanlega þörfina fyrir þessu, en þarf samt heimild frá Alþingi til að gera það. Þörfin er misjöfn á milli sveitarfélaga. Mælumst við jafnframt samt til að framlag Jöfnunarsjóðs standi óbreytt þó að sveitarfélög nýti heimild og lækki álagningarhlutfall.

Hreppsnefnd leggur því til að X kafli frumvarpsins hljóði þannig.

11. gr.

Við löggin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Drátt fyrir 3. mgr. 3 gr. er sveitarstjórn er heimilt að endurskoða skatthlutfall álagningu ársins 2020 fyrir lok 31. maí n.k. til lëkkunar áður samþykktu skatthlutfalli ársins. Endurálagning fasteignaskatts færi fram innan 15 daga frá ákvörðun sveitarstjórnar. Það sem hefur verið greitt af álagningu ársins gengur upp í endurálagningu og dreifist á gjaldadaga eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Framlag Jöfnunarsjóðs 2020 til sveitarfélaga breytist ekki þó að sveitarstjórn nýtti heimild og lækki skatthlutfall ársins.



Skorradalshreppur

Drátt fyrir 4. mgr. 4. gr. er gjaldendum fasteignaskatta skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020, með sömu skilyrðum og málsmeðferðarreglum og kveðið er á um í 2.–4. mgr. 1. gr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987

Verði gjaldandi sem frestað hefur greiðslum skv. 1. mgr. að uppfylltum skilyrðum fyrir miklu tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrra rekstrarár getur hann óskað eftir auknum fresti og dreifingu greiðslna sem hefur verið frestað fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Ósk um aukinn frest og greiðsludreifingu skal **greiðandinn** beina til sveitarfélags fyrir 15. janúar 2021.

Með breytingunni er opnað fyrir möguleika sveitarfélags að endurmeta stöðuna í álagningu fasteignaskatta í A og C flokki fyrir árið 2020 sem ætti að vera sjálfsstæð ákvörðun hvers og eins sveitarfélags ef Alþingi opnar á þessa heimild. Greiðslufrestunin verður að vera möguleiki áfram fyrir þá sem fara illa út úr þessari stöðu sem er núna í samfélaginu. Textinn á þeim hluta er óbreyttur nema að í síðustu línunni var „launagreiðandinn“ breytt í „greiðandinn“.

Óskum eftir að nefndin taki vel í þessar breytingartillögur enda þörf að sveitarfélögin fái strax heimildir til að skoða sín mál hvert og eitt í sinni sveitarstjórn. Annars eru hendur sveitarfélaganna bundnar af samþykktum fjárhagsáætlunum ársins 2020 og innheimtu fasteignaskatta.

Þetta tilkynnist hér með fyrir hönd Hreppsnefndar Skorradalshrepps

Virðingarfyllst,

Pétur Davíðsson,
hreppsnefnd Skorradalshrepps

Meðfylgjandi: hugmyndir og ábendingar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags 19. mars 2020, móttekin í t-pósti frá Karli Björnssyni sama dag.

SKORRADALSHREPPUR

Hvanneyrargötu 3

311 Borgarnesi

Sími: 4311020

Netfang: skorradalur@skorradalur.is

Samband íslenskra sveitarfélaga beinir því til sveitarfélaga að hrinda í framkvæmd eins og kostur er eftirfarandi hugmyndum og ábendingum að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við í þjóðarbúskapnum. Sambandið hvetur ríkisstjórn og Alþingi að gera viðeigandi ráðstafanir svo þær verði að veruleika. Stjórn sambandsins mun áfram fylgjast vel með áhrifum þessa samdráttar og móta frekari tillögur að viðbrögðum sveitarfélaga eftir því málum vindur fram.

I. Fasteignagjöld og gjaldskrár

- a) Sveitarfélög kanni möguleika á að fresta a.m.k. tveimur gjalddögum fasteignagjalda, með sams konar hætti og ríkið kann að bjóða fyrirtækjum að fresta gjalddögum staðgreiðslu og tryggingargjalds, hjá einkafyrirtækjum sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19. Sveitarfélög setji sér reglur um þau viðmið sem koma til greina við veitingu slíkra fresta. Horft verði til þeirra skilgreininga sem ríkið mun beita við slíkar ákvarðanir.
- b) Unnið verði að mótun frekari tillagna á næstu tveimur mánuðum um hvernig koma megi til móts við fyrirtæki sem fjallað er um í staflið a.
- c) Við ákvörðun álagningarhlutfalls fasteignaskatts í flokkum A og C árið 2021 verði horft til þess að skattar hækki í takt við áætlaðar verðlagsbreytingar milli ára en ekki hækkun fasteignamats.
- d) Sveitarfélög kanni möguleika á lækun gjaldskrár og tímabundinnar lækkunar eða niðurfellingar tiltekinna gjalda. Þessum stuðningi verði fyrst og fremst beint að einstaklingum og fjölskyldum sem verða fyrir atvinnumissi og í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun.
- e) Á árinu 2021 verði haldið aftur af gjaldskrárhækkunum sem kostur er.

II. Framkvæmdir

- a) Viðhaldsframkvæmdir sveitarsjóða og B-hluta fyrirtækja verði auknar og þeim flýtt eins og kostur er, umfram það sem er í gildandi fjárhagsáætlunum ársins 2020 og í áætlunum fyrir árið 2021.
- b) Tekin verði upp endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna viðhaldsframkvæmda sveitarfélaga.
- c) Ráðist verði í fráveituframkvæmdir eins fljótt og kostur er, enda fái sveitarfélög stuðning frá ríkinu sem nemur ígildi virðisaukaskatts vegna framkvæmdanna.
- d) Flýtt verði stofnframkvæmdum á vegum sveitarsjóða og B-hluta fyrirtækja.
- e) Aukinn verði stuðningur Framkvæmdasjóðs aldraðra við viðhaldsframkvæmdir og stofnkostnað við hjúkunarheimili. Stuðningi skal forgangsraða til verkefna sem eru full hönnuð og hæf til framkvæmda með litlum fyrirvara.
- f) Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði nýttur í auknum mæli, ásamt stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga, til uppbyggingar á húsnæði fyrir fatlað fólk og til að bæta aðgengi fatlaðra að mannvirkjum og útvistarsvæðum.
- g) Tilraunaverkefnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um stuðning til að örva byggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni verði hrint í framkvæmd sem allra fyrst í samvinnu við þau sveitarfélög sem í hlut eiga.

III. Atvinnuátaksverkefni og vinnumarkaður

- a) Sveitarfélög skilgreini og bjóði allt að 1.000 störf í atvinnuátaksverkefnum í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð.
- b) Þess verði sérstaklega gætt að ný störf henti konum og fólki af erlendum uppruna.
- c) Í þeim tilgangi að auka atvinnumöguleika fólks af erlendum uppruna í atvinnuleit á Íslandi verði ráðist í veglegt átak í íslenskunámi fyrir viðkomandi og veiti sveitarfélög og ríki sérstakan fjárstuðning til þeirra sem námið sækja.
- d) Beina skal styrkjum úr nýsköpunarsjóðum til einyrkja og til kvennastarfa.
- e) Það er sveitarfélögum kappsmál að standa vörð um störf á þeirra vegum þrátt fyrir horfur um versnandi fjárhagsstöðu á næstu misserum.

IV. Markaðsáttak í ferðaþjónustu

- a) Landshlutasamtök sveitarfélaga verði hvött til að breyta áherslum við mótun sóknaráætlana fyrir næstu ár þannig að aukinn þungi beinist að ferðaþjónustutengdum verkefnum og átaki til kynningar á ferðaþjónustu í heimabyggð.
- b) Sveitarfélög, stofnanir, sjóðir og fyrirtæki auki mótframlög sín í sóknaráætlunarverkefni er lúta að eflingu ferðaþjónustu.

V. Laga- og reglugerðarbreytingar og skattheimta

- a) Lögum verði breytt svo sveitarfélögum verði heimilt að fresta gjalddögum fasteignagjalda.
 - b) Ákvæði sveitarstjórnarlaga um fjármálareglur sveitarfélaga verði rýmkuð með því að jafnvægisreglu og skuldareglu verði tímabundið vikið til hliðar.
 - c) Viðmiðunarfjárhæðir laga um opinber innkaup um útboðsskyldu sveitarfélaga verði rýmkaðar tímabundið.
 - d) Áhættuvog sveitarfélaga í áhættugrunni lánastofnana verði lækkuð úr 20% í 0%. Þessari aðgerð er ætlað að skila betri vaxtakjörum fyrir sveitarfélög og bæta möguleika Lánasjóðs sveitarfélaga að veita stærri sveitarfélögum aukin lán.
 - e) Sett verði lög um stuðning ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.
 - f) Sett verði lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðhaldsframkvæmda sveitarfélaga.
 - g) Engir nýir skattar og gjöld verði lögð á opinbera þjónustu sveitarfélaga, s.s. urðunarskattur.
-

Sæl

Það væri æskilegt að bæta skógræktarfélögum við þessa upptalningu á félögum sem njóta niðurfellingar á virðisaukaskatti vegna vinnu við mannvirki. Þá á ég sérstaklega við stígagerð sem nýtist almenningi. Við í Skógræktarfélagi Akraness erum nú að gera stíga sem opnir eru almenningi í útivistarskógi okkar og óneitanlega myndi niðurfelling virðisaukaskatts auka lengd þeirra stíga sem við getum gert. Helst þyrfti að fella niður virðisaukaskatt af efni og vinnu þar sem mól í stíga er afskaplega dýr. Nú þegar íþróttahús loka vegna þessarar veiru finnum við fyrir aukinni notkun á stígum í útivistarskógum skógræktarfélaga víðs vegar um landið. Auk þess er rétt að benda á að fólk á öllum aldri sækir í útivistarskógana, ekki síst fjölskyldur með börn sem og aldrað fólk. Útivist bætir heilsu fólks, um það er almenn sátt. Þess vegna er æskilegt að gera allt sem hægt er til stuðla að sem mestri útivist fólks.

Jens Benedikt Baldursson

formaður Skógræktarfélags Akraness

Frumvarp til laga

um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 1157 — 683. mál.

Stjórnarfrumvarp.

V. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. [50/1988](#).

5. gr.

b. (XXXIV.)

Endurgreiða skal mannúðar- og líknarfélögum, íþróttafélögum, björgunarsveitum, landssamtökum björgunarsveita og slysavarnadeildum og einstökum félagseiningum sem starfa undir merkjum samtakanna 100% þess virðisaukaskatts sem þessir aðilar hafa greitt vegna vinnu manna sem innt er af hendi á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu þeirra. Á sama hátt skal endurgreiða þeim aðilum sem falla undir 1. málsl. virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu á slíku mannvirki.

--

Jens Benedikt Baldursson

Dalbraut 21, 300 Akranesi



Nefndasvið Alþingis
B.t. Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Sent með tölvupósti á netfangið
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík 25. mars 2020

Efni: Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 150. löggjafarþing, þskj. 1157 – 683. mál.

1. Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd, dags. 24. mars 2020, þar sem Slysavarnafélaginu Landsbjörg var gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint þingmál.

I. INNGANGUR

2. Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Undir merkjum samtakanna starfa rúmlega 10 þúsund félagsmenn í mismunandi einingum, þ.e. 94 björgunarsveitum, 36 slysavarnadeildum og 48 unglíngadeildum (sem vísað er til sem „**eininga félagsins**“).
3. Starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar og eininga félagsins miðar að því að koma í veg fyrir slys og bjarga mannlífum og verðmætum. Í þeim tilgangi er öflugur hópur sjálfbóðaliða til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring og hafa mörg hundruð sjálfbóðaliðar margoft komið samborgurum sínum til hjálpar, oft við erfiðar og hættulegar aðstæður. Fram kemur í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 43/2003, um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn að „*enginn efast um mikilvægi þessa óeigingjarna og mikla starfs í þágu almannaheilla*“. Þrátt fyrir að meðlimir eininga félagsins séu allir sem einn sjálfbóðaliðar er rekstur öflugra björgunarsveita og slysavarnadeilda afar kostnaðarsamur. Þjálfar þarf björgunarsveitafólk, tæki og tól verða að vera tiltæk og í góðu lagi, húsnæði þarf undir búnað og olíu á tækin. Starfsemi félagsins og einstakra eininga þess er fjármögnuð með sjálfsaflafé, styrkjum og frjálsum framlögum.

4. Ljóst er að heimsfaraldur kórónuveiru mun ekki aðeins hafa áhrif á fjárhags- og rekstrarstöðu einstaklinga og fyrirtækja heldur mun óbeinna áhrifa jafnframt gæta hjá aðilum í þriðja geiranum í þeim tilvikum þar sem rekstur félagasamtaka sem starfa í þágu almannaheilla er að stórum hluta til byggður á styrkjum og frjálsum framlögum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Þegar þessir aðilar, sem hafa staðið undir verulegum hluta tekna Slysavarnafélagsins Landsbjargar og eininga félagsins, eru ekki aflögufærir vegna þeirra efnahagslegu hamfara sem nú geisa er ljóst að þeirra áhrifa mun gæta í rekstri Slysavarnafélagsins Landsbjargar og í rekstri eininga félagsins. Það þýðir þó ekki að minni þörf sé á starfi björgunarsveita og slysavarnadeilda heldur má þvert á móti leiða að því líkum að hlutverk þeirra hafi sjaldan eða aldrei verið eins mikilvægt og nú. Af þeim sökum telur Slysavarnafélagið Landsbjörg að mikilvægt sé að þær mótvægisáðgerðir stjórnvalda sem snúa að því að veita greiðslufrest á ýmsum sköttum og gjöldum verði jafnframt látnar ná til Slysavarnafélagsins Landsbjargar og annarra sambærilegra félaga-samtaka sem starfa í þágu almannaheilla. Þannig er mikilvægt að mótvægisáðgerðir stjórnvalda verði jafnframt látnar ná til Slysavarnafélagsins Landsbjargar og eininga þess til þess að létta undir með þessum aðilum svo hægt sé að viðhalda starfsemi og efla hana í takti við þarfir samfélagsins hverju sinni.

II. ATHUGASEMDIR SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR VIÐ EINSTÖK ÁKVÆÐI

5. Verður nú vikið að athugasemdum Slysavarnafélagsins Landsbjargar við einstakar greinar frumvarpsins.

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 (I. kafli) og lögum um tryggingagjald nr. 113/1990 (II. kafli)

6. Eins og tillögur stjórnvalda í frumvarpinu um frest skatts í staðgreiðslu og staðgreiðslu tryggingagjalds eru útfærðar er ljóst að þær eru fyrst og fremst hugsaðar með þarfir atvinnurekstraraðila sem eiga í tímabundnum rekstrarörðugleikum í huga. Slysavarnafélagið Landsbjörg stundar hins vegar ekki atvinnustarfsemi í eiginlegum skilningi, þ.e. starfsemi er ekki hagnaðardriffin og er fyrst og fremst drifin áfram af sjálfböldaliðum.
7. Það hvort samdráttur verði í rekstrartekjum Slysavarnafélagsins Landsbjargar er vissulega mælanlegt viðmið. Skilgreining frumvarpsins á rekstrarörðugleikum fellur hins vegar illa að starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þannig segir meðal annars í 1. gr. frumvarpsins:

„Ekki er um rekstrarörðugleika að ræða, þótt tekjufall komi til, ef launagreiðandi á nægt eigið fé til að sækja sér lánaþyrngreiðslu á almennum markaði eða á nægt handbært fé til að standa straum af útgjöldum til rekstrar þegar þau falla í gjalddaga. [...]

Greiðslufrestun skv. 1. mgr. Nær ekki til þeirra sem áttu við varanlega rekstrarörðugleika að stríða fyrir upphaf ársins 2020. Varanlegir rekstrarörðugleikar teljast vera til staðar í þessu sambandi ef eigið fé, samkvæmt viðurkenndum reikningskilaaðferðum, var í árslok 2019 neikvætt um fjárhæð sem var hærri en helmingur hlutafjár, stofnfjár eða framlags eiganda.“

8. Sú starfsemi sem Slysavarnafélagið Landsbjörg og einingar þess reka er sérstök í þeim skilningi að ekki er hægt að tala um hlutafé, stofnfé eða framlög eigenda, enda eru engir

eiginlegir eigendur til staðar. Þá er rekstur Slysavarnafélagsins Landsbjargar og eininga þess ekki fjármagnaður með lánsfjármögnun með sama hætti og hefðbundin atvinnurekstrarfyrirtæki þannig að skilyrði um hvort hægt sé að sækja lán á almennan markað á ekki við með sama hætti. Ennfremur er ljóst að Slysavarnafélagið Landsbjörg á umtalsverðar fjárhæðir sem skilgreindar hafa verið sem bundnir sjóðir í reikningum félagsins þar sem ráðstöfun þess fjár er eyrnamerkt tilteknum verkefnum, t.a.m. fjárfestingarsjóður björgunarskipa. Ekki er skýrt hvort litið verði á slíka sjóði sem handbært fé í skilningi frumvarpsins sem kæmi í veg fyrir að Slysavarnafélagið Landsbjörg ætti rétt á þeim mótvægisáðgerðum og greiðslufresti á sköttum og gjöldum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

9. Slysavarnafélagið Landsbjörg telur óvíst að það muni koma til með að falla undir mótvægisáðgerðir stjórnvalda þegar kemur að greiðslufresti á staðgreiðslu skatts af launagreiðslum og tryggingagjaldi. Hins vegar liggur fyrir að efnahagsleg áhrif heimsfaraldurs kórónaveiru mun hafa umtalsverð áhrif á rekstur landssamtakanna og eininga þess. Líklegt verður að telja að önnur félagasamtök sem starfa í þágu almannaheilla séu undir sama hatt sett hvað þetta varðar.
10. Með vísan til framangreinds vill Slysavarnafélagið Landsbjörg hvetja Alþingi til þess að taka til skoðunar að útvíkka gildissvið þessara mótvægisáðgerða þannig að þær nái jafnframt til Slysavarnafélagsins Landsbjargar og annarra félagasamtaka sem starfa í þágu almannaheilla. Jafnvel þótt slíkir aðilar stundi ekki hagnaðardrifinn atvinnurekstur þá hefur starfsemi þeirra sjaldan eða aldrei verið jafn mikilvæg og nú.

* * *

Breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988

11. Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar þeirri miklu réttarbót sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, þótt aðeins tímabundin sé, sem lýtur að endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum í eigu þeirra aðila sem falla undir ákvæðið. Þó telur Slysavarnafélagið Landsbjörg rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum sem lúta að því að skýra með hvaða hætti ákvæðinu verði beitt í framkvæmd.
12. Ljóst er af orðalagi ákvæðisins og ummælum í greinargerð með frumvarpinu að endurgreiðsluheimildin er bundin við þann vinnupátt sem unnin er á byggingarstað við byggingu. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefði mátt ganga lengra og heimila jafnframt endurgreiðslu af efni sem nýtt er við byggingu slíkra mannvirkja. Með því móti hefði verið komið til móts Slysavarnafélagið Landsbjörg, einingar þess og aðra sambærilega aðila sem starfa í þágu almannaheilla, sem eru utan virðisaukaskattkerfisins og njóta þ.a.l. innskattsréttar í tengslum við byggingu, viðhald og framkvæmdir við fasteignir. Hafa því slíkir aðilar sem starfa í þágu almannaheilla verið í lakari stöðu heldur en hagnaðardrifin atvinnurekstrarfyrirtæki sem eiga kost á því að fá fasteignir skráðar sérstakri og frjálsri skráningu og virkja þannig innskattsrétt vegna framkvæmda við slíkar fasteignir.
13. Með vísan til þessa hvetur Slysavarnafélagið Landsbjörg Alþingi til þess að ganga skrefinu lengra og heimila einnig endurgreiðslu virðisaukaskatt af efnisþætti við viðhald, framkvæmdir og byggingu þeirra mannvirkja sem falla undir ákvæðið.

14. Þá er endurgreiðsluheimild ákvæðisins bundin við vinnu sem framkvæmd er á byggingarstað. Eðli máls samkvæmt er þó þjónusta vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu á mannvirki undanskilin því skilyrði að hún þurfi að vera innt af hendi á byggingarstað. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar er ástæða til þess að útvíkka gildissvið þessa ákvæðis. Ljóst er að ýmis vinna getur farið fram í tengslum við byggingu, viðhald og framkvæmdir fasteignar án þess að hún sé framkvæmd á byggingarstaðnum sjálfum. Má þar t.a.m. nefna vinnu við einingahús en ljóst er að umtalsverð vinna fer fram á öðrum stað en byggingarstað áður en einingarnar eru ferjaðar á byggingarstað og settar þar upp. Einnig má í þessu sambandi nefna vinnu við uppsetningu rafmagnstaflna, smíði glugga og hurða, samsetningu innréttinga o.þ.h., sem getur og er jafnvel æskilegt að fari fram að einhverju leyti utan byggingarstaðar. Í báðum þeim tilvikum sem hér hafa verið nefnd er þó ljóst að um er að ræða vinnu sem unnin er og nauðsynleg er í tengslum við byggingu þess mannvirkis sem um ræðir. Því hvetur Slysavarnafélagið Landsbjörg Alþingi til að huga að því að gildissvið ákvæðisins verði ekki takmarkað um of þannig að þættir sem nauðsynlegir eru við byggingu sérhverrar fasteignar verði undanþegnir gildissviði ákvæðisins.
15. Í ákvæði frumvarpsins segir að til þess að aðilar eigi rétt á endurgreiðslu þurfi að vera um að ræða framkvæmdir við mannvirki sem er alfarið í eigu þeirra. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar mætti koma fram með skýrari hætti að um geti verið að ræða fasteign sem er hluti mannvirkis. Er þar átt við að mannvirki getur verið samsett úr mörgum mismunandi matshlutum sem ýmist eru skráðir sérstöku fasteignanúmeri hver um sig. Á þetta t.a.m. um iðnaðarhúsnæði sem skipt er í mörg bil. Er ekki óalgengt að t.a.m. björgunarsveitir eigi hluta af fasteign og eignarhald viðkomandi mannvirkis í heild sé á hendi margra aðila. Þótt það leiði nánast af eðli máls þá mætti skýra þetta frekar til þess að ekki komi til ágreinings um endurgreiðsluheimildir undir ákvæðinu. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar ætti orðalag ákvæðis fremur að vera að einstakir matshlutar eða sérgreind fasteignanúmer séu alfarið í eigu viðkomandi umsækjanda frekar heldur en að vísað sé til mannvirkis.
16. Þá mætti skýra enn frekar við hvað sé miðað þegar vísað er til þess að viðkomandi fasteign (mannvirki) sé alfarið í eigu viðkomandi aðila sem nýtur endurgreiðsluréttar samkvæmt ákvæðinu. Að mati Slysavarnafélagsins Landsbjargar væri það til bóta ef inn í frumvarpið – eða lögskýringagögn með því – kæmi tilvísun til þess að nægjanlegt væri að viðkomandi umsækjandi væri kaupsamningshafi sérgreinds matshluta fasteignar. Verði gert skilyrði um að viðkomandi umsækjandi sé afsalshafi viðkomandi fasteignar (mannvirkis) er ljóst að það mun í einhverjum tilvikum gera aðilum það erfiðara fyrir að nýta þær endurgreiðsluheimildir sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Ástæðan er einfaldlega sú að algengt er að greiðslum sé haldið eftir í tiltekinn tíma og afsal gefið út þegar lokagreiðsla hefur verið innt af hendi. Þar sem um tímabundið ákvæði er að ræða er ljóst að það gæti haft mikil áhrif á rétt einstakra aðila ef ákvæðið yrði skýrt með þeim hætti að umsækjandi þyrfti að vera þinglýstur afsalshafi. Af þeim sökum telur Slysavarnafélagið Landsbjörg rétt að tileikið verði að við skýringu á skilyrði um eignarhald í skilningi ákvæðisins sé átt við að viðkomandi umsækjandi sé þinglýstur kaupsamningshafi fasteignar (mannvirkis) eða sérgreinds matshluta fasteignar
17. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að endurgreiðsla virðisaukaskatts myndi leiðréttingarkvöð innskatts til 10 ára, með öðrum orðum ef viðkomandi mannvirki er selt eða tekið til annarrar notkunar en varðar meginstarfsemi umsækjanda innan framangreinds tíma skal

umsækjandi leiðréttu virðisaukaskatt og endurgreiða ríkissjóði þá fjárhæð sem hann hefur móttakið vegna þess mannvirkis. Í þessu sambandi vill Slysavarnafélagið Landsbjörg koma á framfæri þeirri athugasemd að þetta kann að einhverju leyti að hamla starfsemi björgunarsveita. Tækjabörf og húsnæðiskostur björgunarsveita er í stöðugu endurmati og ræðst af stórum hluta af aðstæðum í samfélaginu hverju sinni m.t.t. þess hver þörfin er á hverjum tíma. Það er því ekki útilokað að á slíku 10 ára tímabili hafi orðið verulegar breytingar er lúta að starfsemi og þeim tækjabúnaði sem henni fylgir, t.a.m. að viðkomandi húsnæði sé orðið of lítið. Slíkt getur haft í för með sér að endurskoða þurfi húsnæðiskost viðkomandi félagseininga sem þá hefðu – vegna áður nefndrar leiðréttingarkvaðar innskatts – takmarkaða möguleika til að bregðast við slíkum breyttum aðstæðum. Því leqqur Slysavarnafélagið Landsbjörg til að leiðréttingakvöð innskatts verði annað hvort stytt og látin gilda í 5 ár eða að umsækjendum um slíkar endurgreiðslur verði heimilt að taka slíka leiðréttingakvöð innskatts með sér og færa hana á milli fasteigna ef til þess kemur að breyttar aðstæður krefjist þess að endurskoða þurfi húsnæðiskost viðkomandi aðila.

Að öðru leyti gerir Slysavarnafélagið Landsbjörg ekki frekari athugasemdir við frumvarpið enda var skammur tími gefinn til umsagnar. Það skal þó tekið fram að Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar framlagningu þess, einkum og sér í lagi m.t.t. þeirrar réttarbótar sem það felur í sér í tengslum við endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við byggingu, viðhald og framkvæmdir fasteigna. Þá eru fyrirvarsmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar og fara með ítarlegri hætti yfir sjónarmið félagsins.

Virðingarfyllt

f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Jón Svanberg Hjartarson,
framkvæmdastjóri

Reykjavík, 24. mars 2020

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (þskj. nr. 1157 í 683. máli).

Frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (þskj. nr. 1157 í 683. máli) hefur verið yfirfarið á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og vilja samtökin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Endurgreiðslur virðisaukaskatts til byggjenda íbúðar- og frístundahúsnæðis (a-liður 5. gr.).

Í a-lið 5. gr. frumvarpsins er í raun gert ráð fyrir því að hið vel heppnaða átaksverkefni „Allir vinna“ verði endurreist a.m.k. að hluta og heimilað verði að endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað.

Auðsætt er að fjárfesting í atvinnuhúsnæði mun raskast verulega á næstu mánuðum. Þá er jafnframt afar líklegt að slík fjárfesting taki afar hægt við sér að nýju þegar um hægist, m.a. þar sem gera verður ráð fyrir að það taki tíma og vinnu fyrir atvinnulífið að ná nýtingu upp að nýju. Í greinargerð frumvarps til fjárukalaga 2020 er m.a. tekið fram að meðal fyrirsjáanlegra afleiðinga af heimsfaraldri COVID-19 verði umtalsverður samdráttur í íbúðafjárfestingu.

Samkvæmt upplýsingum SVP liggja fyrir hjá stærstu aðilunum í innflutningi byggingarefna birgðir af byggingarefni sem nemur að verðmæti 8–10 milljörðum kr. Við það bætast birgðir hjá minni aðilum t.d. parket, flísar, hurðir o.s.frv. Verulega er hætt við að byggingarefnið nýtist ekki á næstunni.

Byggingargeirinn er nokkuð vel í sveit settur til þess að fást við varnaðaraðgerðir vegna COVID-19. Unnið er úti undir beru lofti og einfalt ætti að vera að takast á við að halda æskilegu bili milli manna á verkstað. Um þessar mundir er verulega mikilvægt að halda slíkri starfsemi úti. Má t.d. benda á að möguleikar iðnaðarmanna til að leita vinnu utanlands, eins og tíðkaðist ríkulega í kjölfar hrunsins, eru afar takmarkaðir.

Hafa ber í huga að byggingar eru varanleg verðmæti og viðhalda þeirra er í raun viðhald eignastofns landsmanna. Að lífeyrissjóðum slepptum eru fasteignir helstu eignir Íslendinga.

Að mati SVP er verulegt tilefni til þess að láta ákvæði a-liðar 5. gr. frumvarpsins ná til byggingarefnis ekki síður en vinnu á byggingarstað íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis.

Frestun gjalddaga fasteignskatts (11. gr.).

Í 11. gr. er lagt til að gjaldendum fasteignskatta sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignskatts.

Hreint út sagt er þetta einfaldlega ekki nóg.

Gjaldstofn fasteignskatta á atvinnuhúsnæði er fasteignamatið, sem á liðnum árum hefur hækkað gríðarlega á grundvelli breyttrar aðferðarfræði Þjóðskrár þar sem sögð er eiga að endurspegla tekjuvirði eignanna. Fasteignamat ársins 2021 byggir á stöðu mála í febrúarmánuði 2020.

Á yfirstandandi ári blasir við að tekjur í ferðaþjónustu hrynja og kemur það skarpt fram í rekstri hótela og annarra gististaða, veitingaþjónustu, ferðamannaþjónustu af margvíslegum toga og eins í verslun almennt en áhrif tekjufallsins hríslast um allt atvinnulífið vegna þverrandi eftirspurnar um allan heim. Það er því full tilefni til þess að endurskoða álagningu fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði og lækka það þegar á þessu ári.

Í þessu sambandi verður jafnframt að gjalda varhug við þeirri kröfu sveitarfélaganna að þeim verði tryggt lögveð í fasteignum fyrir frestuðum fasteignagjöldum. Umfang fasteignagjalda er orðið slíkt að það rýrir veðhæfi eignar. Frestun á greiðslu fasteignagjalda mun verða til þess að veðkröfur sem verða í reynd ótryggðar að þeim hluta sem svarar til frestunar fasteignagjalda. Möguleikar til lántöku rýrna þá að sama skapi og það er til þess fallið að draga enn frekar úr fjárfestingu.

Mikilvægt er að tryggja að þau fyrirtæki sem leigja húsnæði undir starfsemi sína verði ekki lakar sett en þau sem eiga eigin húsnæði. Til þess þarf að kveða skýrt á um rétt fasteignafélaga sem leigja út atvinnuhúsnæði til að sækja um lækkanir og/eða frestun á greiðslum fasteignagjalda af húsnæði sem er í útleigu til félaga sem verða fyrir verulegu tekjufalli enda komi lækun og eða frestun viðkomandi leigutaka til góða í eftirgiöf eða frestun á leigugreiðslu.

Í öllu falli leggja SVP til að fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði lækkuð sem svarar ¼ hluta og að það verði gert með niðurfellingu tveggja gjalddaga og lækun þess þriðja. Með þeim hætti gengi til baka marktækur hluti þeirrar hækkunar sem orðið hefur á gjaldstofni fasteignagjalda síðustu 5 ára.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (Mál nr. 683).

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að veita þessu mikilvæga og tímabæra máli umsögn. Ráðið hefur þessu tengt jafnframt skilað inn umsögn um fjárukalög til fjárlaganefndar.¹

Þegar þetta er skrifað hefur kórónuveiran þegar raskað heimshagkerfinu og stendur íslenskt efnahagslíf frammi fyrir bráðavanda. Íslensk fyrirtæki gera allt sem í þeirra valdi stendur til að taka á þessum vanda og róa mörg þeirra lífróður. Því er gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld grípi til umfangsmikla aðgerða til að takmarka áhrif kórónuveirunnar á íslenskt efnahagslíf meðan faraldurinn gengur yfir og stuðli að því að efnahagslífið nái aftur jafnvægi sem fyrst.

Viðskiptaráð fagnar því þeim fjölþættu tillögum sem frumvarpið felur í sér, sem stuðla að því markmiði að verja afkomu fólks og fyrirtækja í landinu og vernda grunnstoðir samfélagsins. Þá ber einnig að fagna yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar að meira verði gert til að takast á við þetta ástand og að mikilvægt sé að gera meira en of lítið í aðstæðum sem þessum. Ráðið hefur þó nokkrar ábendingar.

- Allt bendir til þess að þörf sé á frekari aðgerðum
- Greiðslufrestir og skuldsetning fyrirtækja eru takmörkunum háð
- Afnema ætti tryggingagjaldið tímabundið
- Fresta ætti innheimtu virðisaukaskatts
- Fasteignaskatta þarf að afnema tímabundið

Allt bendir til þess að þörf sé á frekari aðgerðum

Þó að hér sé um nauðsynleg skref að ræða breytist staðan hratt og lyklatríði er að stjórnvöld sýni mikinn sveigjanleika á næstu vikum. Það blasir við að íslenska hagkerfið er á leið inn í niðursveiflu – spurningin er einungis hversu djúp og löng hún verður. Til að átta sig á samhenginu er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að reikna með efnahagssamdrætti í ár sem jafnast í besta falli á við fjármálakreppuna.² Framtíðarhorfur eru mjög óljósar og þó Ísland standi að mörgu leyti vel og allar forsendur séu fyrir því að komast vel í gegnum þetta efnahagsáfall, er útlitið mjög dökkt til skemmri tíma.

¹ Umsögn Viðskiptaráðs um fjárukalög: <https://www.vi.is/umsagnir/frekari-fjarauka-thorf>


² Yfirlýsing Kristalina Georgieva, framkvæmdastjóra AGS 23. mars 2020: <https://www.imf.org/en/News/Articles/2020/03/23/pr2098-imf-managing-director-statement-following-a-g20-ministerial-call-on-the-coronavirus-emergency>

Því verða stjórnvöld og löggjafinn að vera í viðbragðsstöðu og tilbúin að grípa fljótt inn í þegar þörf krefur. Það getur reynst mjög kostnaðarsamt seinna meir ef gripið er til of vægra eða síðbúinna ráðstafana. Í ljósi þess hve hratt og harkalega kórónuveiran er að lama íslenskt atvinnulíf, m.a. vegna viðtæks samkomubanns, blasir við að ganga þarf mun lengra ef ekki á illa að fara.

Aðgerðir stjórnvalda nema 7,8% af landsframleiðslu (VLF). Af þeim eru 6,7% sem snúa að beinum krísuviðbrögðum og 1,1% sem telja má þá til viðspyrnaaðgerða. Af þeim 6,7% sem fara í að bregðast við krísunni eru 5,2% lánveitingar til atvinnulífsins, 0,3% úttektarheimild á séreignarsparnaði og 1,2% eru opinber útgjöld. Það þýðir jafnframt að bein skuldsetning fyrirtækja eykst um 5,2% af VLF eingöngu í tengslum við aðgerðir stjórnvalda en skuldsetning mun vafalaust aukast af öðrum sökum einnig.

Mynd 1

Aðgerðir stjórnvalda eru að meginhluta lánveiting til atvinnulífs Milljarðar króna og prósent af VLF



¹Samtala greiðslufresta á opinberum gjöldum og brúarlána til atvinnulífs að frátalinni niðurfellingu bankaskatts

Heimild: Kynning stjórnvalda Viðspyrna fyrir Ísland

Í því samhengi er mikilvægt að horfa til aðgerða annarra ríkja og hafa hugfast að nauðsynlegt er að gera meira heldur en minna. Sá aðgerðarpakki stjórnvalda er kynntur var á laugardaginn er um margt líkur þeim aðgerðum sem ríkisstjórnir á Norðurlöndunum hafa nú þegar kynnt til leiks. Viðskiptaráð telur þó mikilvægt að hafa í huga að ríki í kringum okkur kynntu sínar aðgerðir rúmlega viku fyrr en íslensk stjórnvöld og eru nú þegar búin að uppfæra einhverjar af sínum aðgerðum eða eru að endurskoða þau í ljósi síbreytilegrar stöðu. Þá eru sum hver að átta sig á því að það sé ekki endilega skynsamlegasta leiðin til að styðja við fyrirtæki að láta þau skuldsetja sig meira heldur þurfi beinni og markvissari stuðning.

Í Danmörku mun til að mynda ákveðin fjárhæð renna beint til fyrirtækja – ekki í formi lána líkt og við sjáum hérlandis. Danir ætla að veita fyrirtækjum sem missa 40% eða meira af tekjum sínum styrki sem nema 25-80% á föstum kostnaði þeirra. Þetta eitt og sér er talið kosta 2% af landsframleiðslu (VLF). Þá fá sjálfstætt starfandi og fyrirtæki með 10 eða færri starfsmenn sem sjá tekjur minnka um meira en 30% allt að 75% af tekjum sínum greiddar frá ríkinu. Þessir styrkir eru í boði í þrjá mánuði og eru ekki lán eða frestanir, heldur bein fjárframlög frá ríkinu til fyrirtækja vegna bráðavanda kórónuveirunnar.

Fleiri ríki eru að skoða þennan möguleika. Þá mætti einnig nefna þá leið er norsk stjórnvöld kynntu sem felur í sér heimild til að draga tap ársins frá hagnaði fyrri ára og stofna þannig til endurgreiðslukröfu á ríkið, þ.e.a.s. fá endurgreiddan tekjuskatt frá fyrri árum.

Greiðslufrestir og skuldsetning fyrirtækja takmörkunum háð

Í upphafi skal endinn skoða og ljóst er að þær aðgerðir sem gripið er til nú munu hafa töluverð áhrif á samsetningu efnahagsreiknings stórs hluta fyrirtækja á Íslandi. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda gagnvart atvinnulífinu eru að stofni til lánafyrirgreiðsla og frestun gjalddaga opinberra gjalda sem koma á skuldadaga síðar meir. Það hefur í för með sér að fyrirtæki, sem komast þó í gegnum þær þrengingar sem nú standa yfir, munu mörg hver hafa gengið verulega á eigið fé sitt og skulda hlutfallslega mikið. Mikil skuldsetning getur dregið úr fjárfestingargetu fyrirtækja þegar rofa fer til, sem aftur getur dregið úr viðspyrnuhraða hagkerfisins þegar fram í sækir.

Á sama tíma og Viðskiptaráð fagnar þeim tillögum sem eru fram komnar bindur ráðið vonir við frekari aðgerðir af hálfu hins opinbera sem felur í sér eftirgjöf á opinberum gjöldum og tryggja að fjárfestingargeta atvinnulífsins sé varin eftir fremsta megni. Það er að mati ráðsins ekki skynsamlegt til lengri tíma að stefna fólki og fyrirtækjum í of mikla skuldsetningu vegna atburða sem birtast okkur eins og þessar óviðjafnanlegu náttúruhamfarir.

Afnema ætti tryggingagjaldið tímabundið

Frumvarpið felur m.a. í sér greiðslufrest á allt að þremur greiðslum staðgreiðslu og tryggingagjalds á tímabilinu 1. apríl 2020 til 1. desember 2020. Þrátt fyrir að Viðskiptaráð telji þessa ráðstöfun af hinu góða telur ráðið að að réttast væri að afnema a.m.k. hluta þessara greiðslna tímabundið og má þá sérstaklega horfa á tryggingagjaldið.

Tímabundið afnám tryggingagjaldsins væri hnitmiðuð ráðstöfun sem auðveldar fyrirtækjum að sporna gegn atvinnuleysi. Áætlaðar heildartekjur ríkisins af tryggingagjaldi samkvæmt fjárlögum eru 102 ma. kr. Beinn kostnaður ríkisins af afnámi tryggingagjalds í þrjá mánuði (mars, apríl og maí) næmi 18 ma. króna. Ljóst er að forsendur fjárlaga eru brostnar vegna faraldursins, líkt og fjallað er um í umsögn Viðskiptaráðs um fjárukalög, og tekjur af tryggingagjaldi verða minni. Ríkið getur aftur á móti spornað gegn varanlegu tekjutapi með því að létta tímabundið undir fyrirtækjum. Lykilatriðið er að tímabundið afnám tryggingagjaldsins myndi hjálpa fyrirtækjum að að halda í starfsfólk sem annars hefði þurft að segja upp, einkum í mannaflsfrekum atvinnugreinum, t.d. ferðaþjónustu og hugvitsdrifinni starfsemi.

Fresta ætti innheimtu virðisaukaskatts

Viðskiptaráð telur mikilvægt að skilum virðisaukaskatts almennt sé frestað í heild eða að hluta samhliða frestun annarra opinberra gjalda. Stjórnvöld í Danmörku, Svíþjóð, Belgíu og Frakklandi hafa til að mynda gripið til frestunar á innheimtu virðisaukaskatts. Í Danmörku er virðisaukaskatti og fyrirtækjasköttum t.a.m. frestað í allt að ár. Virðisaukaskattur er stærsti einstaki skattstofn ríkisins og því verulegar fjárhæðir að í húfi fyrir fyrirtæki – tímabundin frestun á greiðslu hans skapar mikilvægt svigrúm fyrir fyrirtæki þegar spáð er að veiran nái hámarki sínu.

Fasteignaskattar verði afnumdir tímabundið

Mikilvægt er að þau úrræði sem gripið verður til nýtist sem best og dreifist sem víðast í öllum skilningi. Því er einnig þörf á aðgerðum af hálfu sveitarfélaganna. Þegar hafa ýmsar hugmyndir verið lagðar fram á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga, en í frumvarpinu er meðal annars lögð til heimild til frestunar á gjalddögum fasteignaskatts. Viðskiptaráð leggur áherslu á að sveitarfélög hlaupi með öflugum hætti undir bagga með fyrirtækjum og starfsfólki þeirra. Því hvetur ráðið til þess að frekara tillit verði tekið til fjölbreytileika sveitarfélaga og heimildir verði meðal annars veittar til að gefa afslátt eða endurákvarða skattþrósentu fyrir þetta ár fyrir þau sveitarfélög sem það kjósa, ekki síst með

hagsmuni ólíkra fyrirtækja í huga sem starfa víðsvegar um landið (um þessi atriði er nánar fjallað í umsögn Skorradalshrepps dags. 23. mars 2020).

Að mati Viðskiptaráðs er ekki nægilega langt gengið með frestun gjalddaga fasteignaskatta. Sum sveitarfélög gætu viljað ganga lengra eða nýta sértækari leiðir og mikilvægt er að þeim sé eftirlátið frelsi til þess við þessar aðstæður. Sveitarstjórnir þurfa að geta gengið eins langt og þörf er á eins og forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa gefið út að þeir muni gera, en það er mikilvægt að mati Viðskiptaráðs að sveitarfélögin stígi inn í og afnemi fasteignaskatt tímabundið. Nauðsynlegt er að löggjafinn búi svo um að sveitarfélögunum geti að grípa til slíkra aðgerða.

Að lokum

Viðskiptaráð áréttar að viðbrögð við ástandinu þurfa að vera skjót og meginreglan þarf að vera að gera meira en minna. Sá kostur verður alltaf fyrir hendi, að draga úr aðgerðum þegar staðan batnar, en það sama verður ekki sagt um skaðann, sem samkvæmt dekkstu sviðsmyndum gæti tekið langan tíma að laga. Það er einnig mikilvægt að tíma og orku sé forgangsraðað hverju sinni þannig að þær almennu aðgerðir séu í forgangi sem gagnast við að bregðast við þeirri bráðakrísu sem steðjar að á næstu vikum, jafnvel þótt einnig sé mikilvægt að líta til næstu mánaða og ára. Í því samhengi bendir Viðskiptaráð einnig á þær athugasemdir sínar sem lagðar hafa verið fram í umsögn sinni við fjárukalög.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur til þess að tryggingagjaldið verði afnumið tímabundið og að frestur verði veittur á greiðslu virðisaukaskatts. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er reiðubúið að skýra þessa umsögn nánar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,


Ásta S. Fjeldsted
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Velferðanefnd Alþingis

Nefndarsviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Þingskjal 1157 - 683. mál.

Almennt um ástandið og áherslur sem vantar inn í frumvarpið

Það er ekki að ástæðulausu sem slagorð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er „leave no one behind“, því tilhneigingin er oft hjá stjórnvöldum að skilja eftir jaðarsetta hópa samfélagsins við ákvarðanatöku sína. Nú þegar við stefnum hraðbyri í djúpa efnahagskreppu af völdum Covid-19, er afar mikilvægt að stjórnvöld skilji ekki jaðarsetta hópa eftir. Aðgerðum ríkisstjórnarinnar er ætlað að veita viðspyrnu í efnahagskreppunni. Í því ljósi er mikilvægt að minnst þess að Alþjóðabankinn hefur, með rannsóknum, sýnt fram á að stuðningur við lágtekjuhópa er besta leiðin til þess að koma hjólum atvinnulífsins af stað.¹ Þetta er ákaflega mikilvægt sérstaklega þar sem verðbólga mun aukast, og ef ekkert verður að gert, og stuðningur við örorkulífeyrisþega aukinn verulega, mun það verða til þess að hópur fólks verður skilinn eftir í frekari fátækt og samfélagslegt tap verður enn meira. Stjórnvöld verða að fara að átta sig á því hvað setningin „leave no one behind“ raunverulega þýðir.

Í fjárukalögum er hvergi að sjá að bregðast eigi við stöðu örorkulífeyrisþega. Fólks sem upp til hópa er gert að búa við afar bág kjör. Örorkulífeyrisþegar þurfa margir hverjir að velja hvernig þeir verja þeim lífeyri sínum sem algengt er að ná ekki 230.000 kr. á mánuði útborguðum. Fólk

¹ <https://www.theguardian.com/business/2015/jun/15/focus-on-low-income-families-to-boost-economic-growth-says-imf-study>
<https://www.imf.org/external/np/fad/inequality/>

reynir fyrst og fremst að tryggja sér heimili og greiða leigu, sú greiðsla tekur um og yfir helming framfærslufjárins. Bjargir þessara einstaklinga sem berjast í bökkum, heilsulausir og/eða fatlaðir, eru ýmsar hjálparstofnanir sem úthluta matargjöfum, sumir búa að því að ættingjar reyni eftir fremsta megni að aðstoða með því að færa björg í bú, þó flestir eiga nóg með sig.

Á tímum þar sem kórónaveira geysar og leggst jafnt á alla þjóðfélagshópa, er sú skylda stjórnvalda að horfa sérstaklega til þeirra sem bágast standa í samfélaginu, ríkari. Stjórnvöld sem í meira en áratug hafa látið hjá líða að bæta fjárhagslega stöðu öryrkja verða nú að bæta fyrir það. Örorkulífeyrir er í sögulegu lágmarki langt undir framfærsluviðmiðum og skerðingar, þær mestu sem nokkurn tíman hafa verið lagðar á hér á Íslandi, voru lagðar á öryrkja. Stjórnvöld verða að bregðast við og bæta nú það sem bágst hefur farið í stjórnartíðum margra ríkisstjórna frá hruni. Sárafátækt er veruleiki öryrkja í dag, nokkuð sem við Íslendingar viljum ekki að þrífist hér og margir trúa að sé ekki raunveruleg. Hún er það samt, svo hræðilega raunveruleg fjölmörgu fólki. Fólki sem eru fjölskyldur, börn og einstaklingar. Fólk sem að stórum hluta getur ekki unnið vegna fötlunar eða veikinda. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hafa bent á aðgerðir sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja réttindi og hagsmuni fatlaðs fólks í faraldrinum. Sérstakur skýrslugjafi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur bent á mikilvægi þess að stjórnvöld skilji ekki fatlað fólk eftir í aðgerðum sínum. Allir þessir aðilar benda á mikilvægi þess að tryggja áfram þjónustu, fjárhagslegan stuðning við fatlað fólk og aðstandendur. ÖBÍ tekur undir með Sameinuðu þjóðunum, Sérstökum skýrslugjafa Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og skorar á stjórnvöld að taka utan um þennan hóp og bæta stöðuna!

Fatlað og langveikt fólk er margt hvert komið í sjálfskipaða heimasóttkví um óákveðinn tíma. Margir hafa haft þann hátt á að nýta alla mataraðstoð og matarúthlutanir sem fengist hafa, til að geta dregið fram lífið. Nú bregður svo við að viðkvæmt fólk getur ekki sótt sér mat eða lyf. Öryrkjar hafa ekki efni á að versla í dýrari búðum sem bjóða heimsendingu gegn gjaldi. Fólk verður að hafa aðgang að lyfjum og svo eru það þríf bæði á heimilum fólks, þvottur og persónuleg hreinlæti. Margir þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þegar dagvistunarúrræði og önnur úrræði loka verður að vera hægt að þjónusta fólk heima.

Þá er ónefnd aðstoð við foreldra fatlaðra barna, og aðstoð við fjölskyldur fatlaðra fullorðinna einstaklinga. En aukið álag er á heimili þessara hópa, hvaða aðgerðir eru stjórnvöld að að hugsa og setja í framkvæmd varðandi þessa hópa?

Athugasemd við 7.gr. frumvarpsins

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. 7. gr. Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögnum orðast svo:

Við hefur verið bætt setningunni:

„Útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt, atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 22. gr. laga nr. 22/2006.“

Allar þessar breytingar fela í sér skýran texta um að útgreiðslan eigi ekki að hafa áhrif á greiðslur almannatrygginga, félagslegrar aðstoðar og aðrar greiðslur. Afar jákvætt er að komið sé nú skýrt ákvæði um þetta. ÖBÍ hefur í áraraðir bent á að framkvæmd TR hefur verið sú að þessar greiðslur hafi áhrif á greiðslur almannatrygginga, hafa áhrifin verið sú að hafa 100% skerðingaráhrif í gegnum sérstaka framfærsluuppbót og sparnaður einstaklinga þar með nýttur til að spara ríki greiðslur. Þetta er ólíðandi og því jákvætt að sjá breytingu í þessa átt. Bent er hér á að farsælast væri að tryggja með almennu ákvæði, þ.e. ekki bráðabirgðaákvæði þar sem, tryggt verður að útgreiðsla séreignarsparnaðar hafi ekki áhrif á greiðslur almannatrygginga og félagslega aðstoð.

Lokaorð

Forsætisráðherra hefur líkt þessu ástandi við stríðsástand, sagan kennir okkur að í slíku ástandi vill veikasti og varnarlausasti hópurinn gleymast. Hvernig eru önnur lönd að taka utan um þennan hóp?

Skiljum engan eftir! Við hvetjum stjórnvöld til að horfa sérstaklega til aðgerða til verndar viðkvæmustu hópum samfélagsins, og bæta hag þeirra hópa í því ástandi sem nú ríkir.

ÖBÍ er tilbúið að gera grein fyrir umsögn sinni og sjónarmiðum sem varða mannréttindi og þarfir fatlaðs fólks við meðferð og afgreiðslu frumvarpsins sé þess óskað.

Ekkert um okkur án okkar.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður ÖBÍ